



Konur og velferð í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi

*Karin Jóhanna L. Knudsen, MarieKathrine Poppel
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir*

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (red)

Konur og velferð í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi

TemaNord 2010:581

© Nordisk Ministerråd, København 2010

ISBN 978-92-893-2130-3

Prentun: Kailow Express ApS

Kápu mynd: Image Select

Upplag: 270

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu. Ritið má panta á www.norden.org/order. Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Norræna ráðherranefndin styrkti útgáfu skýrslunnar. Efni skýrslunnar endurspeglar þó ekki endilega sjónarmið, stefnu eða meðmæli Norrænu ráðherranefndarinnar.

Printed in Denmark



Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Formáli | 7 |
| Samantekt | 9 |
| Inngangur | 11 |
| 1. Konur og velferð í Færeyjum | 13 |
| <i>Karin Jóhanna L. Knudsen</i> | 13 |
| 1.1. Inngangur | 13 |
| 1.2. Velferðarkerfi | 14 |
| 1.3. Aðferð | 17 |
| 1.4. Konur flytja | 18 |
| 1.5. Velferðarstefna í verki..... | 23 |
| 1.6. Efnahagslegt jafnrétti | 29 |
| 1.7. Lífsgæði | 32 |
| 1.8. Lokaorð | 34 |
| 1.9. Heimildaskrá | 35 |
| 2. Konur og velferð á Grænlandi | 37 |
| <i>MarieKathrine Poppel</i> | 37 |
| 2.1. Inngangur | 37 |
| 2.2. Hreyfanleiki kvenna og ástæður brottflutnings..... | 42 |
| 2.3. Lífsgæði kvenna | 47 |
| 2.4. Opinbera velferðarkerfið | 55 |
| 2.5. Jafnrétti..... | 59 |
| 2.6. Meginviðhorf og samantekt..... | 60 |
| 2.7. Heimildaskrá | 62 |
| 3. Konur og velferð á Íslandi | 65 |
| <i>Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir</i> | 65 |
| 3.1. Inngangur | 65 |
| 3.2. Búseta | 66 |
| 3.3. Lífsgæði | 69 |
| 3.4. Hið opinbera velferðarkerfi | 76 |
| 3.5. Jafnrétti kynjanna | 84 |
| 3.6. Samantekt..... | 89 |
| 3.7. Lokaorð | 91 |
| 3.8. Heimildaskrá | 92 |
| Viðauki – Tryggingakerfi | 97 |

Formáli

Josef Motzfeldt, formaður Vestnorræna ráðsins og grænlandska landsþingsins

Velferð er jafnan ofarlega á dagskrá í stefnumótun vestnorrænu þjóðanna. Tiltölulega mikil eining hefur ríkt þvert á flokka og í opinberri umræðu, bæði á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi, um mikilvægi þess að byggja upp víðtækt velferðarþjóðfélag í löndunum. Í vestnorrænu samstarfi sem og í samstarfi allra norrænna þjóða er lögð áhersla á viðamikilið samstarf um velferðarmál til þess að greiða veg aukinnar velferðar í löndunum enn frekar.

Jafnrétti er einn hornsteinn velferðarsamfélagsins. Vestnorrænu löndin og hin norrænu ríkin hafa náð langt í jafnréttismálum. En þrátt fyrir miklar framfarir á mörgum sviðum er mikið verk óunnið þar til við getum haldið því fram að jafnrétti sé náð.

Rannsóknir sýna m.a. að fleiri konur en karlar flytjast brott frá jaðarsvæðum og eru karlar því fjölmennari en konur á Vestur-Norðurlöndum. Afar mikilvægt er að gera sér grein fyrir ástæðum vandamála af þessum toga. Þannig er hægt að bregðast við honum en það gerir yfirvöldum einnig kleift að grípa til aðgerða til að snúa þróuninni. Þetta er eitt efna sem fjallað er um í riti þessu.

Ein mikilvægasta forsenda þess að hægt verði að efla velferðasamfélagið eru einmitt rannsóknir á orsökum vandans og leiðir til að leysa hann. Þegar ríki standa andspænis mikilvægum og oft á tíðum kostnaðarsömum ákvarðanatökum á sviði velferðar, skiptir sköpum að geta stuðst við vandaðar og viðamiklar rannsóknir. Rannsóknir sem unnar eru í alþjóðlegu samstarfi hafa aukið vægi því fræðimenn læra hver af öðrum rétt eins og þjóðirnar læra af reynslu, þekkingu og hæfni hver annarrar.

Vestnorræna ráðið hefur löngum lagt áherslu á þessa hugsun og hvatt til aukinna rannsókna og menntunar á svæðinu auk þess sem ráðið hefur hvatt norrænar samstarfsstofnanir og verkefni til að beina aukinni athygli að þessum hluta Norðurlanda.

Rítið sem hér liggur fyrir greinir einmitt frá niðurstöðum norræns verkefnis þar sem virt félagsvísindafólk á Vestur-Norðurlöndum tók höndum saman um að rannsaka mikilvægan hluta af þeim verkefnum sem blasa við okkur í velferðarmálum. Rítið er mikilvægt framlag til að átta okkur á þeim verkefnum sem bíða okkar og hvaða lausnir séu vænlegar til árangurs.

Ég vil þakka Norrænu ráðherranefndinni og embættismannanefnd hennar um jafnréttismál fyrir að fjármagna verkefnið og útgáfu þessa rits, og fræðimönnunum fyrir að sjá af tíma sínum til að kryfja þessi mál til mergjar.

Samantekt

Vestnorrænu ríkin vilja oft gleymast í norrænum samanburðarránsóknum um velferðarmál og erfitt er að finna styrki til vestnorrænna ránsókna. Þó er vitað að vestnorrænu velferðarkerfin eru að mörgu leyti frábrugðin því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Til dæmis hafa yfirvöld á Vestur-Norðurlöndum tekið mjög ólíkt á jafnréttis- og velferðarmálum en yfirvöld í öðrum norrænum ríkjum. Að sumu leyti eru vestnorrænu þjóðirnar samstíga um velferðarmál og lífskjör. Að öðru leyti hafa þjóðirnar staðið frammi fyrir ólíkum verkefnum og gripið því til ólíkra úrræða í velferðarmálum.

Fleiri konur en karlar hafa kosið að flytjast brott frá norðlægum jaðarsvæðum. Ýmsar heimildir benda til þess að einkum ungum konum sem flust hafa frá jaðarsvæðum reynist erfitt að flytja heim aftur. Vinnumarkaður þykir karllægur, framboð á menntun takmarkað og fátt um kven- og fjölskylduvæn velferðarúrræði.

Í ljósi þessa var ráðist í ránsóknarverkefnið sem hér er kynnt. Verkefnið skilgreinir velferðarmál sem talin eru skipta máli fyrir ungar konur í löndunum þremur, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi, sem geta eflt stöðu kvenna á Vestur-Norðurlöndum og aukið jafnrétti kvenna og karla. Í verkefninu höfum við greint opinberar upplýsingar og tekið rýnihópaviðtöl við fimm mismunandi samsetta kvennahópa í hverju landi fyrir sig. Í hverjum hópi eru að meðaltali fimm konur en alls voru tekin viðtöl við 75 konur.

Í færeyska hluta ránsóknarinnar er bent á að veikbyggð formleg kerfi komi í veg fyrir að opinberar stofnanir geti komið til móts við hagsmuni og kröfur sem borgararnir gera til opinbers velferðarkerfis. Eins sýnir ránsóknin að konur eru mjög háðar ættartengslum og parasamböndum og að í velferðarkerfinu sé fremur litið á þær sem fjölskyldumeðlimi en einstaklinga. Þetta kemur hvað skýrast í ljós hjá einhleypum konum með börn. Þær verða hreinlega að reiða sig á fjárhagsaðstoð fjölskyldunnar. Ránsóknin afhjúpar valþröng sem stöðugt gerir vart við sig hjá færeyskum konum. Þær gera sér vel grein fyrir þeim tækifærum og réttindum sem bjóðast þeim í danska velferðarríkinu og telja það miklu betra en færeyska kerfið. Á móti koma nán tengsl við ættingja og vini í Færeyjum sem konurnar telja öruggan stað fyrir börnin að alast upp. Þá kemur greinilega í ljós í ránsókninni að jafnréttisbarátta færeyskra kenna fer að mestu leyti fram innan fjögurra veggja heimilisins.

Konur í rýnihópunum, sem eru búsettar í Nuuk á Grænlandi en við mismunandi aðstæður, telja að konur flytjist á brott í leit að menntun, starfsþjálfun og atvinnu. Betra aðgengi að læknisránsóknum og lækningum og meira framboð af tómstundaiðju og menntun barnanna hefur áhrif á hvar þær velja að setjast að. Konurnar láta í ljósi að hið opinbera gæti bætt lífsgæðin með því að veita leiguhúsnæði forgang og styðja betur við bakið á

barnshafandi konum, bæði fjárhagslega og með gæslu barna. Þá nefna þær að góðir skólar fyrir börnin, betri lækniþjónusta og sjúkratryggingar á vinnustað óháð stöðu geti aukið lífsgæðin. Konurnar sem rætt var við gáfu einnig til kynna að lífsgæði fælust í fjölgun umönnunardaga fyrir foreldra og meiri tíma fyrir fjölskylduna óháða stöðu foreldranna á vinnumarkaði. Þær töldu einnig að fæðingarorlof fyrir karla og konur hefðu helst áhrif á jafnrétti kynjanna.

Á Íslandi var tímaþröng, streita og efnishyggja ofarlega í huga þeirra kvenna sem rætt var við. Orsakirnar eru í senn kerfislægar og huglægar. Meðal kerfislægra ástæðna bentu þær á langan vinnutíma og háa fæðingartíðni. Meðal huglægra ástæðna nefndu þær efnishyggju, ójöfnuð kynjanna og þá lotningu sem borin er fyrir mikilli launavinnu. Hugmyndir þátttakenda um skilvirkt og öflugt velferðarkerfi voru mjög á eina leið. Þær lögðu áherslu á að velferðarkerfið ætti að jafna tækifæri kvenna og karla á vinnumarkaði, og tækifæri fólks almennt. Auka bæri fæðingarorlof og rétt foreldra til fjarveru í veikindum barna. Á grunnskólastigi væri einkum aðkallandi að bæta ástandið á frístundaheimilum. Allir rýnihóparnir gagnrýndu lágan barnabætur og þá stefnu stjórnvalda að nánast allar tekjur skertu bæturnar, með þeim afleiðingum að fæstir foreldrar fá greiddar barnabætur. Þá var bent á nauðsyn þess að öldrunarþjónusta væri sveigjanleg og tæki meira mið af þörfum einstaklingsins en nú er raunin. Konurnar bentu á að launamunur karla og kvenna skapaði ójöfnuð milli kynjanna, réði verkaskiptingu á heimilum og héldi lífi í hefðbundnar staðalmyndir kynjanna. Að rjúfa þyrfti þennan vítahring.

Í viðtölunum við 75 vestnorrænar konur reyndist margt líkt en einnig ólíkt. Sameiginlegt með vestnorrænu þjóðunum er að opinber stefna í velferðar- og fjölskyldumálum eru miklar kröfur gerðar til stórfjölskyldunnar. Náin tengsl við fjölskyldu og vini er því rauður þráður í viðtölunum sem að mati kvennanna skapa gott og æskilegt öryggi. En viðtölin afhjúpa líka þversagnir þar sem konunum finnst þetta fjölskylduforræði (familisme) kúga margar konur. Afleiðingin verður sú að stór hluti jafnréttisbaráttunnar er ekki háður á opinberum vettvangi heldur innan fjögurra veggja heimilisins.

Rannsóknarverkefnið kortlagði ástandið í velferðar- og jafnréttismálum á Vestur-Norðurlöndum eins og það kemur 75 ungum konum fyrir sjónir. En niðurstöðurnar eru ekki síður mikilvægar í umræðunni um þróun velferðar og jafnréttis til framtíðar á Vestur-Norðurlöndum og efniviður í frekari rannsóknir á þessu sviði.

Inngangur

Þrátt fyrir nán tengsl Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga, landfræðilega nálægð, menningu, velferð og lífskjör hafa þjóðirnar þurft að takast á við ólík verkefni sem kalla á ólík velferðarúrræði. Vestur-Norðurlönd verða því miður oftast útundan í norrænum samanburðarrannsóknum í velferðarmálum. Engum dylst þó að vestnorrænu velferðarkerfin eru að mörgu leyti frábrugðin því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Fram að þessu hefur t.d. frekar verið gert ráð fyrir stuðningi stjórfjölskyldunnar en úrræðum ríkis eða sveitarfélaga við úrlausn hinna ýmsu velferðarmála.

Vestnorrænu löndin teljast til svokallaðra örsamfélaga vegna mannfæðar sinnar. Þrátt fyrir að breytingar hafi átt sér stað á síðari árum, er atvinnumarkaður enn einsleitur þar sem frumatvinnuvegir eru enn ríkjandi og efnahagssveiflur eru meiri en annars staðar á Norðurlöndum. Konur hafa í ríkari mæli en karlar flust frá norðlægum jaðarsvæðum vegna þess að vinnumarkaður miðast frekar við hefðbundin karlastörf, framboð á menntun er takmarkað og skortur á velferðarúrræðum sem henta konum og fjölskyldum. Líklega er þetta ástæða þess, að færri konur en karlar búa á Vestur-Norðurlöndum sem skera sig þannig frá öðrum Norðurlöndum.

er lægra en karla, öfugt við hin Norðurlöndin. Ýmsar heimildir benda til, að einkum ungum konum sem flust hafa frá jaðarsvæðum til annarra landa reynist erfitt að snúa „heim“ á ný.

Í ljósi þessa var ákveðið að ráðast í rannsóknarverkefni það sem hér er kynnt. Markmið þess var að kortleggja velferðarúrræði í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi og rannsaka hvernig ungum konum finnst þau hafa áhrif á líf þeirra. Valdir voru velferðarþættir sem þóttu skipta ungar konur í löndunum þremur máli, sem gætu styrkt stöðu kvenna og aukið jafnrétti kvenna og karla.

Opinberar tölur um m.a. lýðfræði, velferðarkerfin og vinnumarkað í löndunum þremur voru greindar. Þá voru tekin rýnihópaviðtöl við fimm mismunandi kvannahópa í hverju landi fyrir sig. Hóparnir voru valdir samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

- Giftar konur eða í sambúð, með börn yngri en 12 ára
- Barnlausar konur – með mismunandi hjúskaparstöðu
- Einhleypar konur með börn
- Konur með reynslu af búsetu erlendis
- Konur án starfsmenntunar

Í hverjum hópi voru að meðaltali fimm konur. Í Færeyjum var rætt við 26 konur, 25 konur á Grænlandi og 24 konur á Íslandi. Alls voru tekin viðtöl við 75 konur. Konurnar komu víða að úr löndunum en verkefnið náði ekki

til kvenna af erlendum uppruna. Áhrif innflutnings fólks af erlendum uppruna á stefnu í velferðarmálum eru áhugavert verkefni en þau eru ekki reifuð í þessu verkefni.

Í viðtölunum var stuðst við eftirfarandi viðtalsáætlun:

Konur flytja brott

Margar konur velja að flytja frá norðlægum samfélögum. Hvað telja þátttakendur að valdi því? Hvað gæti fengið þær konur sem flust hafa til að flytja aftur „heim“?

Gott líf

Hvernig er gott líf í augum ungra kvenna í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi? Hvers telja konurnar að þurfi til að bæta líf þeirra í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi? Hvernig skilgreina þær hugtakið lífsgæði?

Hið opinbera – velferðarkerfið

Hvernig getur hið opinbera stuðlað að bættum lífsgæðum ungra kvenna í þessum löndum? Eiga stjórnámálamenn að leggja meiri áherslu á opinber velferðarúrræði í fjölskyldu- og jafnréttismálum en tíðkast hefur fram að þessu? Hvaða úrræði ættu það þá að vera? Hvaða áhrif hefur opinber þjónusta í daglegu lífi fólks? Hvaða opinber réttindi/þjónusta léttir helst samspil atvinnu- og fjölskyldulífs? Hvaða opinberu réttindi eru mikilvægust jafnrétti kvenna og karla?

Atvinnuþátttaka og efnahagslegt jafnrétti

Atvinnuþátttaka kvenna á Vestur-Norðurlöndum er meiri en annars staðar á Norðurlöndum, en um leið virðist launamunur milli karla og kvenna meiri á Vestur-Norðurlöndum en í öðrum norrænum ríkjum. Hvað telja konurnar að þurfi til að auka jafnrétti og launajöfnuð kynjanna í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi? Hve mikilvægt er jafnrétti kynjanna konum í þessum löndum?

Hvað er jafnrétti?

Embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál fjármagnaði verkefni og útgáfu þessa rits. Þá hafa Granskingardepilin fyri Samfelagsmenning í Klakksvík í Færeyjum, Ilisimatusarfik – Háskólinn í Nuuk á Grænlandi og Háskóli Íslands stutt verkefnið. Markmið verkefnisins var að kortleggja stöðu velferðarmála á Vestur-Norðurlöndum frá sjónarhóli ungra kvenna, en ekki síður er því ætlað að vera mikilsvætt framlag til umræðu um framtíðarþróun velferðarmála á Vestur-Norðurlöndum.

1. Konur og velferð í Færeyjum

Karin Jóhanna L. Knudsen



Mynd: Allan Brockie

1.1. Inngangur

Í Færeyjum, líkt og á Grænlandi og Íslandi, er kynjahlutfallið í öfugu hlutfalli við það sem þekktist í flestum nágrannalöndum okkar, því þar búa fleiri karlar en konur¹. Þessi mismunur kemur að hluta til vegna þess að fleiri konur en karlar flytja frá Færeyjum. Oft er talið að skortur á velferðarþjónustu og atvinnumöguleikum séu ástæður þess að konur velji að flytja úr landi. Að öllu jöfnu er brottflutningur talinn vandamál þrátt fyrir að um val sé að ræða. Brottflutningur fleiri ungra kvenna en karla getur ógnað framtíð samfélagsins sem í hlut á. Hins vegur getur hann falið í sér tækifæri fyrir konuna sem velur að hleypa heimdraganum. Eitt helsta verkefni nútímakonunnar er að samræma barneignir og atvinnulíf. Því getur verið freistandi að velja búsetu þar sem aðstæður eru bestar.

Þrátt fyrir þetta hafa hvorki verið gerðar margar rannsóknir né kannanir á samspili fjölskyldu- og atvinnulífs í Færeyjum né hvaða áhrif stefna

¹ Sjá fylgiskjal I.

yfirvalda varðandi velferðarúrræði fyrir fjölskyldur hefur á aðstæður færeyskra kvenna². Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á:

Í hve miklum mæli virkar færeyska velferðarkerfið hvetjandi eða letjandi á konur til að þær velji að setjast að í Færeyjum?

Í hve miklum mæli stuðlar færeyska velferðarkerfið að auknu jafnrétti færeyskra kvenna og karla og í hve miklum mæli er það þrándur í götu jafnréttis?

Verkefnið er unnið út frá kynjasjónarmiði og voru viðtöl tekin við konur úr ýmsum áttum (sjá inngangskafli). Í viðtölunum ræddu konurnar hvernig þeim tekst að samræma atvinnu og fjölskyldu, og hvernig ýmis velferðarúrræði mæta þörfum þeirra. Einhver kann að spyrja hvers vegna sé mikilvægt að greina velferð og velferðarkerfi út frá kynjasjónarmiði. Kynjasjónarmið skipta afar miklu máli í þeim spurningum sem lagðar voru fyrir konurnar, og eins þegar varpa skal ljósi á fyrirbæri og aðstæður í samfélaginu. Ástæðurnar fyrir því að rannsóknin er unnin út frá kynjasjónarmiði og að aðeins voru tekin viðtöl við konur en ekki karla, má rekja til þess að sú stefna í velferðar- og fjölskyldumálum sem fjallað er um hafa að öllu jöfnu meiri áhrif á stöðu kvenna en karla á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.

Í rannsókn sem þessari ber að hafa í huga að konur eru ekki einsleitur hópur. Þá er átt við að hinir ýmsu hópar í samfélaginu hafa ekki endilega sömu hagsmuna að gæta eða sömu viðhorf til velferðar og jafnréttis³. Í rannsókninni er litið til afstöðu kvenna úr mismunandi áttum til eigin aðstæðna, atvinnulífs, fjölskyldu og velferðar.

1.2. Velferðarkerfi

Esping-Andersen (1999) bendir á að hugtakið *velferðarríki* spanni meira en stefnu í félagsmálum. Til að geta skilið og greint velferð í stærra samhengi sé því nauðsynlegt að skoða samspil umönnunar og velferðar af hálfu hins opinbera annars vegar og einkaaðila hins vegar. Esping-Andersen gengur út frá því að flokka megi velferðarríki í meginatriðum í þrenns konar mismunandi velferðarkerfi. Þeim megi lýsa út frá því hvernig framleiðsla velferðar skiptist milli ríkis (hins opinbera), markaðar og fjölskyldu. Esping-Andersen leggur ríka áherslu á að velferðarhlutverk fjölskyldunnar verði útundan þegar fjallað er um velferð og velferðarþjónustu. Þetta er ein helsta gagnrýni kvannahreyfingarinnar á margar rannsóknir og umfjöllun af velferð og velferðarþjónustu – þar sem afgerandi hluti umönnunar og velferðarþjónustu byggir á ólaunuðum heimilisstörfum kvenna.

Helstu sérkenni hinna þriggja líkana eru sýnd í töflu 1 hér á eftir. Hafa ber í huga að líkönin eru sk. *kjörmyndir*.⁴ Engin lönd eða samfélög eru

² Í ritinu *Arbejde, helse og velfæred i Västorden* (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, ritstj., 2007) er velt upp mismunandi velferðarspurningum í vestnorrænum ríkjum. Einnig er bent á að mikil þörf sé fyrir frekari rannsóknir á þessu sviði.

³ Sjá, Arnfred, 2001:2–3; Faber, 2008: 210, 215, 218; Kabeer, 2001: 24–25.

⁴ Sjá Esping-Andersen, 1999, 86–88

„hreinræktuð“ útgáfa heldur er fremur átt við sérkenni frá hinum mismunandi líkönum.

Esping-Andersen (1999) heldur því fram að velferðarstefna snúist um áhættustýringu. Með áhættustýringu er átt við öll sameiginlegu kerfi í sérhverju samfélagi sem veita borgunum aðstoð, bæði þegar upp koma óvæntar aðstæður eins og t.d. atvinnumissir og veikindi en einnig við fyrirsjáanlegar aðstæður eins og umönnun barna og eldri borgara.

Tafla 1: Velferðarlíkan og áhættustýring

| Fyrirmynd Sérkenni | Frjálslynt líkan | Sósíaldemókratrískt líkan ⁵ | Íhaldsamt líkan |
|--|-------------------|--|--|
| Hlutverkaskipting: | | | |
| Fjölskyldan | Lítill | Lítill | Mikil |
| Markaðurinn | Mikil | Lítill | Lítill |
| Ríkið (hið opinbera) | Lítill | Mikil | Styðjandi/lítill |
| Velferðarríki (kerfið): | | | |
| Ríkjandi samstöðuaðferðir (solidaritets-metode) | Einstaklingurinn | Almenningur/ heildin | Ættartengsl. Samráðskerfi (Korporatismi) |
| Ríkjandi samstöðusviði (solidaritetsområde) (locus) | Markaðurinn | Ríkið (hið opinbera) | Fjölskyldan |
| Aftenging markaðar (af-vareliggðrelse / decommodification) | Lítill | Mikil | Lítill |
| Velferðarúrræði | Lágar félagsbætur | Opinbert framlög/ Öryggisnet | Samsvarandi tengsl við vinnumarkað |
| Dæmi | Bandaríkin | Svíþjóð | Þýskaland |

Heimild: Esping-Andersen, 1999:85.

Esping-Andersen (1999) leggur áherslu á það hvernig velferðarkerfið gerir fólki kleift að bjarga sér óháð markaðnum (af-vareliggðrelse / decommodification). Þær þrjár gerðir velferðarkerfa sem ræddar eru hér að ofan ná mismiklum árangri hvað þetta varðar. Í frjálslyndum og íhaldssömum velferðarkerfum er fólk almennt mun háðara vinnumarkaði en það er í velferðarkerfum sem kennd eru við jafnaðarstefnuna

Mikilvægt einkenni *frjálslynda* líkansins er að ríkið (hið opinbera) gegnir afar litlu hlutverki. Hið opinbera aðstoðar eingöngu í ytrustu neyð. Því eru félagsbætur mjög lágar og aðeins ætlaðar þeim sem verst eru settir. Oft er litið svo á að félagsleg aðstoð sé byrði á samfélaginu. Eins er grundvallarhugmyndin sú að það eigi að borga sig að vinna.

Megin einkenni *sósíaldemókratrískra* velferðarkerfa er að réttindi eru almenn/algild (universal) (Esping-Andersen, 1999). Í henni felst að allur almenningur eigi rétt á sams konar þjónustu óháð tekjum og félagslegri stöðu. Meginhlutverk hins opinbera, þ.e. ríkisins, er að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum sömu þjónustu og aðstoð og ábyrgðin sé ekki lögð á herðar

⁵ Þetta líkan er einnig kallað endurúthlutun stofnana (institutionelt-redistributive) eða skandinavíska módelið. Í því felst að líkanið er ráðandi í Skandinavíu og að hið opinbera veitir velferðþjónustu af ýmsu tagi. Enn fremur fer fram ákveðin jöfnun í gegnum skattkerfið.

einkaaðila. Önnur einkenni eru háar félagsbætur og víðfeðmt öryggisnet. Esping-Andersen og Myles (e.d.) halda því fram að sérkenni velferðarstefnu, sem miðast við þröngan hóp (gagnstætt meginreglu um algildi) felist í því að veita lágar félagsbætur. Það geti virkað sem smánarblettur, þar sem slík aðstoð njóti lítils fylgist meðal kjósenda. Hins vegar hlýtur stefna sem miðar að því að ná til stærri hóps að njóta meira fylgis meðal kjósenda og leiða til hærri félagsbóta sem lítilmagninn á meiri vonir um að njóta góðs af.

Ein af undirstöðum *íhaldssama* kerfisins er að almannatryggingar og félagsbætur fara eftir tengslum einstaklingsins við vinnumarkaðinn. Það felur í sér ójafnan rétt einstaklinganna á velferð og viðheldur félags- og stéttarmun. Opinberar stofnanir eru ekki mjög öflugar og oft koma kirkjan og einkaaðilar til skjalanna til að veita aðstoð sem hið opinbera sinnir ekki. Samkvæmt Esping-Andersen (1999) eiga þessi viðhorf rætur sínar að rekja til fjölskyldumynsturs feðraveldisins, þar sem karlinn var fyrirvinna en konan heimavinnandi húsmóðir. Heimavinnandi konur hafa ekki tengsl við vinnumarkaðinn og öðlast því ekki sömu réttindi til velferðar og aðrir sem eru á vinnumarkaði. Esping-Andersen notar hér hugtakið forræði fjölskyldu (familisme) sem einnig hefur verið þýtt sem fjölskylduskipan velferðarmála. Í því felst að stór hluti velferðarþjónustu og félagsbóta er lagður á herðar fjölskyldunnar og skyldar þannig ættingja til að aðstoða hver annan þegar harðnar í ári. Slík þjónusta (aðstoð) er um leið fjárfesting ef fara skyldi svo að viðkomandi verði aðstoðar þurfi síðar á ævinni.

Að mati Sundstrøms (2006) einkennist umræða og viðhorf Færeyinga til velferðar af nýfrjálsbyggju og um leið viðleitni til að standa jafnir. Þetta kemur skýrt fram meðal þeirra sem flytja úr landi. Þetta hefur leitt til þess að hlutverkaskipting í samböndum og fjölskyldum hefur einkennst af því sem Sundström kallar fjölskylduskipun velferðarmála (familisme). Það mætti orða það svo að mæður og dætur sjá um umönnunina og feður og synir um fjármálin. Sundström kemst að þeirri niðurstöðu að færeyska velferðarkerfið sé blanda af frjálslyndri og íhaldssamri fyrirmynd (sjá töflu 1). Sundström telur einnig að í Færeyjum (og á Íslandi) séu gerðar aðrar kröfur um að fólk bjargi sér og framfleyti sér en annars staðar á Norðurlöndum. Í Jákupsstovu (2007) fjallar einnig um fjölskylduskipan velferðarmála (familisme) í sínum fræðum. Hún bendir á að tengslin við Danmörku hafi skuldbundið færeysk yfirvöld til að veita ýmsa velferðarþjónustu en engu að síður veiti færeyska velferðarkerfið minni félagsaðstoð og þjónustu en danska ríkið. Hún bendir á að færeyska velferðarkerfið treysti meir á umönnun fjölskyldunnar en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Hún bendir einnig á að verði umönnunarbyrðin fjölskyldunni ofviða sé alltaf sá möguleiki fyrir hendi að flytjast til Danmerkur.

Margir mismunandi þættir skipta máli þegar fjallað er um stefnu í fjölskyldu- og velferðarmálum og áhrif hennar á aðstæður færeyskra kvenna. Velferðarkerfin (tafla 1) miða við mismunandi sögulegar og menningarlegar forsendur. Í velferðarkerfi, þar sem mikil ábyrgð á umönnun og velferð er lögð á herðar fjölskyldunnar eru einstaklingarnir mjög háðir ættartengslum og hjúskap/sambúð.

Í velferðarkerfi, sem kemur aðeins til aðstoðar í ítrustu neyð og skammtar hana eftir þörfum, felst hættu á að þeir sem leita aðstoðar finnist þeir brennimerktir. Aftur á móti felur kerfi með háu öryggisstigi og víðfeðmum og háum félagsbótum (sósíaldemókratíska) í sér hættu á að fólk lendi félagslega utangarðs og festist í vítahring⁶.

Hlutverk rannsóknarverkefnisins var að varpa ljósi á velferðarúrræði og stefnu í fjölskyldumálum í Færeyjum, áhrif þeirra á aðstæður kvenna og kynjajafnrétti þar í landi. Tekin voru rýnihópaviðtöl við konur í fimm mismunandi hópum (sjá inngangskaflann) en einnig hóp kvenna af landsbyggðinni sem bjuggu við mismunandi fjölskyldu- og hjúskaparaðstæður. Auk gagna úr eiginlegum viðtölum var stuðst við önnur gögn til að geta fjallað ítarlegra um þær aðstæður sem konurnar gátu í samtölunum. Aðferðinni er lýst hér á eftir.

1.3. Aðferð

Viðmælendur áttu að endurspegla konur við mismunandi aðstæður varðandi barneignir, hjúskaparstöðu (sambúð/einhleypar) og menntunarstig. Þá var mikilvægt að þær kæmu úr mismunandi umhverfi (þéttbýli/dreifbýli). Ég leitaði til að konum með börn með því að heimsækja vöggustofur og leikskóla víðs vegar um land á þeim tíma dags þegar börn voru afhent eða sótt á leikskólum. Ég hafði upp á barnlausum konum og konum í hópinn frá landsbyggðinni gegnum tengslanet. Þannig voru tekin viðtöl við 26 konur á aldrinum 22–43 ára. Færeysku konurnar í rannsókninni áttu 1,7 börn að meðaltali og 15% voru barnlausar. Þær höfðu búið í Danmörku, Noregi, Bretlandi, Færeyjum og Bandaríkjunum. 61% þeirra voru með meðallanga framhaldsmenntun, 12% með háskólapróf en aðrar höfðu annað hvort verið í verknámi eða höfðu ekki aðra menntun en grunnskólapróf. Flestar voru giftar eða í sambúð (77%).

Við ákváðum að taka rýnihópaviðtöl. Áhersla var lögð á hvernig færeyskar konur upplifa aðstæður sínar í ljósi velferðarúrræða sem í boði eru, og hvaða áhrif þau hafa á konur í Færeyjum. Viðtölin er góð eigindleg aðferð til að rannsaka og skilja mismunandi hugsanagang, lýsingar, afstöðu og tákni.

Einn kostur rýnihópaviðtala er að tíminn nýtist vel þegar rætt er við fleiri viðmælendur í einu. Annar er sá að í samspili þátttakenda geta skapast ófyrirséð og tilfinningaþrungin viðbrögð. Þannig kvikna umræður sem leiða meira í ljós og afhjúpa mismunandi viðhorf. Einn ókostur hópsamtala er hins vegar sá að sumir þátttakenda geta átt það til að „yfirgnæfa/tala mikið“ en aðrir segja minna. Spyrjandinn getur komið í veg fyrir þetta með því að tryggja að allir komist að og jafnvel má skammta tíma ef þörf krefur.

⁶ Félagsleg útlökun er eitt af aðal umfjöllunarefnum Anthony Giddens, bresks félagsfræðings í tengslum við velferðarríki. Sjá t.d. Giddens, 2002.

<http://www.independent.co.uk/opinion/commentators/tony-giddens-there-is-no-alternative--the-third-way-is-the-only-way-forward-662471.html>.

Viðtalsáætlun var unnin í samstarfi við hina fræðimennina (á Grænlandi og á Íslandi) og var stuðst við hana í öllum viðtölum. Umræðuefnin í viðtölunum voru þau sem við töldum að skipti sérlegu máli varðandi *kyn, velferð og jafnrétti*. Samtölin voru tekin upp og skrifuð út orðrétt. Síðan voru þau klippt í samræmi við efnin í viðtalsáætluninni.

Í skýrslunni ákváðum vð að leggja áherslu á eftirfarandi málefni: *Brottflutning, lífsgæði, hið opinbera/velferðarkerfið, þátttöku á vinnumarkaði og efnahagslegt jafnrétti*. Skýrslan er einnig samin með þessa skiptingu í huga.

1.4. Konur flytja


1.4.1 Brott- og aðflutningur í Færeyjum

Eins og getið var í upphafi búa fleiri karlar en konur í Færeyjum, rétt eins og á Grænlandi og Íslandi. Eins og fram kemur á mynd 1 er þessi mismunur ekki nýr af nálinni. Mynd 1 sýnir einnig mikinn brottflutning í kreppunni á tíunda áratug síðustu aldar.


Ef lítið er nánar á brott- og aðflutta sýna myndir 2 og 3 að á kreppuárunum á tíunda áratug síðustu aldar fluttust fleiri karlar en konur á brott.

Þá kemur fram á mynd 3 að fleiri karlar en konur flytja til Færeyja. Mynd 2 sýnir einnig að einkum á síðari árum hafa fleiri konur en karlar flutt frá Færeyjum.

Ólíkar ástæður geta verið fyrir brottflutningi karla og kvenna. Ýmsar kerfisbundnar aðstæður hafa ólík áhrif á kynin og því má ætla að lausnir þeirra og svör yrðu mismunandi við breyttar kerfisbundnar aðstæður.




Mynd1: Lýðþróun í Færeyjum eftir kynjum (1985–2007)



Mynd 2: Brottflutningur frá Føreyjum eftir kynjum (1985–2007)

Heimild: Hagstova Føroya



Mynd 3: Innflutningur til Føreyjum eftir kynjum (1985–2007)

Heimild: Hagstova Føroya

Upplifun okkar af stað tengist valdi og valdasamböndum og þar með hver staða okkar er í samhengi. Þess vegna tengist upplifun okkar af stað einnig kyni, aldri, stétt og uppruna⁷. Félagsleg og tæknileg grunngerð í flestum bæjum og þéttbýli auðveldar konum að samræma barneignir og/eða starfsframa, að framleiða og halda mannkyninu við. Góðar aðstæður freista frekar kvenna til að setjast að í slíku umhverfi.

1.4.2 Hvers vegna flytja konur?

Þegar konur tala um útlönd í þessari rannsókn eiga þær í flestum tilvikum við Danmörku. Nokkrar nefna önnur norræn ríki og einstök önnur lönd. Þegar konurnar eru spurðar hvers vegna þær telja að færeyskar konur kjósi að flytjast á brott nefna þær ýmsar ástæður. Yfirleitt nefna þær efnahagslegar aðstæður og betri möguleika á að mennta sig í Danmörku. Þær nefna í því sambandi betra styrkjakerfi og meira framboð á dagvistun og annarri þjónustu við börn.

Einkum einstæðar mæður benda á að fjárhagsstaða einstæðra foreldra sé mun lakari í Færeyjum. Einstæð móðir kemst þannig að orði þegar við ræðum um að flytja aftur til Færeyja að loknu námi:

„Venjulega er það þannig að þegar maður er – ég veit ekki – orðinn fullorðinn þá vill maður bjarga sér sjálfur. Svo kemur maður heim og verður aftur og aftur – að „betla“ hjá foreldrunum.“ (*Menntuð einstæð móðir, 28 ára, 1 barn*)

Barnlausu konurnar leggja áherslu á að færeyskt samfélag sé einkum sniðið að kjarnafjölskyldum en ekki við mismunandi fjölskyldugerðum og einhleypu fólki. Þar benda m.a. á skort á húsnæði fyrir einhleypa. Ein segir:

„Í dag eru svo ótrúlega margs konar fjölskyldugerðir... Og í framtíðinni á að vera pláss fyrir alla.“ (*Ófaglærð kona, 22 ára, barnlaus*)

Þær ræða m.a. vandræði einhleypa sem vilja stofna eigið heimili. Ein segir:

„Við erum orðnar margar sem kjósa kannski aðeins öðruvísi líf, sem kjósa... að fara til Danmerkur til náms... þá eru börn og fjölskylda kannski ekki sett í forgang í nokkur ár... það er kannski ekki pláss fyrir það hérna heima ennþá.“ (*Menntuð kona, 27 ára, barnlaus*)

Margar konur benda á að færeyska samfélagið sé meira aðlaðandi fyrir karla en konur. Karlar hafi um meira að velja bæði með tilliti til atvinnu og frítíma. Þær taka fram að ófaglærðir karlar séu einnig mjög vel launaðir.

Í samtölunum er einnig rætt um hvort persónulegt frelsi (það að geta verið nafnlaus/félagslegt taumhald) hafi áhrif á hvort konur velji að flytja á brott, en það virtist ekki skipta sköpum. Þó segir ein þeirra sem ólst upp í þorpi:

⁷ Sjá Dahlström, 1996, 260–261

„Það var ótrúlega gott að koma til Danmerkur og upplifa að enginn þekkti mann. Mjög notalegt að prófa það. Ég er úr litlu þorpi. Bara að fara í þau fót sem manni dettur í hug.“ (*Menntuð kona, 27 ára, 2 börn*)

Önnur sem býr í meðalstóru þorpi segir:

„... ég á kærasta og ég við eigum ekki börn... Svo kemur maður heim að loknu námi eða þannig... Það er eins og maður sé svolítið utangátta. Í Þórshöfn er það kannski svolítið öðru vísi... [Í Þórshöfn] er svo mismunandi fólk... En ef þú býrð í þorpi... komin hátt á þrítugsaldur... þá er það fjölskylda og börn... þú hugsar ekki um framhaldsmenntun eða starfsframa.“ (*Menntuð kona, 29 ára, barnlaus*)

Þessi ummæli sýna í hnotskurn að fámenn byggðalög geta verið íhaldssöm og leggja persónuleg höft á konurnar, og að margbreytileiki og umburðarlyndi geta haft áhrif á vellíðan einstaklingsins.

1.4.3 Brottflutningur og jafnrétti

Ein spurning í samtölunum fjallaði um að hve miklu leyti jafnrétti hefði áhrif á hvort konur flytji frá Færeyjum eða setjist þar að. Þegar fjallað er um jafnrétti er mikilvægt að hafa í huga að hugtakið jafnrétti getur þýtt margt. Eins og komið hefur fram eru konur ekki einsleitur hópur. Ýmsir hópar kvenna þurfa ekki að hafa sömu hagsmuna að gæta eða viðhorf til t.d. hvað felst í orðunum velferð og jafnrétti. Ef rætt er um konur sem einn hóp er hætt við að við gleymum því að ekki allar konur lifa við sömu félagslegu aðstæður og þær geta átt hagsmuna að gæta sem ekki eru samræmanlegir. Ólík lífskjör hafa áhrif á skilning á eigin lífskjörum og einnig mismunandi lífsstíl⁸. Þetta endurspeglast einnig í samtölunum. Sem dæmi má nefna að konur sem eru menntaðar erlendis lögðu mikla áherslu á jafnréttismál. Þær eru rými og að jafnrétti inni á heimilinu hafi gufað upp þegar börnin komu í heiminn. Þetta þýðir að vinnuskipting makanna á heimilinu var nokkurn veginn jöfn áður en börnin fæddust. Nokkrar nefna rýran hlut kvenna í stjórnámálum og telja það hafa áhrif á hvaða mál eru tekin fyrir í opinberri umræðu og stjórnámálum. Sá hópur kvenna sem lauk námi eftir grunnskóla leggur hins vegar meiri áherslu á launakjör. Ein segir:

„En mér finnst sjálfri ríkja jafnrétti heima hjá mér... Það er jafnt hjá okkur. Það verður að vera þannig þegar báðir vinna... Finnst ykkur það ekki vera jafnrétti? ... Fyrir utan launin í Færeyjum... Ja, mér finnst ég ekki vera kúguð“ (*Menntuð kona, 26 ára, 1 barn*)

Nokkrar konur gagnrýna Jafnréttisráð og hvernig fjallað er um jafnrétti í fjölmiðlum. Ein segir:

⁸ Sjá ábendingar í neðanmálsgrein nr. 3.

„Ég er að fá upp í kok af þessu kjaftæði í útvarpinu... Maður heyrir í útvarpinu að við konur eigum svo bággt og bla, bla, bla. Það liggur við að maður fari hjá sér, því mér finnst ekkert að við eigum svona bággt.“ (*Ófaglærð kona, 35 ára, 2 börn*)

Önnur segir:

„... þetta [hlut kvenna] á ekkert að vera þannig, að það eigi að vera 50-50, því ef konur nenna ekki... Konur leggja áherslu á aðra hluti... mér finnst jafnréttisráð leggja þetta algjörlega rangt fram.“ (*Kona í námi, 35 ára, 2 börn*)

Það er augljóst að þessar konur spegla sig hvorki í störfum Jafnréttisráðs né opinberri umræðu um jafnréttismál (fjölmiðlum). Þessi gagnrýni vekur upp spurningar um hvaða aðilar eða hópar í færeysku samfélagi stýra jafnréttisumræðunni í jafnréttismálum og á hvaða forsendum viðhorf myndast til jafnréttis. Fram að þessu hefur opinber jafnréttisumræða aðallega fjallað um hvernig auka megi hlut kvenna í stjórnámum og opinberum stjórnnum og nefndum. Arnfred (2002) bendir á að orðræðan í jafnréttisumræðunni ráðist af hagsmunum millistéttar (oft í efri kanti hennar) og að forréttindahópar samfélagsins stýri „jafnréttisstarfinu“. Arnfred (2002) telur að stór hluti dæmigerðra kvennastarfa sé ósýnilegur þegar gerðar eru efnahaglegar og samfélagslegar greiningar.

Þó virðast konurnar sem rætt var við í rannsókninni sammála um að jafnrétti þýði m.a. *jöfn laun og jöfn tækifæri* í samfélaginu fyrir bæði kyn og að *verkaskipting á heimilum* deilist jafnar niður á karla og konur. Eins og sjá má í eftirfarandi tilvitnunum fer stór hluti jafnréttisbaráttunnar fram innan fjögurra veggja heimilisins:

„... „Hvað eigum við að hafa í matinn á morgun?“ „Ja, þú finnur eitthvað í frystinum þínum“. Þá hugsa ég með mér: „Þetta er ekki bara frystirinn minn. Þetta er líka frystirinn þinn...“ Ég spurði hann, hvað eigum við að hafa í matinn í dag? „Ja, hvað áttu í frystinum?“ „Hvað á ég í frystinum? Þetta er frystirinn okkar beggja.““ (*Ófaglærð kona, 31 árs, 3 börn*)

„Jú, við höfum oft rætt um þessi mál. Þegar ég hef unnið mikla kvöldvinnu þá segi ég: „Þú verður sko að hjálpa mér. Þú verður að gefa krökkunum eitthvað að borða. Þau geta ekki bara borðað morgunkorn“. Þá svarar hann: „Fjandakornið, er ég ekki búinn að vera að passa krakkana fyrir þig?“ Þetta getur gert mig svo reiða.“ (*Kona með grunnskólapróf, 39 ára, 4 börn*)

„Já, einmitt við svona lagað sýður upp úr hjá mér.“ (*Menntuð kona, 26 ára, 1 barn*)

„Maður verður að segja þeim [kórlunum] til og þá gera þeir það“ (*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

„Ég verð að taka fram að ég ætti frí í dag því ég væri að koma hingað. Það finnst honum voðalega erfitt. Því þá þarf hann að vera með börnunum í fleiri klukku-stundir.“ (*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

„Og hann er ekki heima með krökkunum. Hann er barnapía.“ (*Menntuð kona, 27 ára, 2 börn*)

„Og svo fer hann heim til tengdamömmu með þau.“ (*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

Í heildina litið virðast konurnar vera sammála um að (skortur á) jafnrétti skipti ekki sköpum þegar konur ákveða að setjast að í Færeyjum. Hafa ber í huga að þá eiga konur einkum við jafnrétti á heimilinu. Þetta sjónarmið er mjög dæmigert:

„Já, auðvitað vilja allir jafnrétti. En ég held ekki að það sé það sem haldi aftur af þeim [konunum]... Ég held að það séu fjármálin ... Mér finnst ég ekki vera minna virði en einhver karlmaður“ (*Menntuð kona, 37 ára, 1 barn*)

Þær telja jafnrétti og jöfn tækifæri skipta máli fyrir líf skjör og vellíðan en þegar valið er á milli búsetu í Færeyjum eða útlönum skipti fjármálin sköpum. Með fjármálum er í þessu sambengi aðallega átt við bætur og aðra velferðarþjónustu sem þeim stendur til boða í Danmörku, borið saman við þá velferðarþjónustu sem er í boði í Færeyjum. Hins vegar eins og bent var á áður þá benda nokkrar konur á að jöfn laun skiptu miklu máli fyrir jafnrétti kynjanna, og það er efnahagslegur þáttur.

Því er óhætt að segja að ef brottflutningur og aðflutningur kynjanna helst óbreyttur er hætt við að konum fækki enn frekar í Færeyjum. Viðmælendurnir sýna fram á að það sé einkum efnahagurinn sem ráði því hvort konur velja að búa í Færeyjum eða flytja úr landi. Þær benda einnig á að það er oftast en ekki ósk um menntun sem drífur færeyskar konur til annarra landa og benda í því sambandi á að í Danmörku sé mun betra námstyrkjakerfi og úrval af menntun. Það kemur einnig fram í samtölunum að margar konur samsami sig ekki opinberri jafnréttisumræðu og jafnréttisstarfi. Rannsóknin sýnir að stór hluti jafnréttisbaráttu kvennanna fer fram innan fjögurra veggja heimilisins.

1.5. Velferðarstefna í verki

Mismunandi er eftir samfélögum hvernig velferðarstefnu er hrint í framkvæmd og ábyrgðin skiptist milli hins opinbera (ríkisins), markaðarins og fjölskyldunnar. Hér á undan hefur verið gerð grein fyrir þremur mismunandi velferðarlíkönunum. Ekkert samfélag er hreinræktuð útgáfa af þeim fyrirmyndum en segja má að sérhvert samfélag flokkist meira undir eitt kerfi en annað og að velferðarkerfin byggja á mismunandi sögulegum og menningarlegum forsendum. Í (norrænu) kerfi jafnaðarmennsku er fólk síður háð fjölskyldunni. Í íhaldssama kerfinu kemur hið opinbera (ríkið) að málum nema fjölskyldan sé þess ekki megnuð að tryggja velferð og umönnun sínu fólki til handa. Einkennandi við það kerfi er einnig að opinberar stofnanir eru ekki sérlega öflugar. Sérkenni frjálslynda kerfisins er að opinber aðstoð byggist á þarfagreiningu og að það eigi að geta borgað sig að vinna. Þátttakendurnir í rannsókninni nefndu (að sjálfsögðu) ýmsa þætti sem hafa áhrif á aðstæður þeirra í færeysku samfélagi og hvaða

velferðarúrræði þær telja að mætti bæta. Rannsóknin leiðir þó í ljós greinileg sérkenni íhaldssama (velferð á ábyrgð fjölskyldunnar) og fjálslynda kerfisins sem konurnar eru óánægðar með. Að sama skapi gera þær sér vel grein fyrir hvaða tækifæri og réttindi bjóðast þeim í Danmörku. Þetta verður nánar skýrt hér á eftir.

1.5.1 Veik formleg kerfi

Esping-Andersen bendir á að í íhaldssömu velferðarkerfi sem treystir á aðkomu fjölskyldunnar séu opinberar stofnanir ekki öflugar. Rannsóknin sýnir að vantraust ríkir með kvennanna í garð til yfirvalda og stjórnsýslu. Margir þátttakendur nefndu dæmi þess að hafa leitað til færeyskra yfirvalda án þess að hafa fengið fullnægjandi upplýsingur um borgaraleg réttindi sín. Í sumum tilvikum hafi þær hreinlega fengið lélega afgreiðslu. Til dæmis þegar við ræddum um hvernig yfirvöld geta stuðlað að bættum lífsgæðum.

„Upplýsa meira. Mér dettur í hug Almannaþingastovan⁹. Maður fer til dæmis þangað. Maður á jú rétt á hinu og þessu þaðan.“ (*Ófaglærð kona, 38 ára, 1 barn*)

„Ég ætlaði einmitt að fara að nefna það.“ (*Menntuð kona, 35 ára, 2 börn*)

„En maður fær engar upplýsingar um eitt né neitt. Það er eins og stefnan sé að greiða ekki neitt. Upplýsa meira um réttindi og tækifæri manns. Og svoleiðis. Það finnst mér. Til að maður geti komist áfram. Já.“ (*Ófaglærð kona, 38 ára, 1 barn*)

Sama var uppi á teningnum hjá einstæðum mæðrum. Ein segir:

„... Mér finnst að það ætti ekki að þurfa að rekja úr manni garnirnar þótt maður leiti aðstoðar hjá Almannaþingastovan... það ætti ekki að þurfa.“ (*Menntuð kona, 37 ára, 1 barn*)

Önnur hefur nokkurn veginn sömu sögu að segja:

„Það er svo niðurlægjandi að leita aðstoðar hjá Almannaþingastovan.“ (*Menntuð kona, 28 ára, 1 barn*)

Hins vegar leiðir rannsóknin í ljós að oft treysta konurnar dönskum yfirvöldum og stjórnsýslu betur og virðast vita nokkurn veginn hver réttindi þeirra eru (eða hvaða velferðarúrræði standa þeim til boða) eins og eftirfarandi tilvitnanir sýna:

„Það er auðveldara í Danmörku. Þar er allt á hreinu fyrirfram... Því þú veist hvað þú færð... Já, þú veist að þú færð þennan pakka. Hér [í Færeyjum] þarftu að semja... Já, þú þarft að semja um að fá eitthvað“ (*Menntuð kona, 36 ára, 1 barn*)

„Já, maður þarf þess í raun og veru.“ (*Menntuð kona, 35 ára, 2 börn*)

⁹ Tryggingastofnun Færeyja

„Hérna er meira um að maður eigi að bjarga sér sjálfur. Í Danmörku er ekki eins mikil skömm að leita sér aðstoðar.“ (*Menntuð kona, 36 ára, 1 barn*)

Sams konar skilning sjáum við einnig hjá konum sem hafa ekki aðra menntun en grunnskólapróf þegar við ræðum hvers vegna færeyskar konur kjósa að flytja úr landi:

„Ég reikna með að það sé menntunin... Og að maður hafi meira að velja úr og fleiri, þú getur athugað hvort þar sé húsnæði og hvernig aðstæður eru fyrir börn. Og þegar þú kemur er þer sagt allt um hver réttindi þú hefur og hvað þú átt að gera.“ (*Ófaglærð kona, 39 ára, 4 börn*)

Svipuð vandamál komu í ljós í rannsókn sem gerð var á líf skjörum lífeyrisþega í Færeyjum. Þar beindist gagnrýnin að því að mikið óryggi og misskilningur skapaðist vegna skorts á upplýsingum og samskiptum milli yfirvalda og notenda. (Biskopstø & Mýri, 2007).

Hér á eftir sjáum við að þetta vandamál á ekki eingöngu við um opinbera kerfið heldur einnig önnur svið í færeysku samfélagi. Hér ræðum við hvaða réttindi skipta mála fyrir jafnrétti í færeysku samfélagi:

„Bara eitthvað eins og til dæmis mismunur og einelti á vinnustöðum og svoleiðis. Þar sem ég bý [í Færeyjum] hef ég tekið eftir því á nokkrum vinnustöðum þar sem ég hef verið að það þykir allt í lagi að vera nærgöngull við konur... Þú ert kona og þetta er þinn staður, og ég hef rétt á ýmsu. Þannig hef ég stundum upplifað það... að þeim finnst allt í lagi að koma með athugasemdir sem eru ekki í lagi. Og í Danmörku getur maður kært það... Því mér finnst ég alls ekki vita hvort það séu til einhver lög eða eitthvað [hér í Færeyjum]. Ja, þú veist.“ (*Menntuð kona, 27 ára, barnlaus*)

„Allar þessar nefndir eru ekki til hér. Við erum líka svo aftarlega á merinni þegar við tölum um vellíðan. Fólk hikar við að leita réttar síns í Færeyjum.“ (*Menntuð kona, 29 ára, barnlaus*)

Þessi orð bera vitni um vantraust í garð færeyskra yfirvalda og að nokkrar kvennanna hafa veika réttarkennd. Þeim finnst „samfélagið“ ekki gæta hagsmuna þeirra, þar sem þær geta leitað ef þeir verða fyrir einhverju (t.d.) einelti eða kynferðislegu áreitni á vinnustaðnum. Í rannsókninni er bent á að sum formleg kerfi í Færeyjum eru veik og „ófær“ um að sinna kröfum og óskum borgaranna. Þá vaknar sú spurning hvort veik réttarkennd og ótti við að leita réttar síns sé útbreitt vandamál í færeysku samfélagi og hverjar geti verið orsakir þess.

Formleg og óformleg kerfi í samfélaginu eru nátengd. Óformleg kerfi eða tengsl, sem bera merki um samstöðu og skyldurækni gagnvart fjölskyldu, ættingjum og vinum, eru ekki eingöngu leifar hefðbundins samfélags heldur eru þau einnig „viðbrögð við göllum“ í formlegu kerfi samfélagsins. Þetta ber að túlka þannig að þegar formleg kerfi geta ekki komið til móts við félagslegar þarfir í samfélaginu er leitað óformlegra lausna. Ef formleg kerfi

á samfélaginu megna að framleiða og deila félagslegum úrræðum sem gagnast öllum þjóðfélagsþegnu er síður þörf á óformlegum lausnum¹⁰.

1.5.2 Fjölskyldan gegnir mikilvægu hlutverki

Rauður þráður í rannsókninni er umræðan um mikilvægt hlutverk fjölskyldunnar sem félagslegt öryggisnet, hvaða vandræði það skapar og greinileg ósk um að breyttar áherslur í stefnu í umönnunar- og velferðarmálum. Meðal annars kemur í ljós að mörg vandræði skapast vegna þess að fjölskyldan/heimilið – beint og óbeint – eru undirstaða velferðarkerfisins.

Margar konur nefndu skort á sveigjanleika á dagvistunarstofnunum og hvaða áhrif það hefur í daglegu lífi þeirra. Ein segir:

„Ég á eins og hálfis árs gamalt barn. Ef ömmur og afar væru ekki við hendina gæti ég hvorki get eitt né neitt... Ég hefði ekki getað menntað mig, ef hann væri sjómaður, og ég hefði ekki foreldra mína, mömmu hans og svoleiðis.“ (*Kona í námi, 27 ára, 1 barn*)

Veikindadagar barnanna eru einnig vandamál sem konurnar sýna fram á. Margar taka fram að fyrsti veikindadagur þeirra sjálfra, sem þær eiga rétt á, sé notaður til að „leysa málið“ eins og þær komast að orði. Þetta þýðir að þær verða að finna einhvern í tengslaneti sínu sem getur annast veika barnið:

„Og í þetta fer fyrsti dagurinn... Eða einhver tekur við – amman. Hjá mér eru það móðursysturnar og ég er bara svo heppin að dóttirin verður ekkert rosalega oft veik...“ (*Menntuð kona, 28 ára, 1 barn*)

Mörgum kvennanna er tíðrætt um aðstæður eldri borgara (foreldra, tengdaforeldra o.s.frv.) og hvernig yfirvöld afgreiða mál þeirra, eins og þessi bendir á:

„Það er ætlast til þess af fjölskyldunni. Það er algjörlega ætlast til þess af fjölskyldunni að hún geti að sjálfsögðu sinnt gamla fólkinu... Sko, ef maður á fjögur börn þá hlýtur maður að ráða við það.“ (*Menntuð kona, 35 ára, 3 börn*).

Þær ræða einnig um aðstæður framtíð eldri borgara og að koma eigi fram við alla af virðingu, en sú sé ekki alltaf raunin eins og önnur segir:

„... hver kærir sig um að búa inni á börnunum sínum? Sko, virðingin... fólk vill geta séð um sig sjálf... ef það gæti fengið... verndaða íbúð eða pláss á elliheimili og bjargað sér eins og hægt er þar... Já, líka núna þegar stefna stjórnvalda er sú að ef aldraðir búa einir, þá njóta þeir forgangs að komast [á elliheimili]. En ef einhver á sama aldri er á heimilinu og getur annast það þá komast þeir ekki inn“ (*Menntuð kona, 33 ára, 1 barn*)

¹⁰ Sjá einnig t.d. Lomnitz, Larissa Adler (1988), „Informal Exchange Networks in formal Systems: A Theoretical Model“: <http://www.colbud.hu/honesty-trust/lomnitz/pub01.PDF>

Þær sem eru einhleypar og barnlausar benda á að húsnæðismarkaðurinn í Færeyjum miðist næstum eingöngu við kjarnafjölskyldur. Því verða einhleypir oft að leita á náðir fjölskyldunnar. Eins og ein þeirra segir:

„... Mjög margir flytja heim og það hljómar ægilega huggulegt að búa í kjallaranum hjá mömmu. En svo allt í einu er ekki von um neitt annað... Þá neyðist maður til að kaupa hús... það er mjög erfitt þegar maður er einn... samfélagið er sniðið að fjölskyldum en ekki einstaklingum.“ (*Menntuð kona, 38 ára, barnlaus*)

Niðurstaðan er sú að konur sem einstaklingar eru mjög háðar fjölskyldum sínum eða mökum. Eins sýnir rannsóknin í ljós að í mörgum tilvikum eru einstæðar mæður mjög háðar fjölskyldum sínum eins og þessi ummæli sýna:

„Það eina sem er í boði er ókeypis dagvistun... Ég bý heima hjá mömmu... Ég hef ekki nægar tekjur til að geta flutt að heiman og bjargað mér sjálf.“ (*Ófaglærð kona, 38 ára, 1 barn*)

1.5.3 Smánarblettur

Aðstæður margra einstæðra mæðra gefa skýra vísbendingu um greinilega veikleika (galla) í færeyska velferðarkerfinu og að það getur virkað niðurlægjandi eins og þessi tilvitnun sýna:

„Ja, húsaleigubætur og auka barnabætur. Ég spurði ekki um það... Og þau [yfirvöld í Danmörku] sögðu mér að ég ætti að segja að ætti að fá auka barnabætur eða hvað það nú heitir. En ég nefndi það ekki einu sinni, mér fannst svo óþægilegt að þurfa að fá þær vegna þess að ég var einstæð. En ég fékk þær án þess að þurfa að biðja um þær... En hér í Færeyjum, ef maður leitar aðstoðar þá finnst manni maður vera svo aumur og allsnakinn þegar maður situr andspænis þeim á Almannastovan, og sú tilfinning eltir mann... Þau [Almannastovan] spyrja um svo margt. Ég held að þau ... þau spyrja þannig að mér líður illa... Sko, ég myndi gera allt. Sko, Almannastovan í Færeyjum – þar var síðasti staðurinn sem ég ætlaði að fara til að leita mér aðstoðar. Nei, ég lofaði sjálfri mér að ég myndi aldrei fara þangað aftur... Mér leið eins og betlara. Eða, æ, þú veist.“ (*Menntuð kona, 43 ára, 1 barn*)

„... Ég hef einu sinni á ævinni farið á Almannastovan... ég varð að fara og biðja eftir daggæslu eftir að barneignarleyfinu lauk... Ég ætla bara að segja þér... ég fékk ekki fyrir útgjöldunum... Og mér fannst eins og ég hafi verið stungin í bakið... Og svo varð ég að hringja í hverjum einasta mánuði til að biðja um peninga... Alveg þar til ég að lokum hringdi... Og sagði þeim að nú væri mér nóg boðið. Ég á sjö bleyjur á barnið mitt, ég hef fengið lánað fyrir mat. Peningarnir voru ekki enn komnir. Og nú væri nóg komið... Og ekki fyrir en þá, eftir að ég hafði talað við konuna þá komst þetta í lag... En það er alveg eins og að í hvert skipti sem þetta er til umræðu í þinginu, þá er eins og sé einhver hræðsla, og ég meina það, svakaleg hræðsla við að við séum að mjólka kerfið.“ (*Menntuð kona, 37 ára, 1 barn*)

Aðstæður einstæðra mæðra sýna óbeint að í velferðarkerfinu er litið á konur sem fjölskyldumeðlimi fremur en einstaklinga, og félagsleg aðstoð/velferðarúræði eru skömmtuð eftir þörfum – miðað við þá aðstoð sem allir

borgarar eiga rétt á, óháð tekjum og félagslegum aðstæðum – og gerir það að verkum að þeir sem á aðstoð þurfa að halda líta á það sem mikla smán.

Í rannsókninni má greinilega sjá valþröng milli velferðarúrræða og þjónustu í Danmörku annars vegar og hins vegar í Færeyjum, þar sem þátttakendurnir segja danskar aðstæður mun betri¹¹. Þær eru einnig mjög meðvitaðar um hvaða möguleika og réttindi þær hafa í Danmörku. Viðmælendurnir telja einnig að færeysk yfirvöld upplýsi þær ekki nægilega vel um tækifæri og réttindi þeirra í færeyska velferðarkerfinu. Í velferðarkerfi sem treystir eins mikið á velferðar- og umönnunarhlutverk fjölskyldunnar og þessi skýrsla sýnir fram á, er mikil hætta á að það bitni á sjálfsákvörðunarrétti/sjálfstæði kvenna. Á hinn bóginn bera konurnar þetta saman við Danmörku og kemur þá valþröng í ljós. Eða eins og ein þeirra segir:

„Mér finnst samt ekki, t.d. í Danmörku, þar er sums staðar mjög napurt. Sumir hafa ekkert samband við ættingja sína. Samt finnst mér að hið opinbera eigi að taka tillit til okkar allra. Og mér finnst það svo heillandi hér hjá okkur að við erum svo stór [fjölskylda]. Samt ætti hið opinbera að aðstoða svo enginn detti úr lestinni. Það er allt annar hlutur.“ (*Menntuð kona, 29 ára, barnlaus*)

Samt er enginn vafi í huga kvennanna þegar þær eru spurðar hvort „hið opinbera“ eigi að taka að sér stærra hlutverk í fjölskyldu- og velferðarmálum. Það á hið opinbera að gera, er svar þeirra. Í því samhengi benda þær á að konur vilji gjarnan vera efnahagslega sjálfstæðar gagnvart fjölskyldum sínum (foreldrum). Sumar benda á að það eigi ekki allir fjölskyldu sem hægt sé að leita til. Þær benda enn fremur á að betra og lengra feðraorlof myndi gagnast fjölskyldum og börnum, og auka jafnrétti karla og kvenna. Þá leggja þær áherslu á að í Færeyjum sé þörf fyrir „alla“ (einstæðar mæður/feður, einhleypa, samkynhneigða) og þess vegna þurfi að bæta aðstæður þessara hópa í Færeyjum. Sumar benda á að fleiri og betri úrræði í velferðarþjónustu myndu leiða til skattahækkunar og það sé að vissu leyti vandamál en engu að síður hafi þjóðfélagið þörf fyrir þessi velferðarúrræði. Hér á eftir fara nokkur ummæli:

„Það er þannig að maður vill vera sjálfstæður... þá verður maður að geta bjargað sér sjálfur.“ (*Menntuð kona, 35 ára, 2 börn*)

„Já, en ef barnið veikist, hver á þá að koma til aðstoðar? Sko, ég hef engar ömmur eða afa sem ég get leitað til.“ (*Ófaglærð kona, 39 ára, 4 börn*)

„Það er mikilvægast að karlarnir fái að heima hjá veikum börnum og prófi það. Gefum þeim þrjá mánuði.“ (*Menntuð kona, 36 ára, 2 börn*)

„Vegna þess að það er þörf á fólki. Það er þörf á öllu fólki í Færeyjum. Og ef svo margir eru sortéraðir frá, þá er það missir fyrir samfélagið.“ (*Ófaglærð kona, 22 ára, barnlaus*)

¹¹ Sjá viðauka „Tryggingakerfi“.

„Já, en það þýðir þá líka að skattarnir hækka... Það er klípa... Ég geri ráð fyrir að ég myndi velja að greiða hærri skatta, ef þetta væri ég... Ef maður vissi að þeir færu í það en ekki í jarðgöng og malbik... en það er einmitt það gerist svo oft.“ (*Ófaglærð kona, 27 ára, 1 barn*)

Rannsóknin bendir til þess að konurnar vantroysti færeyskum stjórnvöldum og að þeim finnst „samfélagið“ ekki gæta hagsmuna þeirra. Rannsóknin sýnir um leið að yfirvöld og stofnanir sem annast velferðarþjónustu megna ekki (alltaf) að koma til móts við kröfur og óskir borgaranna um lífsgæði og velferðarþjónustu. Þetta vekur upp spurningar um að hvort hlutaðeigandi yfirvöld og stofnanir hafa bjargir – bæði efnislegar og óefnislegar – til að takast á við þessi hlutverk. Eins kemur fram í rannsókninni að almenningur veit lítið um réttindi sín í færeysku þjóðfélagi. Þetta gefur að hluta til vísbendingu um að formleg kerfi séu veik og vantraust ríki í garð færeyskra stjórnvalda.

1.6. Efnahagslegt jafnrétti

Konurnar sem þátt tóku í rannsókninni leggja áherslu á að launajafnrétti skipti sköpum fyrir almennt jafnrétti í þjóðfélaginu. Þær benda á að með því að greiða konum lægri laun en körlum sé „samfélagið“ að gefa þau skilaboð að konur séu síðri en karlar. Þær benda sérstaklega á að á almennum vinnumarkaði skorti gagnsæi í launakjörum. Eins og ein þeirra orðar það:


„Það á að vera gegnsærra. Að það sé auðveldara fyrir okkur að sjá hvað karl fær í laun, bæði hjá því opinbera og á almennum vinnumarkaði og eins hvað kona þénar... Það á að vera gagnsærra.“ (*Menntuð kona, 27 ára, barnlaus*)

Þær leggja einnig áherslu á að vinna kvenna sé ekki metin að verðleikum:

„Maður á alla vega að þora að segja að maður eigi að fá laun... og viðurkenna að það sem maður fæst við sé jafngott og það sem karlinn við hliðina á þér gerir, sem sinnir sams konar starfi.“ (*Menntuð kona, 26 ára, 1 barn*)

1.6.1 Kynbundinn launamunur

Launapróun síðustu ára sýnir greinilega að verulegur kynbundinn launamunur er til staðar. Á mynd 4 má sjá að á árinu 1985 fóru 72% af heildarlaunum til karla en 28% til kvenna. Á árinu 2008 höfðu karlar 62% af heildarlaunum og konur 38%.



Mynd4: Launabróun eftir kynjum% (1985–2008)

Heimild: Hagstofa Føroya

Draga má þá ályktun að launamunur hafi ekki breyst umtalsvert – aðeins um 10% – á næstum aldarfjórðungi. Hér ber einnig að hafa í huga að atvinnuþátttaka færeyskra kvenna er sú hæsta á Norðurlöndum. Í Finnlandi er atvinnuþátttaka kvenna minnst. Upplýsingar frá árinu 2007 sýna að 76% karla (16–64 ára) í Finnlandi og 92% í Færeyjum voru á vinnumarkaði, en 74% kvenna (16–64 ára) í Finnlandi og 89% í Færeyjum (Agerskov, 2008).

1.6.2 Ástæður launamunar

Margir viðmælendur skýra launamun karla og kvenna með því að konur „skorti hæfileika“ til að setja fram kröfur og að þær vilji forðast árekstra á vinnustaðnum eins og þessi ummæli sýna:

„Konur verða að láta heyrast í sér. Það vil ég gera og hætta að vera svona kurteis alltaf, sérstaklega á vinnumarkaðnum.“ (*Menntuð kona, 38 ára, barnlaus*)

„Við eigum að þora að semja sjálfar um okkar laun... Mér finnst reyndar að ég ætti að fá hærri laun en ég þori ekki... ef hann [atvinnurekandinn] segði nei... Ég er líka ánægð í vinnunni.“ (*Menntuð kona, 27 ára, 1 barn*)

„Ég kvartaði nefnilega á einum vinnustað en náttúrulega ekki við réttan aðila... að einn [starfsmaður] sem var næstum skólakrakki fékk hærri túmalaun en ég... gift konan með fjögur börn og stórt lán. Hann átti bíl sem hann hafði keypt... Ég fór því til forstjórans og sagði: Ef ég fæ ekki sömu laun og þessi drengur... þá er ég farin... Þá sagði hann: Já, en hvað viltu mikið? Ég sagði: ... að minnsta kosti helmingi meira... og ég fékk það [helmingi meira].“ (*Ófaglærð kona, 39 ára, 4 börn*)

Það er erfitt að segja hvað veldur launamuni karla og kvenna – eða hvaða huglægu og hlutlægu þættir hafa áhrif á hann. Þó er ekki óalgengt að leggja hluta ábyrgðarinnar á einstaklinginn, eins og konurnar hér að framan. Samt vitum við að konur fæða börn, fara í leyfi og að fremur stór hluti kvenna vinnur í hlutastarfi eins og fram kemur í þessari rannsókn. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á launakjör færeyskra kvenna á vinnumarkaði. Rannsóknin leiðir enn fremur í ljós að fjölskyldan þarf enn að axla ábyrgð á ýmsum umönnunar- og velferðarverkefnum. Það hefur (eflaust) áhrif á ákvarðanir kvennanna og stöðu þeirra gagnvart atvinnurekendum.

Nokkrar konur halda því enn fremur fram að ekki sé borin nægileg virðing fyrir störfum kvenna. Sumar þeirra benda t.d. á að leikskólakennarar ali ekki upp börn heldur skapi aðstæður fyrir innihaldsríkan dag. Fyrir þeim er launajafnrétti:

„Að fólk hafi sömu réttindi, karlar og konur, og að laun okkar séu sambærileg fyrir sömu lengd menntunar og annað.“ (*Menntuð kona, 37 ára, 1 barn*)

Hér er vísað til þess að jöfn laun snúist ekki bara um formlegar kröfur heldur að konur og karlar fái sömu laun fyrir jafn verðmæt störf, og að tækifæri og verksvið kvenna séu jafngild karla.

Viðmælendur í rannsókninni leggja áherslu á að skekkja myndist vegna þess að karlar hafi oft hærri tekjur en konur og því sé arðsamt fyrir fjölskyldur að konan sé heimavinnandi, nýti fæðingarorlof sem hún hafi rétt á og vinni jafnvel hlutastarf. Margar minnst á þessa klípu þegar við ræðum hvernig hið opinbera geti stuðlað að bættum lífsgæðum og auknu jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði:

„Ef jafnrétti ríkti milli [kynjanna] þá ætti þabbinn að taka sinn hluta... En fólk sleppur því yfirleitt því þabbinn er með hærri tekjur... Og það munar miklu þegar um er að ræða fjölskyldu með mikil útgjöld... Þá er staðið frammi fyrir þeirri spurningu hvor aðilinn þéni mest.“ (*Menntuð kona, 37 ára, 1 barn*)

„Já, en það er oft þannig að mamman tekur börnin fram yfir vinnuna en karlinn aftur á móti gerir það kannski síður og þess vegna hefur hann hærri tekjur“ (*Ófaglærð kona, 27 ára, 1 barn*).

„Þú ert kannski búin að vera með barn á brjósti í 6 mánuði eða heilt ár. Það er mjög erfitt að rjúfa það mynstur... Þá [feðurna] skortir þennan tíma. Þrjá mánuði með börnunum þegar þau eru pínulítill, að annast þau sjálfir... já, þar sem mamman fær ekki að skipta sér af.“ (*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

„Þegar barnið veikist er því sýndur meiri skilningur að mamman sé heima en þabbinn.“ (*Menntuð kona, 36 ára, 1 barn*)

Nokkrar benda á að þörf sé á kvótakerfi þar sem þrír mánuðir barneignaleyfisins séu ætlaðir feðrunum. Nýti faðirinn ekki feðraorlofið felli það úr gildi. Þær telja að þetta muni auka vellíðan fjölskyldunnar. Feðurnir

öðlist þannig betra tækifæri til að tengjast börnunum þegar þau eru lítil og staða kvenna á vinnumarkaði myndi batna. Eins og ein þeirra segir:

„Það yrði svo gott við bundið fæðingarorlof ... mamman myndi neyðast til að fara út að vinna í þessa þrjá mánuði... Því þá fengi faðirinn næði til að vera með barninu.“
(*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

Niðurstaðan er sú að konurnar telja að launajafnrétti skipti sköpum fyrir jafnrétti í samfélaginu. Ef „samfélagið“ veitir konum og körlum mismunandi laun eru það samtímis skilaboð um að konur og karlar séu ekki jafn mikils virði. Ekki er óalgengt að útskýra launamismun með ábyrgð einstaklingsins, eins og margar kvennanna í rannsókninni gera. Þó eru fleiri sem vísa til vandamála vegna formgerðar samfélagsins, t.d. fæðingarorlofskerfisins og hvernig hæfileikar kvenna og karla eru metnir mismunandi í störfum þeirra.

1.7. Lífsgæði

Á sama hátt og við gerðum grein fyrir hugtakinu *jafnrétti* er mikilvægt að hafa í huga að hugtakið *lífsgæði* hefur ekki heldur eina ákveðna merkingu. Konur eru ekki einsleitur hópur og geta því haft mismunandi skoðanir á því sem felst í hugtakinu lífsgæði. Því félagslegar aðstæður kvenna eru ólíkar og því gera þær konur ólíkar kröfur um lífsgæði. Ung móðir sem býr í meðalstóru þorpi segir:

„Mér finnst ég lifa mjög góðu lífi. En það er rétt að það sleppur [fjárhagslega]. En mér líður vel heima hjá mér. Ég á pínulítið hús. Er í vinnu sem ég er mjög ánægð með... Og það er vegna þess að mér og kærastanum mínum þykir mjög vænt hvoru um annað, við hjálpumst að með barnið og svoleiðis... maður hefur tíma... Svona einfaldir hlutir eru lífsgæði, finnst mér.“ (*Menntuð kona, 26 ára, 1 barn*)

Nokkurn veginn það sama segir önnur ung kona sem býr í meðalstóru þorpi:

„Mér finnst ég líka hafa það mjög gott... Við erum bæði í vinnu og eigum þrjú yndisleg börn. Tvö eru byrjuð í skóla og eitt í leikskóla. Sjálf vinn ég í leikskóla. Maðurinn minn er sjómaður. Það er svolítið leiðinlegt.“ (*Ófaglærð kona, 31 árs, 3 börn*)

Konurnar tvær héldu ekki áfram námi eftir grunnskóla. Þegar við ræðum um hvernig hið opinbera geti stuðlað að bættum lífsgæðum benda þær á að það væri gott að hafa menntun. Það myndi auka möguleika þeirra á vinnumarkaði og hreyfanleika (að geta flust á milli staða).

Annað sem viðmælendurnir nefna þegar rætt er um hvernig hið opinbera gæti stuðlað að bættum lífsgæðum, er betra fæðingarorlofskerfi, sem geri feðrunum kleift að vera meira heima með börnunum. Til dæmis segir ein kona:

„Mér finnst að við eigum að halda fast við jafnréttið. Að það vanti... Það ríkti jafnrétti þar til börnin komu í heiminn... Við erum hvort eð er heima... Allt sem fylgir börnunum snertir mig, kvenhlutverkið... Ég þarf verulega að berjast til þess að verkaskiptingin [á heimilinu] verði jafnari.“ (*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

Á sama hátt halda þær því fram að ef feðraorlofið félli sjálfkrafa niður, ef feðurnir nýttu það ekki, þá myndu þær (mæðurnar) berjast fyrir því að þeir nýttu sér feðraorlofið.

Ef segja á eitthvað almennt um hvað viðmælendur leggja áherslu á þegar þær eiga að lýsa lífsgæðum, þá er það að fjölskyldan dafni, öryggi, áhugavert starf og tími bæði fyrir fjölskylduna og þær sjálfar. Einnig skiptir máli að þær geti nýtt menntun sína. Öryggi segja þær að sé ekki aðeins efnahagslegt öryggi heldur ekki síður öryggi barna í daglegu lífi. Þær leggja mikla áherslu á gott framboð af dagvistun fyrir börnin og óska sérstaklega eftir meiri sveigjanleika á dagvistarstofnunum. Þær nefna m.a. að opnunartímar séu ekki (alltaf) í samræmi við þarfir fjölskyldunnar. Til dæmis þurfi margar fjölskyldur gæslu á kvöldin eða fyrir á morgnana. Þær furða sig einnig á því hvað þjónustan er mismunandi eftir stofnunum, hvers vegna sumar stofnanir loki á sumrin en aðrar geti haft opið. Þær benda einnig á skort á sveigjanleika og réttindum á vinnumarkaðnum. Í því sambandi nefna þær sveigjanlegan vinnutíma og fleiri frídaga þegar börnin veikjast.

Barnlausu konurnar nefna skort á sveigjanleika á húsnæðismarkaði þegar við ræðum hvernig hið opinbera geti stuðlað að bættum lífsgæðum. Eins og ein þeirra segir:

„Það [sem yfirvöld gætu gert] væri að gera mér kleift að finna mér húsnæði sem ég réði við að borga... og gæti einnig lifað mannsæmandi lífi.“ (*Menntuð kona, 38 ára, barnlaus*)

Konurnar leggja líka áherslu á að aukið framboð á menntun myndi auka lífsgæði. Óski fólk eftir að mennta sig er oft aðeins um eitt að ræða, það er að flytja aftur frá Færeyjum.

Bæði barnlausu konurnar og þær sem hafa hlotið menntun sína erlendis leggja áherslu á að hið opinbera geta stuðlað að aukinni vellíðan fólks með því að tryggja heilbriggt samfélag. Þar eiga þær við samfélag sem er ekki staðnað heldur í stöðugri þróun:

„... Ef maður hefur verið erlendis, segjum í áratug og snýr síðan aftur í samfélag sem er nákvæmlega á sama stað. Þá er maður ekki tilbúinn, eða samfélagið er ekki tilbúið fyrir mann. Ég veit ekki almennilega hvernig ég á að útskýra þetta. Þá kemur maður heim með eitthvað í farteskinu sem samfélagið hefur ekki not fyrir. Og þá líður manni ekki vel. Nú, það er ekki pláss fyrir mig hér? ... Og þarna finnst mér samfélagið svolítið staðnað... En það hefur sennilega staðið í stað nokkuð lengi.“ (*Menntuð kona, 31 árs, 2 börn*)

Því má draga þá ályktun að nokkur lykilorð kvennanna um lífsgæði séu *sveigjanleiki, jafnrétti inni á heimilunum og í launamálum, umbyrðarlyndi*

og öryggi. Að lokum var rætt um hvaða mál þær myndu leggja áherslu á til að bæta aðstæður færeyskra kvenna, ef þær fengju að vera lögmaður (formaður landsstjórnar) í einn dag.

Þær benda á að þörf sé á að bæta fæðingarorlofskerfið, þjónustu við aldraða og aðstæður fatlaðra. Auk þess leggja allir hóparnir áherslu á að brýnt sé að bæta kjör einstæðra mæðra. Þær vísa m.a. til þess að barnabæturnar séu alltof lágar. Ein þeirra hefur þetta að segja um upphæðina:

„Það er ekkert barn í heimi svo ódýrt í rekstri. Jú, kannski í Afríku.“ (*Ófaglærð kona, 39 ára, 4 börn*)

Þær benda einnig á að sú upphæð sem einstæðar mæður (fyrirvinnur) geti fengið aukalega, breyti ekki miklu¹².

„Það dugar ekki einu sinni fyrir útigalla.“ (*Menntuð kona, 37 ára, 1 barn*)

Þannig leggja þær einnig áherslu á lengri opnunartíma dagvistunarstofnana. Þær nefna einnig styttri vinnuviku (tíma fyrir fjölskylduna og sjálfar sig) og meira framboð á menntun. Nokkrar gagnrýna stjórnvöld og störf þeirra. Þeim finnst stjórnkerfið ekki taka nægilegt mark á skoðunum fólks – að nauðsynlegt sé í öllu stjórnmalakerfi að leggja eyrun við raddir grasrótanna – eins og sjá má af þessari tilvitnun:

„... Stjórnmalamennirnir mynda sér oft skoðun án þess að hlusta á raddir fólksins. [Þeir ættu] sjálfir að heimsækja vinnustaðina og spyrja fólk hvers það óskar. Ekki bara eins og hænur sem setjast og gera það.“ (*Menntuð kona, 36 ára, 2 börn*)

1.8. Lokaorð

Í rannsókninni höfum við tekið mið af þremur mismunandi velferðarkerfum – frjálsslyndu, sósíaldemókratísku og íhaldssömu. Konurnar nefna ýmsa þætti sem hafa áhrif á vellíðan þeirra í færeysku samfélagi, og hvers konar velferðarúræði stuðli að vellíðan og jafnrétti kvenna og karla. Þó afhjúpar rannsóknin nokkur greinileg einkenni íhaldssama og frjálsslynda velferðarkerfisins sem konurnar eru óánægðar með. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að veik formleg kerfi leiða til þess að opinberar stofnanir megna ekki að koma til móts við þær kröfur borgaranna til hins opinbera. Til dæmis taka nokkrar konur skýrt fram að upplýsingum yfirvalda um réttindi borgaranna sé mjög ábótavant þegar þær hafa leitað aðstoðar viðkomandi stofnana. Eins sýnir rannsóknin að konur eru mjög háðar fjölskyldum og mökum og að velferðarkerfið sé frekar sniðið að fjölskyldum en einstaklingum. Þetta kemur best fram hjá einhleypum mæðrum. Í stuttu máli má segja að þær séu fjárhagslega háðar fjölskyldunni og það finnst þeim

¹² Upphæðin er samtals 6.000 færeyskar kr. (færeyska og danska krónan hafa sama gengi og eru notaðar jöfnum höndum) á ári með hverju barni, sem greitt er út fjórum sinnum á ári, þ.e. 1.500 kr. í hvert skipti. Sjá: www.almannastovan.fo/main/default.asp?id={830C9ED9-63A1-4697-8C32-483EC26A2F3E}.

niðurlægjandi samhliða. Þeim finnst þær brennimerktar þegar þær leita aðstoðar hjá hinu opinbera. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að valþröng gerir oft vart við sig hjá konunum. Þær gera sér vel grein fyrir þeim tækifærum og réttindum sem standa þeim til boða í dönsku velferðarkerfi sem þær telja mun fremra en því sem tíðkast í Færeyjum. Á móti vega nán tengsl í Færeyjum og að börn alast þar upp við mikið öryggi. Konurnar eru greinilega á einu máli um að hið opinbera í Færeyjum eigi að leggja meira af mörkum í fjölskyldu- og velferðarmálum og að það myndi almennt bæta lífsgæði kvenna í Færeyjum. Þegar spurt var hvort færæyska velferðarkerfið stuðlaði að auknu jafnrétti kvenna og karla leiðir rannsóknin greinilega í ljós að konurnar telja að jafnrétti snúist mikið um verkaskiptingu á heimilinu og launajöfnuð kvenna og karla. Þeim finnst vanta betra fæðingarorlofskerfi fyrir feður og meira gagnsæis í launamálum, einkum á almennum vinnumarkaði. Núverandi aðstæður gera það að verkum að fjölskyldan kemur fjárhagslega verr út ef faðirinn tekur barneignarleyfi í stað konunnar. Konurnar telja að þetta leiði til þess að konurnar taka meiri ábyrgð á börnunum en karlarnir. Hreinskilni og gagnsæi í launamálum myndi afhjúpa launamun kynjanna.

1.9. Heimildaskrá

- Agerskov, Ulla (ed.) (2008). Nordic Statistical Yearbook 2008. Nordisk statistik årsbok 2008. Volume 45, Nord 2008:001.
- Arnfred, Signe (2001). „Questions of Power: Women’s Movements, Feminist Theory and Development Aid“. In *Discussing Women’s Empowerment – Theory and Practice*. Sida studies no. 3, pp. 73–87.
- Arnfred, Signe (2001). Mainstreaming – mod strømmen? Sótt 21. janúar 2009 af http://www.fokuskvinner.no/Publikasjon/er/Kvinner_sammen/2001/1_2001/224.
- Biskopstø, Olga & Mýri, Martha (2007). Livikorini hjá fyrirtæparpensionistum í Føroyum - ein spurnakanning. Granskingardepilin fyri Økismenning: Arbeidsrit 16.
- Dahlström, Margareta (1996). Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandinavian North. *Journal of Rural Studies*, Vol. 12, No. 3, pp. 259–271.
- Esping-Andersen, Gosta and Myles, John. (e.d.) *The Welfare State and Redistribution*. Sótt 13. febrúar 2009 af http://dcpis.upf.edu/~gosta-esping-andersen/materials/welfare_state.pdf
- Esping-Andersen, Gøsta (1999). *Social Foundations of Postindustrial Economies*. New York: Oxford University Press.
- Faber, Stine Thidemann (2008). På jagt efter klasse. Ph.d.-afhandling. Ålborg Universitet: Institut for Sociology, Socialt arbejde og Organisation.
- Giddens Anthony (2002). „There is no alternative - the Third Way is the only way forward“. *The Independent* 8. janúar 2002. Sótt 13. desember 2009 af <http://www.independent.co.uk/opinion/commentators/tony-giddens-there-is-no-alternative--the-third-way-is-the-only-way-forward-662471.html>
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, (ed.) (2007). *Arbejde, helse og velfærd i Vestnorden*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastova í vinnuvernd.
- Hagstova Føroya. www.hagstova.fo
- Jákupsstovu í, Beinta (2007). „Velfærd på Færøylene – Ny velfærdsmodell i støpeskjeen“. I Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (ed). *Arbejde, helse og velfærd i Vestnorden*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastova í vinnuvernd.
- Jákupsstovu í, Beinta, Jacobsen, Björg (2005). „Kvinnerollen på Færøyerne i

- ending – en sammenlikning av kvinners politiske medborgeskap i to kommuner.“ I Berglund (red.). Med periferien i sentrum – en studie av lokal velferd, arbeidsmarked og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien. Finnmark: Norut NIBR. 2005:169–200.
- Kabeer, Naila (2001). „Resources, Agency, Achievements: Reflections on the Measurement of Women’s Empowerment“. In *Discussing Women’s Empowerment – Theory and Practice*. Sida studies no. 3, pp. 17–57.
- Lomnitz, Larissa Adler (1988) ‘Informal Exchange Networks in Formal Systems: A Theoretical Model. Sótt 4. Maí 2009 af <http://www.colbud.hu/honesty-trust/lomnitz/pub01.PDF>.
- Sundström, Eva (2006). Valfärdspolitiska förhållande i Västnorden. Färöarna, Grönland och Island. TemaNord 2006:520. Köbenhavn: Nordiska ministerrådet.
- Karin Jóhanna L. Knudsen hóf störf við rannsóknir á félagsrannsóknastofnuninni (Granskningardepillinn fyri Samfelagsmenning) við Háskólann í Færeyjum árið 2006. Rannsóknir hennar beinast m.a. að kynjafræði og samfélagsþróun. Karin Jóhanna hefur lokið prófi sem cand.scient.soc. frá Háskólamiðstöðinni í Hróarskeldu (Roskilde Universitetscenter).

Karin Jóhanna L. Knudsen hóf störf við rannsóknir á félagsrannsóknastofnuninni (Granskningardepillinn fyri Samfelagsmenning) við Háskólann í Færeyjum árið 2006. Rannsóknir hennar beinast m.a. að kynjafræði og samfélagsþróun. Karin Jóhanna hefur lokið prófi sem cand.scient.soc. frá Háskólamiðstöðinni í Hróarskeldu (Roskilde Universitetscenter).



2. Konur og velferð á Grænlandi

MarieKathrine Poppel



Mynd: Birger Poppel

2.1. Inngangur

2.1.1 Þátttaka kvenna í samfélagsþróun á Grænlandi

Danska ríkið stóð að viðamiklum umbótaáætlunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar sem kallaðar voru G50 og G60. Markmiðið var að bæta lífsskjör grænlenksku þjóðarinnar. Fjárfest var í heilbrigðiskerfi, byggingu húsnæðis, grunngerð og sjávarútvegi.

Nútímavæðing Grænlands, ekki síst uppbygging sjávarútvegs einkum um miðjan sjötta áratuginn, hafði mikil áhrif á atvinnuþátttöku kvenna, og hefur hún aukist allar götur síðan. Á árinu 2006 voru konur 44% vinnuafis, mælt í ársverkum. Í opinbera geiranum er meirihluti starfsfólks konur. Næstum helmingi fleiri konur en karlar vinna opinber þjónustustörf, m.a. í félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu og við kennslu (Poppel og Kleist 2009).

Samfara aukinni atvinnuþátttöku grænlenkskra kvenna hefur menntastig þeirra hækkað. Þegar nútímavæðingin hófst höfðu mjög fáar konur aðra menntun en grunnskólapróf. Á árinu 2008 voru konur í meirihluta þeirra sem hófu réttindanáms. Karlar eru aðeins í meirihluta í faglegu grunnnámi en konur bæði í meðallöngu og löngu framhaldsnámi.

Þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku og hærra menntunarstig kvenna eru langflestir yfirmenn í heimastjórninni og fyrirtækjum í eigu hins opinbera karlar. „Þannig eru fleiri karlar en konur í efstu stöðum (ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar) í níu af ellefu ráðuneytum, stofnunum og stjórnnum heimastjórnarinnar.“ (Poppel og Kleist 2009: 342).

Grænlenskar konur fengu kosningarétt 1948 án þess að þess sæjust nokkur merki eftir þingkosningar 1951. Í kosningum til sveitarstjórna sama ár var aðeins einn af 100 sveitarstjórnarfulltrúum landsins kjörinn úr röðum kvenna (Agerskov 1989). Eftir að heimastjórn kom á og fram að síðustu kosningum 2009 hafa æ fleiri konur náð kjöri og hefur hlutur þeirra farið vaxandi allt fram að þessu. Í kosningum 2002 fjölgaði konum á þingi mest, bæði hlutfallslega og að höfðatölu. Í þeim kosningum bauð Arnat Partiiat (Kvennaflokkurinn) fram¹³, en baráttumál hans voru virkari þátttaka kvenna í stjórnámálum og jafnari kynjahlutföll á þingi og í sveitarstjórnnum. Enn sitja fleiri karlar en konur á löggjafarþingi en jafn margar konur og karlar sitja í Naalakkarsuisut (heimastjórninni).

2.1.2 Jafnrétti og jafnréttislöggjöf

Jafnréttisráð var stofnað á Grænlandi samkvæmt Landsþingslögum nr. 5 dags. 20. maí 1998. Jafnréttisráð getur rannsakað aðstæður sem varða jafnrétti, að eigin frumkvæði eða að beiðni annarra. Jafnréttisráði ber að fylgjast með þróun samfélagsmála og veita heimastjórn, sveitarstjórnnum og einkaaðilum ráðgjöf um jafnréttismál. Jafnréttisráð gefur heimastjórn árlega skýrslu um störf sín. Ráðið skipa formaður og sex óbreyttir fulltrúar. Heimastjórn útnefni sex fulltrúa að fenginni tillögu ýmissa samtaka og stjórnmalaflokka. Formaður og óbreyttir fulltrúar hafa allt frá stofnun ráðsins verið útnefndir til fjögurra ára í senn. Heimastjórn á að stuðla að jafnri kynjaskiptingu við útnefningu fulltrúa. Jafnréttisráð á að hvetja til og stuðla að fræðslu fyrir borgara og þau yfirvöld sem fara með jafnréttismál og eru í tengslum við aðrar ráðgefandi stofnanir um jafnréttismál á Norðurlöndum (Jafnréttisstofu).

Kveðið er á um jafnrétti karla og kvenna í Landsþingslögum nr. 7 dags. 11 apríl 2003:

„§ 1. Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla, í einkalífi og á öllum sviðum samfélagsins, þar á meðal áhrifum og jöfnum tækifærum sem byggja á því að konur og karlar séu jöfn að verðleikum. Þá er markmið laganna að vinna gegn beinni og óbeinni mismunun vegna kynferðis.“

¹³ Kvennaflokkurinn fékk kjörgengi til þings 1. nóvember 2001. Flokkurinn bauð fram í þingkosningum sem fram fóru 3. desember 2002. Flokkurinn fékk engan fulltrúa á þing og bauð ekki fram í næstu kosningum.

2.1.3 Velferðarhugtakið

Ein aðferð til að skoða velferðarríki nútímans er sk. *Umönnunarþríhyrnin-gur*. Samkvæmt honum er hægt að skipta opinberri velferðarþjónusta í þrjá flokka eftir því hvernig verkaskipting ríkis, markaðar og borgaralegs samfélags er háttað (Titmuss 1958). Ríkið veitir stofnanabundin (institutional) réttindi á grundvelli ríkisfangs. Samkvæmt henni eiga allir borgarar rétt á félagslegum úrræðum og eru þau nokkurn veginn eins fyrir alla. Á markaði er félagslegum úrræðum og réttindum skipt á grundvelli stöðu á vinnumarkaði (arbejdsmarkedsbaserede princip). Þar ávinna borgararnir sér réttindi í kerfi sem líkist tryggingum. Við vissar félagslegur aðstæður fær borgarinn fjárhagslega aðstoð en upphæð hennar fer eftir starfsgrein, launum og starfsaldri. Í borgaralegu samfélagi fer bótaréttur eftir þörfum og neyð. Það kallar Titmuss takmörkuð réttindakerfi (residualt princip). Þegar öll einkaúrræði hafa verið nýtt og ekki dugað til, kemur til kasta ríkis/stefnu í félagsmálum (Larsen og Møller 2004:116).

Esping-Andersen þróaði líkan Titmuss enn frekar. Hann vinnur út frá fjórum líkönum sem hann kallar samráðslíkanið (den korporative), kaþólska, frjálslýnda og sósíaldemókrátíska líkanið (Esping-Andersen 1990).

Samráðslíkanið miðast við vinnumarkað, þar sem áhersla er lögð á lögbundnar almannatryggingar í sameiginlegri umsjón ríkis og aðila vinnumarkaðarins. Kaþólska líkanið miðast við fjölskylduna, ábyrgð einstaklingsins og góðgerðarstarfsemi einkaaðila. Samkvæmt frjálslýnda líkaninu er réttur allra á félagslegum úrræðum tryggður en fer eftir ríkisfangi, bótum er haldið í hæfilegu lágmarki sem felur í sér hvatningu til fólks um að nýta markaðinn og framfleyta sér sjálft. Markmið sósíaldemókrátíska líkansins er ekki eingöngu að útrýma fátækt heldur einnig að tryggja félagslega virkni einstaklingsins (Larsen og Møller 2004).

Esping-Andersen beinir sjónum að því hvernig velferðarlíkönin losa launþega undan því að vera „vörur“ á vinnumarkaði, sem ganga kaupum og sölum á kjörum sem vinnumarkaðurinn ákveður. Hann skiptir velferðarríkinu út frá:

- því í hve miklum mæli velferðarúrræði losa einstaklinga undan áhrifum markaðarins
- hvernig stefna í velferðarmálum hefur áhrif á barneignir og breytir lagskiptingu eftir stéttum.
- myndun stéttabandalaga sem skipta sköpum fyrir þróun velferðarlíkananna og pólitísk-hugmyndafræðileg einkenni þeirra (Esping-Andersen 1990).

2.1.4 Konur og velferð á Grænlandi

Velferðarlíkan Esping-Andersens hefur oft sætt gagnrýni fyrir að ná ekki til hlutverks fjölskyldunnar gagnvart markaði og ríki, þar á meðal ólaunaðra starfa og umönnunar. Samfélagsbreytingar á Grænlandi hefur leitt til

aukinnar menntunar og atvinnuþátttöku kvenna og virkrar þátttöku þeirra í stjórnámálum. Mikil félagsleg mismunun og ójöfn skipting gæðanna skapar þó hættu á að félagsleg mismunun samfélagshópa aukist (Carlsen 2007:71) enn frekar, t.d. ungra kvenna.

Í rannsókn þessari á „konum og velferð“ er markmiðið „að skoða velferðarúrræði fyrir fjölskyldur á Grænlandi og áhrif þeirra einkum á ungar konur. Þá leitumst við eftir að finna atriði í velferðarstefnu sem teljast mikilvæg fyrir ungar konur/fjölskyldur og sem geta eftt stöðu grænleuskra kvenna og aukið jafnrétti kvenna og karla.“ (Vestnorrænt rannsóknarverkefni um konur og velferð 2009/2010).

Í öðrum kafla er fjallað um: Hreyfanleika kvenna og ástæður brottflutnings þeirra. Margar konur flytja brott frá norðlægum samfélögum, frá jaðarsvæðum til vaxtarsvæða og úr landi. Það er m.a. aðdragandinn að þessu verkefni.

- Hverja teljið þið vera ástæðuna?
- Er það vegna mannfæðar, er það vegna vankanta á velferðinni eða vegna skorts á jafnrétti kvenna og karla?

Í þriðja kafla er fjallað um lífsgæði kvenna.

- Hver eru lífsgæði ungra kvenna á Grænlandi í dag?
- Hvað teljið þið að þurfi til að öðlast lífsgæði á Grænlandi?

Í fjórða kafla er fjallað um: Opinbera velferðarkerfið.

- Hvernig getur hið opinbera stuðlað að betri lífsgæðum ykkar?
- Vestnorrænu velferðarkerfin eru að mörgu leyti ólík því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Oft kemur til kasta stórfjölskyldunnar þegar velferðarúrræði samfélagsins duga ekki til. Eiga stjórnámálamenn að leggja meiri áherslu á opinber velferðarúrræði í þágu fjölskyldunnar og jafnréttis en tíðkast hefur fram að þessu?
- Hvernig hafa opinber úrræði áhrif á daglegt líf þitt?
- Hvaða opinber réttindi/úrræði auðvelda best samspil atvinnulífs og fjölskyldu?
- Hvaða opinber réttindi/úrræði hafa mest áhrif á jafnrétti kvenna og karla? Hér er t.d. átt við rétt til að vera heima hjá veikum börnum og fæðingarorlof.

Í fimmta kafla er fjallað um: Jafnréttismál

Atvinnuþátttaka vestnorrænna kvenna er meiri en annars staðar á Norðurlöndum. Engu að síður virðist launamunur karla og kvenna meiri í vestri en austri. Jafnrétti ber oft á góma í opinberri umræðu.

- Hvaða skilning leggur þú í 'jafnrétti'?

- Hvað telurðu þurfa til að við fáum jafnrétti (jöfn laun) kvenna og karla á Grænlandi?
- Hvað ræður kynjajafnrétti miklu um hvort konur vilja búa á Grænlandi?

2.1.5 Aðferð

Eigindlegri aðferð er beitt til að ná markmiðum rannsóknarinnar. Tekin eru rýnihópaviðtöl til að safna gögnum. Konum búsettum í Nuuk var skipt í fimm rýnihópa út frá hjúskaparstöðu þeirra, barneignum, menntastigi og hvort menntun væri lokið. Í hverjum rýnihópi voru fimm þátttakendur (sjá síðar).

Opnum spurningum (sjá að framan) var beint í rýnihópaviðtölunum og höfðu þær verið þýddar á grænlensku. Því gátu viðtölin farið fram á móðurmáli þátttakenda hvort sem var á grænlensku eða dönsku. Hvert rýnihópaviðtal tók um 2–3 klukkustundir. Tveir stjórnendur komu að viðtölunum. Varste M. Berndtsen, aðstoðarmaður við rannsóknina, sá um samskipti þátttakenda í hópnum, lagði fram spurningar og hvatti þátttakendur til að setja orð á og leggja fram skoðanir sínar og álit. Verkefnisstjórinn hljóðritaði viðtölin, skrifaði fundargerð upp úr svörunum og gætti þess í viðtölunum að öllum spurningum væru svarað og að greitt væri úr misskilningi eða óljósum atriðum.

Tekin voru rýnihópaviðtöl við fimm mismunandi samsetta kvannahópa (sjá kynningarkafla).

2.1.6 Rýnihópar

Tekin voru rýnihópaviðtöl við fimm rýnihópa. Við röðun í hópana var hugað að dreifingu aldurs, menntunar, barnafjölda, hjúskaparstöðu og fæðingarstaðar eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

Til að forðast nafngreiningu á þátttakendum er stuðst við almennar lýsingar á hópunum:

Rýnihópur 1: Einhleypar konur með börn.

Fimm einhleypar mæður á aldrinum 23–28 ára, þrjár fæddar í Nuuk, tvær í bæjum fyrir sunnan Nuuk. Tvær þeirra voru í námi, tvær höfðu lokið meðallöngu námi og ein var ófaglærð. Einhleypu konurnar áttu eitt barn hver á aldrinum 1½ árs til sex ára.

Rýnihópur 2: Konur giftar/í sambúð með börn yngri en 12 ára.

Konurnar fimm sem voru giftar eða í sambúð voru á aldrinum 24–35 ára. Fjórar eru fæddar í kaupstöðum; tvær í Ilulissat, ein í Sisimiut og ein í Narssaq en sú fimmta er úr byggð á Norður-Grænlandi. Tvær kvennanna voru í námi þegar viðtölin voru tekin, tvær höfðu lokið meðallöngu námi og ein var ófaglærð. Konurnar sem eru giftar eða í sambúð áttu eitt til fjögur börn á aldrinum 1–15 ára.

Rýnihópur 3: Konur menntaðar erlendis.

Fjórar konur menntaðar erlendis á aldrinum 29–33 ára. Þrjár fæddar í Nuuk en sú fjórða í Maniitsoq. Þrjár voru háskólamenntun en sú fjórða hafði lokið meðallöngu námi. Þrjár voru einhleypar og barnlausar en sú fjórða gift með eitt barn.

Rýnihópur 4: Barnlausar konur.


Barnlausu konurnar fimm eru á aldrinum 21–33 ára. Fjórar eru fæddar á Grænlandi; ein í Nuuk, önnur á Suður-Grænlandi og tvær við Diskóflóa en sú fimmta er fædd í Danmörku. Fjórar kvennanna eru einhleypar en sú fimmta er í sambúð. Tvær voru í námi þegar viðtölin voru tekin, tvær höfðu lokið fagnámi og ein var ómenntuð.

Rýnihópur 5: Konur án starfsmenntunar.

Þrjár konur án starfsmenntunar eru á aldrinum 21–25 ára. Tvær eru fæddar í Nuuk en sú þriðja í kaupstað við Diskóflóa. Tvær eru einhleypar en sú þriðja í sambúð. Önnur einhleypa konan á tvö börn yngri en fjögurra ára.

2.2. Hreyfanleiki kvenna og ástæður brottflutnings

Farsæl samfélagsþróun krefst jafnvægis í fjölda kvenna og karla. Konur voru fjölmennari en karlar þar til líða tók á sjötta áratug síðustu aldar þegar nútímavæðingin hóf innreið sína. Allt frá sjöunda áratugnum hafa konur verið áberandi fámennari en karlar.



Mynd 1. Hlutfallslegur fjöldi kvenna á Grænlandi 1841–2009

Heimildir: Rasmus Ole Rasmussen (2005) og ýmsir árgangar af Kallallit Nunaat – Statistisk Árbog.

2.2.1. Flutningar til og frá Grænlandi

Nútímavæðing grænlensks samfélags hófst á sjötta áratug síðustu aldar. Í kjölfar hennar jókst m.a. straumur aðfluttra frá Danmörku. Þar var einkum um að ræða karla á vinnufærum aldri sem settust að á Grænlandi, aðallega til styttri tíma. Innflutningurinn olli stöðugri skekkju í kynjahlutfallinu þar sem karlar á vinnufærum aldri voru í miklum meirihluta. Enn eru það aðallega

karlar sem flytja til Grænlands, en fleiri konur en karlar flytja úr landi (Poppel 2006).

Tafla 1. Íbúafjöldi eftir kyni og aldri, 1. janúar 2007

| | Karlar | Konur | Samtals |
|------------------|--------|--------|---------|
| Samtals | 30.005 | 26.643 | 56.648 |
| 0-6 ára | 3.036 | 2.966 | 6.002 |
| 7-14 ára | 3.928 | 3.829 | 7.757 |
| 15-17 ára | 1.460 | 1.384 | 2.844 |
| 18-24 ára | 2.960 | 2.905 | 5.865 |
| 25-59 ára | 15.591 | 12.849 | 28.44 |
| 60-66 ára | 1.783 | 1.294 | 3.077 |
| 67 ára eða eldri | 1.247 | 1.416 | 2.663 |

Heimildir: Hagstofa Grænlands 2007

Alls eru karlar 12% fjölmennari en konur á Grænlandi. Í aldurshópnum 25–59 ára eru næstum 3000 fleiri karlar en konur. Helsta ástæðan er fjöldi einhleypra karla sem flytja til Grænlands til starfa í styttri eða lengri tíma. Byggingaverkamenn eru fjölmennastir í þeim hópi. Á árinu 2006 voru rúmlega 2.600 fleiri starfandi karlar en konur sem voru fæddir annars staðar en á Grænlandi. Þar af störfuðu rúmlega 1500 í byggingar- og mannvirkjageira og samgöngum. (Hagstofa Grænlands 2008)

2.2. Ástæður brottflutnings kvenna

„Margar konur flytja frá norðlægum samfélögum. Frá jaðarsvæðum til vaxtarsvæða og úr landi. Það er m.a. aðdragandinn að vestnorrænu rannsóknaverkefni um konur og velferð sem ráðist hefur verið í.“

Rýnihóparnir voru spurðir: Hverja teljið þið ástæðuna fyrir þessu? Er það mannfæðin, eru það vankantar á velferðinni eða skortur á jafnrétti kvenna og karla?

Sumar konur flytja í leit að menntun og atvinnu. Að mati kvennanna í rýnihópnum er þetta almennt ástæðan fyrir því að konur flytja á brott, frá byggðum til bæja, frá litlum bæjum til stærri bæja og frá Grænlandi til Danmerkur, í leit að betri tækifærum til náms, starfsþjálfunar og atvinnu í þeirra grein. Barnlaus kona segir:

„Það eru að mestu leyti grænlenkar konur sem fá hærri menntun en karlar. Því neyðast konurnar til að setjast að þar sem atvinnutækifærin eru. Auk þess hefur grænlenkt samfélag verið að færast í þá átt að of margir finna ekki nógu góð tækifæri til menntunar. Að sjálfsögðu er menntunar leitað víðar en á Grænlandi. Í mörgum tilvikum vegna þess að fólk óskar eftir menntun sem er ekki í boði á Grænlandi eða vegna þess að það telur menntun erlendis vera betri en sú sem er í boði hér á landi.“

Kona með verkmenntun telur að „margir (frá strandsvæðum) flytji til Nuuk til að hefja nám“. Á árunum 2008–2009 var gerð rannsókn um land allt á hreyfanleika í grænlenksku samfélagi, ekki síst vegna þess að þá stóðu vonir

um að ráðist yrði í stórar atvinnuskapandi framkvæmdir¹⁴. Í rannsókninni var spurt um ástæður þess að fólk fluttist búferlum. Svör kvennanna skiptust sem hér segir: 11,2% „ósk um annað starf“; 12,4% „eigin menntun“; 8,4% „ósk um atvinnu“; 7,5% „tækifæri til starfsframa“; 7,9 % „ósk um betri laun“; 6,4% „ósk um betri vinnuaðstæður“ (Rasmussen 2010:11).

Sumar konur fluttu vegna húsnæðismála.

Húsnæðismarkaður á Grænlandi skiptist í:

- félagslegt húsnæði (úthlutað eftir biðtíma á biðlista),
- húsnæði í einkaeigu (þ.á.m. mjög stór hluti húsnæðis með opinberum stuðningi, t.d. búsetaíbúðir)
- starfsmannabústaðir sem fylgja ráðningu (starfsmannaíbúðir eru næstum aðeins veittar starfsfólki með framhaldsmenntun).

Kona án starfsmenntunar segir:

„En það er mjög erfitt fyrir íbúa í Nuuk að fara í nám, vegna þess að ástandið í húsnæðismálum er svo slæmt, langir biðlistar og ekla á námsmannaíbúðum. Því flytja margir til Danmerkur.“

Kona menntuð erlendis telur „að konur flytji úr landi vegna húsnæðiseklu“. Í rannsókninni um hreyfanleika gáfu 4,5% kvennanna „ósk um betra húsnæði“ upp sem ástæðu fyrir því að flytja (sama.:11).

Réttindamenntun er aðallega að finna í Nuuk. Flestir stúdentagarðar í Nuuk eru sjálfseignarstofnanir og eynamerktir námsfólki utan af landi¹⁵. Sermersuup sveitarfélagið hefur aðeins fá herbergi á stúdentagörðum handa námsfólki frá Nuuk. Erfiðara er fyrir námsfólk og ungt ófaglært fólk að finna leiguíbúð í félagslegu húsnæði í Nuuk en í Danmörku. Nú er um 15 ára biðtími eftir húsnæði í Nuuk ef fólk er ekki með menntun sem veitir aðgang að starfi með húsnæði, eða sem hefur sjálft – eða með aðstoð foreldra – kost á að fjármagna kaup á búseta- eða eignaríbúð. Því hleypa margar konur heimdraganum í von um betri líf skjör.

Sumar konur flytja vegna eigin veikinda eða barna sinna

Kona menntuð erlendis telur „að konur flytji úr landi vegna þess að þær sjálfar eða börn þeirra eiga við lífshættulega sjúkdóma að stríða“. Í rannsókn um hreyfanleika gefa 1,5% kvenna „heilsufarslegar ástæður“ og 3,9% „opinber úrræði (t.d. heilbrigðisþjónusta, barnagæsla, umönnun eldri borgara o.fl.) sem ástæðu til að flytja“ (sama.:11).

¹⁴ Rannsóknin „Hreyfanleiki á Grænlandi“ skiptist í þrjá greiningarkafla: Greiningu byggða á skráningu á tímabilinu 1996–2006, spurningalista sem 1.559 manna úrtak svaraði og eigindlegum hluta: 177 dýpri viðtöl.

¹⁵ Heimastjórninni ber skylda til að útvega námsfólki utan af landi húsnæði að því tilskildu að námið sé viðurkennt af yfirvöldum og starfsnám sé kki í boði annars staðar. Sveitarfélögin hins vegar útvega húsnæði fyrir námsfólk sem býr í sama sveitarfélagi og menntastofnunin.

Engar opinberar tölur liggja fyrir um fjölda þeirra sem flytja vegna eigin veikinda eða barna sinna, en tölur sýna að fólk sem býr við fötlun leitar enn hjálpar í Danmörku. „Á árinu 2008 bjuggu 105 Grænendingar með fötlun í Danmörku og fer þeim fjölgandi. Börn á Grænlandi með fötlun eru tekin frá fjölskyldum sínum vegna þess að þau búa við fötlun.“ (Skuggaskýrsla óháðra félagasamtaka 2009).

Sumar konur flytja til að skapa tækifæri fyrir börn sín.

Gift kona með börn segir að „konur flytji í leit að tómsundaiðju og góðri skólagöngu fyrir börnin sín“. Í rannsókninni um hreyfanleika gáfu 9% kvennanna upp „óskina um menntun fyrir börnin sín“ og 8,1% „tómstundaiðju“ sem ástæðu til að flytja (sama.:11).

Mikill kennaraskortur ríkir á Grænlandi. Þetta kemur fram í „Skuggaskýrslu óháðra félagasamtaka við skýrslu danskra stjórnvalda til nefndar SP um réttindi barnsins – 4. skýrslu“ frá árinu 2009, um að „Opinber skýrsla landsstjórnar sýni að raunveruleg þörf á fleiri menntuðum kennurum sé 40% í þéttbýli og 81% í byggðum landsins. Frá síðustu aldamótum og fram á þennan dag hefur menntuðum kennurum í grænenskum grunnskólum fækkað úr 863 í 858 (§36 spurningar EM 2008). Í 11 sveitarfélögum önnuðu kennarar 70% af eftirspurn á skólaárinu 2007–2008 og í sex öðrum sveitarfélögum minna en 60% (KANUKOKA)¹⁶.

Rannsókn þekkingarseturs um börn og unglunga (MIPI) sýnir greinileg tengsl á milli vellíðunar og tómsundaiðju. 66% stúlkna og 65% drengja sem líður vel standa sig vel eða mjög vel í skóla, en meðal ungmenna „líður ekki vel“ er það innan við helmingur sem stendur sig vel. (MIPI 2007).

Sumar konur flytja í leit að áskorunum

Barnlausar konur segja að mannfæðin geti verið ástæða fyrir brottflutningi kvenna eða að konur finni ekki nægar áskoranir í daglegu lífi.

Gift kona með börn undir 12 ára aldri telur „eina ástæðu fyrir brottflutningi kvenna vera að konur séu ekki eins háðar fjölskyldunni eins og fyrir nokkrum kynslóðum síðan. Þær geta ferðast meira en áður, einstaklingshyggjan er ríkari og margar velja að taka þá áhættu sem því fylgir“. Í rannsókninni um hreyfanleika kemur fram að 10,5% kvenna nefni „fjölskylduna“ sem ástæðu brottflutnings (Rasmussen 2010:11).

Frá lokum seinni heimsstyrjaldar hefur valfrelsi grænenskra kvenna aukist varðandi hjúskap, fjölskyldutengsl, vinnu, menntun og stjórnmalapáttöku. Skilnaðir voru ekki leyfðir fyrr en 1955. Lög fyrir Grænland um stofnun og upplausn hjúskapar voru samþykkt 1954 og gengu í gildi 1955¹⁷. Konur voru mun háðari fjölskyldu og ættingjum fjárhagslega og varðandi gæslu og uppeldi barnanna þar til þær hófu innreið á vinnumarkaðinn og dagvistunarplássum fjölgaði (sjá töflu hér á eftir). Móguleikar á menntun voru

¹⁶ KANUKOKA er skammstöfun á sambandi grænenskra sveitarfélaga.

¹⁷ Lög fyrir Grænland um stofnun og upplausn hjúskapar nr. 152 dags. 11. maí 1954, í tilkynningu nr. 28 dags. 15. febrúar 1955 gengu í gildi 1. júlí 1995 (Udvalget for Samfundsforskning Grønland 1961:12).

mjög takmarkaðir, einkum fyrir konur, á fyrstu áratugum nútímavæðingarinnar. Samfélagsbreytingar og áhersla á fiskvinnslu og iðnvæðingu á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar kölluðu á meiri menntun¹⁸, einkum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, þjónustustörfum á slippstöðvum og í samgöngum (Grønlands Hjemmestyre 1995). Á þessum tíma sinntu konur aðallega ófaglærðum störfum, þar á meðal í fiskvinnslu.

Tafla 2. Dagvistunarpláss 1968–1998

| | Fjöldi dagvistunarplássna | Hlutfall (pláss/fjöldi 0-6 ára) | Dagvistun sveitarfélags |
|------|---------------------------|---------------------------------|-------------------------|
| 1968 | 1.132 | 11% | |
| 1978 | 1.720 | 34% | 128 |
| 1988 | 2.485 | 35% | 595 |
| 1998 | 3.785* | 56% | 317 |

Athugasemd: * Þar á meðal frístundaheimili. **Hlutfall dagvistunar sveitarfélaga undanskilin.

Heimildir: Ýmsir árgangar af Beretning for Arbejds- og Socialdirektionen og Statistisk Årbog


Þegar heimastjórn komst á 1979 og tók við ýmsum verkefnum frá danska ríkinu sköpuðust mörg störf m.a. í félagsþjónustu og menntakerfi sem kölluðu á staðbundið og menntað vinnuafli. Þegar heimastjórnin – einkum frá lokum níunda áratugar síðustu aldar – varði miklum fjármunum til að auka menntunarstig sköpuðust ný tækifæri til menntunar sem einkum konurnar voru fljótar að nýta sér.

Grænlenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi 1948. Þær fóru þó ekki að nýta sér þennan rétt að neinu marki fyrr en á undanförunum 20 árum. Á heildina litið hafa samfélagsbreytingar, sem hér hafa verið raktar, veitt ungum nútímakonum meira valfrelsi en mæður þeirra og ömmur nutu og hafa þær nýtt sér þennan sjálfsákvörðunarétt¹⁹.

Meðalstærð heimila er ein af mörgum vísbendingum um breytt fjölskyldumynstur. Fyrir hálfri öld voru tæplega sex manns að meðaltali á hverju heimili en nú hefur þeim fækkað í rúmlega tvo. Þetta birtist m.a. í því að þriggja kynslóða heimili eru nú afar sjaldgæf (og húsnæði hefur aukist á elliheimilum), að dregið hefur úr fæðingartíðni en einbýlum fjölgað (t.d. á stúdentagörðum) þar sem aðeins er ein fyrirvinna. Margir þessir þættir hafa hnikað við hefðbundnum kynjahlutverkum og kynbundinni verkaskiptingu þar sem konur hafa öðlast fleiri tækifæri til að mennta sig og hasla sér völl á vinnumarkaði.

¹⁸ Á sama tímabili voru námsmenn (aðallega ungir karlar) valdir til að mennta sig í Danmörku.

¹⁹ Í skýrslunni Arctic Human Development Report (AHDR 2004) er í 11. kafla greint ítarlega frá mörgum spurningum um lífskjör kvenna – þar á meðal flutningi kvenna frá og til norðurskautssvæðum, ofbeldi gegn konum og fjölda kvenna í pólitískum samkundum.



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga á grænlandskum heimilum. Meðaltal 1880–2009.

Heimildir: Bentzon 1968: p. 54; Danmarks Statistik (1965, 1970) From, Jensen, Friis og Kjær (1975); Hagstofa Grænlands: Lífskjör fjölskyldna á Grænlandi (1995b); Hagstofa Grænlands: Statistisk Árbog: ýmsir árgangar. nni

Á tímabilinu 1880 til 2009 hefur heimilisfólki fækkað um tvo þriðjunga úr níu í um það bil þrjú einstaklinga.

Þessar breytingar hafa bæði kallað á framfarir í húsnæðismálum en þar sem áður voru þriggja kynslóða fjölskyldur er hin dæmigerða nútímafjölskylda nú tveggja kynslóða kjarnafjölskylda – oft með einni fyrirvinnu.

2.2.3 Samantekt

Konur á ýmsum lífsskeiðum sem rætt var við²⁰ telja aðalástæður fyrir brottflutningi kvenna úr byggðum til bæja, úr bæjum til stærri bæja og frá Grænlandi til Danmerkur vera óskin um betra húsnæði, menntun, starfsþjálfun og atvinnu í sinni grein. Þá eru heilsufarslegar ástæður og vonin um betri tómstundaiðju og skólagöngu barnanna nefnd í rýnihópaviðtölunum. Breytt fjölskyldu- og kynjahlutverkamynstur er talið veita mörgum konum tækifæri á að velja sjálfar hvar þær búa.

2.3. Lífsgæði kvenna

Í huga grænlandskra kvenna ráðast „lífsgæði“ þeirra af því hvort þær geta séð sjálfum sér farborða.

Rýnihóparnir voru spurðir: Hver eru lífsgæði ungra kvenna í Grænlandi í dag?

2.3.1. Staða á vinnumarkaði, tekjur og menntun

Gift kona með börn undir 12 ára aldri telur að „lífsgæði felist í að eiga heimili og geta séð fyrir fjölskyldunni“. Kona án starfsmenntunar segir: „Menntun er lykill að lífsgæðum, þú færð húsnæði með starfinu og hefur ráð

²⁰ Konurnar eru annað hvort búsettar í Nuuk eða dvelja þar vegna náms.

á að kaupa það sem þú þarft. En lífsgæði eru ekki endilega háð menntun heldur einnig hvort hið opinbera sé reiðubúið til að veita stuðning.“

Tekjur á árinu 2007 voru mestar í Nuuk eða 236.000 DKK að meðaltali en meðaltekjur í stærri bæjum voru sem hér segir: Qaqortoq (Suður-Grænlandi): 162.000 DKK, Sisimiut (Mið-Grænlandi): 179.000 DKK og Ilulissat (Norður-Grænlandi): 155.000 DKK. Hagtölur sýna að Nuuk er frábrugðin öðrum stærri bæjum þar sem tekjur þar hafa hækkað mest á árunum 2002–2007 (Hagstofa Grænlands 2009c).

Á árinu 2009 voru að meðaltali 1.313 manns án atvinnu á mánuði²¹ en það samsvarar 4,6% atvinnuleysi að meðaltali. Atvinnuleysi deilist ekki jafnt á karla og konur því atvinnuleysi karla var 5,4% en kvenna 3,8%. Flestir atvinnulausra eru ófaglærðir eða 82% (1.077 einstaklingar), þar af 623 karlar og 454 konur (Hagstofa Grænlands, 2009a, tafla 8).

2.3.2 Vinnumarkaður

„Atvinnuþátttaka grænlenkra kvenna hefur aukist frá því að nútímavæðing hófst fyrir hálfri öld. Konur voru að meðaltali 44% af starfandi á árinu 2006. Karlar eru fjölmennari en konur í sumum atvinnugreinum en í opinberum geira, þ.á.m. félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntakerfi starfa næstum helmingi fleiri konur en karlar.“ (Poppel og Kleist 2009: 342).

Tafla 3. Heildarfjöldi launþega eftir atvinnugreinum og kyni, 2005 og 2006.

| | 2005 | | | 2006 | | |
|---|--------|--------|---------|--------|--------|---------|
| | Konur | Karlar | Samtals | Konur | Karlar | Samtals |
| Heildarfjöldi launþega | 12.696 | 16.012 | 28.708 | 13.005 | 16.468 | 29.473 |
| Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar | 8.156 | 4.731 | 12.887 | 8.347 | 4.717 | 13.064 |
| Verslun og viðgerðir | 2.008 | 2.767 | 4.775 | 1.974 | 3.030 | 5.004 |
| Flutningafyrirtæki | 600 | 1.902 | 2.502 | 628 | 1.954 | 2.582 |
| Hótel- og veitingahús | 487 | 394 | 881 | 471 | 389 | 860 |
| Fasteignir, úteiga, viðskiptaþjónusta o.fl. | 402 | 766 | 1.168 | 466 | 815 | 1.281 |
| Iðnaður | 265 | 600 | 865 | 281 | 643 | 924 |
| Byggingar og mannvirkjagerð | 246 | 2.618 | 2.864 | 246 | 2.658 | 2.904 |
| Önnur almenn, félagsleg og persónuleg þjónusta | 205 | 296 | 501 | 224 | 291 | 515 |
| Fjármálastofnanir, fjárfestinga- og tryggingafélög | 100 | 61 | 161 | 104 | 61 | 165 |
| Sjávarútvegur | 79 | 1.324 | 1.403 | 91 | 1.351 | 1.442 |
| Raf-, gas-, hita- og vatnsveita | 70 | 374 | 444 | 74 | 347 | 421 |
| Heilbrigðis- og velferðarstofnanir o.fl. | 44 | 12 | 56 | 60 | 26 | 86 |
| Kennsla | 24 | 20 | 44 | 28 | 22 | 50 |
| Hráefnavinnsla | 8 | 131 | 139 | 10 | 149 | 159 |
| Landbúnaður, veiðar og skógrækt | 1 | 15 | 16 | 1 | 13 | 14 |


Heimildir: Hagstofa Grænlands 2008

Tafla 3 sýnir að karlar eru fjölmennari en konur í flestum atvinnugreinum. Þó starfa næstum helmingi fleiri konur en karlar í opinberum geira, sem er

²¹ Hugtakið „meðalatvinnuleysi á mánuði“ er notað hér en þar er átt við fjölda manns án atvinnu í bæjunum um miðjan mánuð miðað við heildarfjölda fólks á vinnufærum aldri (aldurshópurinn 15–63). Talan (1.313) er meðalsumma af meðalatvinnuleysi hvers mánaðar.

fjölmennasti geirinn. Hann spannar m.a. opinbera þjónustu, menntakerfi og heilbrigðisþjónustu auk félagsþjónustu.

2.3.3 Menntun




Mynd 3. Fjöldi sem hóf nám á tímabilinu 2004–2008 eftir kyni og árum.

Heimildir: Hagstofa Grænlands 2009b

Á tímabilinu 2004–2008 fjölgaði bæði körlum og konum sem hófu réttindanám.


„Með aukinni áherslu á menntun eftir að heimastjórn kom á 1979 hófu konur – einkum – nám á sviði verslunar og skrifstofustarfa auk faglegs og meðallangs nám á sviði félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntunar.“ (Poppel og Kleist 2009: 341)



Mynd 4. Meðalfjöldi sem hóf nám á tímabilinu 2004–2008 eftir kyni umsækjenda og tegund náms.

Heimildir: Hagstofa Grænlands 2009b

Konur eru að meðaltali fleiri en karlar. Konur eru fjölmennari en karlar á flestum námsbrautum nema faglegu grunnnámi en þar eru karlar enn í meirihluta.



Mynd 5. Námsfólk við Ilisimatusarfik, Háskóla Grænlands, 2009. Kynjahlutfall%.

Heimildir: Skrifstofa Háskóla Grænland, Ilisimatusarfik, gerði að beiðni minni í október 2009 samantekt á skráðum nemum við háskólann.

Athugasemd: * merkir að stofnunin/deildir býður upp á bachelor-gráðu sem efsta prófstig.

Háskóli Grænlands (Ilisimatusarfik) var stofnaður 1987. Grænlenskar konur eru fjölmennari en karlar við nám í öllum greinum við Ilisimatusarfik.

2.3.4 Starfsframi

Gift kona með börn yngri en 12 ára segir: „Lífsgæði felast í góðri vinnu með styðjandi yfirmenn og góða starfsfélaga, og að á vinnustaðnum sé hægt að sækja námskeið til persónulegs vaxtar.“

Tafla 4. Konur og karlar sem yfirmenn (ráðuneytisstjórar, deildarstjórar og skrifstofustjórar) í opinberri stjórnsýslu, maí 2009, fjöldi og hlutfall (%)

| Ráðuneyti, stofnanir og stjórnir | Fjöldi | | Hlutfall (%) | | Samtals |
|---|--------|--------|--------------|--------|---------|
| | Konur | Karlar | Konur | Karlar | |
| Fjölskylduráðuneytið | 4 | 0 | 100 | 0 | 4 |
| Sjávarútvegs-, veiði- og landbúnaðarráðuneyti | 2 | 1 | 66,7 | 33,3 | 3 |
| Utanríkismálastofnunin | 1 | 2 | 33,3 | 67,7 | 3 |
| Hráefni | 1 | 2 | 33 | 67 | 3 |
| Ráðuneyti landsstjórnarformanns | 3 | 7 | 30 | 70 | 10 |
| Fjármálaráðuneytið | 3 | 7 | 30 | 70 | 10 |
| Skattamálastofnunin | 2 | 6 | 25 | 75 | 8 |
| Húsnæðis-, grunngerðar- og samgönguráðuneyti | 2 | 8 | 20 | 80 | 10 |
| Menningar-, mennta-, rannsókn- og kirkjumálaráðuneyti | 1 | 4 | 20 | 80 | 5 |
| Hráefnastofnunin | 0 | 4 | 0 | 100 | 4 |
| Sjálfstjórnarskrifstofan | 0 | 1 | 0 | 100 | 1 |
| Samtals | 15 | 33 | 31 | 69 | 48 |


Heimildir: Frá vef heimastjórnar www.nanoq.gl var gert yfirlit yfir kynjaskiptingu æðstu yfirmanna: ráðuneytisstjóra, deildarstjóra og skrifstofustjóra í ráðuneytum (um miðjan september 2009).

„Fleiri karlar en konur eru í æðstu stöðum (ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar) í níu af ellefu ráðuneytum, stofnunum og stjórnnum heimastjórnarinnar. Í fjölskylduráðuneytinu, sem tekur til félagsmála, umönnunar, sérumönnunar og t.a.m. jafnréttismála eru aðeins konur í yfirmannastöðum. Tölurnar eru of lágar til að hægt sé að draga aðrar ályktanir en þær að þrátt fyrir fjölgun vel menntaðra kvenna eru karlar enn í meirihluta.“ (Poppel og Kleist 2009: 355–56).

Grænenska varð opinbert tungumál á Grænlandi þegar sjálfstjórnarlögin gengu í gildi 21. júní 2009. Engu að síður talar stór minnihluti aðeins dönsku (aðallega aðfluttur Danir) eða helst dönsku en mjög takmarkaða grænensku (aðallega fólk sem lítur á sig bæði sem Grænendinga og Dani) (Poppel 2009a). Einn rýnihópur minntist á þennan vanda þegar rætt var um starfsframa. Kona menntuð erlendis sagði eftirfarandi við miklar undirtektir í rýnihópnum: „... fólk sem talar ekki grænensku ætti að hafa möguleika á að læra grænensku. Fólk sem talar ekki grænensku finnur fyrir meiri mismunum en konur finna vegna kynferðis síns. T.d. varðandi starfsframa þá rekst fólk á vegg vegna tungumálsins og hefur takmörkuð tækifæri til að taka þátt í samfélagsumræðunni.“

2.3.5 Þátttaka kvenna í ákvarðanatökum

Almennt mætti búast við að hár hlutur kvenna á æðri menntastofnunum myndi leiða til fjölgunar kvenna í stjórnnum, forystu stjórnsýslunnar og meðal þjóðkjörinna fulltrúa en það hefur ekki gerst – allavega ekki enn sem komið er.



Mynd 6. Konur og karlar í þingnefndum. Hlutfall (%).

Heimildir: Kjörbækur grænensku heimastjórnarinnar frá árunum 1991, 1995, 1999, 2002, 2005, 2009.

Bæði fjöldi og hlutfall þingkvenna hefur aukist stöðugt frá fyrstu kosningum til Landsþings 1979, ef undanskildar eru kosningarnar 2009. Konur er þó enn fámennari en karlar. Mesta fjölgun kvenna, bæði í höfðatölu og hlutfalli, átti sér stað í kosningunum 2002. Þá bauð kvennaflokkurinn Arnat Partiat fram í fyrsta og eina skipti, en baráttumál hans voru að auka virka þátttöku kvenna í stjórnámálum og jafna hlut kynja á landsþingi og í sveitarstjórnnum.

2.3.6 Jafnrétti á heimilum

Gift kona með börn undir 12 ára aldri telur að „lífsgæði felist í jafnrétti karla og kvenna á heimilum, og barnauppeldi í anda jafnréttis“.

Jafnréttisráð gerði rannsókn árið 1999 á jafnrétti kynjanna á grænenskum heimilum, vinnustöðum, frístundum og á opinberum vettvangi. Niðurstöður hennar²² eru „að enn sinna fleiri konur, meðfram launavinnu, flestum heimilisverkum og halda að mestu utan um uppeldi barnanna“ (Skydsbjerg 1999).

Í niðurstöðunum má lesa að herra menntunarstig og „almenn viðurkenning á jöfnum verðleikum kynjanna tveggja“ hafi gert konum kleift að ná „fótfestu í flestum atvinnugreinum“ (sama.). Konur með menntun og atvinnu þurfa því ekki lengur að vera efnahagslega háðar eiginmönnum sínum eða sambýlismönnum eins og raunin var þegar konur voru ómenntaðar og þurftu að láta sér nægja láglaunastörf. Konur eru í síauknum mæli í hlutverki fyrirvinnunnar og hefur það ýmsar afleiðingar ekki síst fyrir hefðbundin kynjahlutverk. Í rannsókn um líf skjör á norðurskautssvæðum (SLiCA) var einstaklingurinn spurður hvað hann teldi mikilvægasta framlag sitt á heimilinu²³. Svör grænenskra kvenna eftir aldri leiddu eftirfarandi í ljós:

Tveir hópar kvenna og einnig karla telja mikilvægasta framlag sitt að: „sýna kærleika og veita umönnun“ og „afla tekna“.

Það kemur ekki á óvart að umönnun er efst á lista hjá konunum. Í hóp kvenna á vinnufærum aldri eru þó flestar sem svara „afla tekna“.

Rúmlega 10% karla eldri en 66 ára telja mikilvægasta framlag sitt vera að „halda heimilinu gangandi“ en tæplega 3% kvenna í sama aldurshópi gefa sama svar. Um 12% kvenna í miðhópnum svara á sömu leið. Þriðja ástæðan sem konurnar nefndu voru „húsverk, eldamennska o.fl.“ en bæði í elsta og yngsta aldursflokknum voru það 15–20% kvennanna sem nefndu þetta sem helsta framlag sitt.

Yngri konurnar nefndu oftast en þær eldri að framlag þeirra fælist í umönnun barnanna og að skapa gleði á heimilinu, en miðhópurinn (konur á vinnufærum aldri) nefndu aðallega „afla tekna“ og „halda heimilinu gangandi“. Fleiri konur í elsta aldurshópnum miðað við yngri hópana sögðu mikilvægasta framlag sitt að „sýna kærleika og veita umönnun“ og „sinna heimilisstörfum“²⁴. Kynslóðamynstrið virðist því felast í því að konur á vinnufærum aldri segjast „halda heimilinu gangandi“ en það endurspeglar

²² HS-analyse framkvæmd rannsóknina með því að senda spurningalista með pósti 1999 (Skydsbjerg 1999).

²³ Spurningin „Hvað telur þú mikilvægasta framlag þitt á heimilinu? Kannski eða kannski ekki er það launavinna eða tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri. Miðað við allt sem þú gerir hvað telur þú það mikilvægasta framlag þitt til heimilisins?“ var opin og sá sem viðtalið tók skrifaði svörin orðrétt. Ég þýddi grænensku svörin á dönsku auk þess sem ég flokkaði þau og merkti út frá eftirfarandi flokkum: „atvinna, tekjur, greiða reikninga“ (fjárhagslegt framlag); „sýna kærleika, veita umönnun“; „halda heimilinu gangandi“; „dýraveiðar, fiskveiðar, berjatínsla o.fl.“; „heimilisstörf, matreiðsla“; „tilfinningalegur stuðningur“; „sinna börnunum og gæta þeirra“; „öruggt umhverfi“.

²⁴ Heimildir: Eigin útskrift og gögn í SLiCA-gagnagrunninum úr grænenskum viðtölum (sbr. fyrri athugasemd). http://www.arctichost.net/ICASS_VI/images/03.06.02.pdf

þær breyttu aðstæður að konur eru í vaxandi mæli helstu fyrirvinnur heimilisins. Ungu konurnar gæta systkina sinna en þær eldri veita umönnun í víðtækri merkingu þess orðs, auk þess að þær sinna eldamennsku og öðrum heimilisverkum. Flestar niðurstöður sem hér hafa verið nefndar staðfesta tilgátur mínar – þar á meðal að einstaklingar sem eru best tengdir við vinnumarkað og afla mestra tekna nefna tekjuöflun sem helsta framlag sitt til heimilisins.

Hins vegar kemur á óvart að „tekjuöflun“ og „kærleikur og umönnun“ eru algengustu svörin í næstum öllum aldurshópum hjá báðum kynjum. Það sýnir m.a. að æ fleiri konur eru aðalfyrirvinnur fjölskyldunnar. Hins vegar kemur ekki á óvart að fleiri konur en karlar nefna framlag sem flokkast gætu sem „mjúk“ og óefnisleg.

2.3.7 Stuðningur fjölskyldunnar

Stuðningur fjölskyldunnar hefur löngum verið og er enn mikilvægur. Aðrar stofnanir leysa fjölskylduna ekki svo auðveldlega af hólmi, t.d. varðandi barneignir, félagsmótun, tilfinningatengsl, framfærslu, kynferði, líkamlega vernd og umönnun. Sama á við um hefðbundið hlutverk grænleuskra foreldra, t.d. að miðla áfram menningu, venjum og hæfni. Gift kona með börn yngri en 12 ára segir: „Lífsgæði sem felast í að hafa foreldra sína nálægt sér skiptir miklu máli fyrir stuðning fjölskyldunnar.“ Opinberar samgöngur, t.d. flugsamgöngur eru dýrar og torvela því oft fjölskylduheimsóknir á milli landshluta á Grænlandi.

2.3.8 Umönnunardagar og meiri tími fyrir fjölskylduna

Konurnar í rýnihópunum voru á einu máli um að lífsgæði fælust einnig í fleiri umönnunardögum fyrir foreldra óháð tengslum þeirra við vinnumarkaðinn. Nú eiga allir rétt á einum frídegi þegar börnin veikjast. Einkum einhleypu mæðurnar nefndu vandkvæði við að fá barnagæslu þegar börnin veiktust í meira en einn dag og neyddust þær því til að skrá sjálfar sig veikar. Þegar spurt var um „tíma fyrir fjölskylduna“ sögðu margar konur (einkum einhleypar mæður) að það væri fullþétt dagskrá að sníða fullt starf að opnunartímum dagvistunarstofnana, óskum um nægilegan tíma með börnunum og auk þess að hafa tíma til að rækta eigin áhugamál, t.d. þátttöku í stjórnmalastarfi.

2.3.9 Aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Kona menntuð erlendis segir „að lífsgæði felist í öruggri heilbrigðisþjónustu og jafnrétti í samfélaginu“. Og bætir við að lífsgæði á Grænlandi séu háð því að „þær hafi valfrelsi og geti sjálfar stjórnað lífi sínu auk þess sem þörf sé á góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu og heilbrigðistryggingum þannig að

fólk þurfi ekki að lenda á biðlista eftir tíma hjá lækni eða tannlækni. Og að fólk eigi að hafa kost á viðtalstíma hjá sama lækningum.“

Heilbrigðisþjónustan er ókeypiss fyrir einstaklinga skráða í grænenska þjóðskrá og sem eru búsettir í viðkomandi sveitarfélagi. Það á einnig við um ferðamenn frá ESB-ríkjunum auk Noregs, Færeyja og Sviss ef þeir veikjast skyndilega á meðan þeir dveljast á Grænlandi. Á Landspítalanum er lyflækningasvið, skurðlækningasvið og geðsvið, með göngudeild, skurðstofu, svæfingadeild, gjörgæsludeild, myndgreiningadeild og fæðingardeild, iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, sameiginlegri rannsóknarstofu og dagdeild/sjúklingahótel.

Á landinu eru 15 heilsugæsluumdæmi en sú þjónusta sem þar er innt af hendi fer eftir stærð umdæmisins. Þá eru sjúklingar sendir til rannsókna og lækninga í Danmörku (Hagstofa Grænlands 2009). Til viðbótar við ókeypis heilbrigðisþjónustu hins opinbera sjá fyrirtæki í eigu heimastjórnarinnar starfsfólki sínu fyrir heilbrigðistryggingum. Því geta margir starfsmenn fyrirtækja í eigu heimastjórnar leitað lækninga á einkareknum tannlækningastofum á Grænlandi og einkasjúkrahúsum í Danmörku.

2.3.10 *Ánægja með lífið*

Í grænenska hluta SliCA-rannsóknarinnar um líf skjör á norðurskautssvæðum voru þátttakendur spurðir um eftirfarandi: „Hve ánægð/ur/óánægð/ur ertu með líf þitt almennt?“ Í töflunni hér á eftir eru svör karla og kvenna við spurningunni borin saman.²⁵ Fjórðungur kvennanna segist mjög ánægður og tveir þriðjungar segjast nokkuð ánægðir með lífið. Þótt rúmlega 90% kvennanna séu ánægðar eða mjög ánægðar má þó segja að tveir þriðjungar kvennanna gætu að eigin sögn verið nokkuð ánægðari. Aðeins lítil munur er á svörum karla og kvenna við spurningunni um hvort þau séu ánægð með lífið.

Tafla 5. „Ánægja með lífið“ hjá þeim hópi almennings sem telur sig „grænenska“ eða „bæði grænenska og danska“. Skipting eftir kynjum í prósentum. 2004–2006

| | Kyn | | |
|------------------------|-------|--------|---------|
| | Konur | Karlar | Samtals |
| Mjög ánægð | 29 | 31 | 30 |
| Nokkuð ánægð | 63 | 64 | 64 |
| Hvorki ánægð né óánægð | 6 | 5 | 5 |
| Nokkuð óánægð | 2 | 9 | 1 |
| Mjög óánægð | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 100 | 100 | 100 |

Heimildir: Poppel 2009b

A: Hlutfall þeirra sem svöruðu spurningunum. Gert er ráð fyrir að þeir þátttakendur sem svöruðu ekki spurningunni hafi skipst á svipaðan hátt og þeir sem svöruðu spurningunni.

B: Jöfnun tugabrota gerir það að verkum að summan er ekki alltaf 100.

²⁵ Bornir voru saman einstaklingar sem sögðust vera „grænenskir“ eða „bæði grænenskir og danskir“, en það er sambærilegt við þann hluta almennings sem konurnar í þessari rannsókn eru fulltrúar fyrir.

2.3.11 Samantekt

Að mati kvennanna í rýnihópunum eru menntun og aðlaðandi starf, aukið jafnrétti á vinnumarkaði, heimilum og opinberum vettvangi mikilvægar forsendur lífsgæða. Stuðningur fjölskyldunnar, gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og grænenskukennsla fyrir fólk sem talar ekki grænlensku eru einnig nefnd sem mikilvæg lífsgæði. Þá eru þátttakendur sammála um að nauðsynlegt sé að fjölga umönnunardögum foreldra óháð tengslum þeirra við vinnumarkað, og eins að þörf sé á meiri tíma með fjölskyldunni.

Opinberar hagtölur og margar rannsóknir sýna að konur leggja áherslu á menntun og atvinnu. Æ fleiri konur hefja nám og ljúka því og eins hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist. Það felur í sér að konur sinna hlutverki fyrirvinnunnar ýmist með maka sínum eða einar - meðfram hefðbundnum kvennastörfum á heimilinu. Hækkandi menntunarstig og atvinnuþátttaka kvenna hefur ekki skilað sér að sama skapi í fjölda fulltrúa á þjóðkjörnum samkundum.

2.4. Opinbera velferðarkerfið

Spurningar til rýnihópanna: Hvernig getur hið opinbera stuðlað að betri lífsgæðum ykkar?

2.4.1. Félagsleg vandamál kvenna

Húsnæði

Að mati kvennanna ætti hið opinbera að leggja sitt af mörkum með því að veita leiguhúsnæði forgang. Hið opinbera ætti einnig að veita námsfólki stuðning með stúdentagörðum á meðan á námi stendur og veita aðgengilegri upplýsingar um starfsþjálfunarstaði í tengslum við námið.

Barnafjölskyldur

Einhleyp kona með börn „óskar eftir betri leiðbeiningum og upplýsingum um barnabætur og aðrar bætur fyrir fjölskyldur einstæðra foreldra til að losna við biðtíma á stofnunum“.

Þá er rauður þráður í viðtölunum við rýnihópana að konum finnst að hið opinbera eigi að styðja betur við barnshafandi konur, bæði fjárhagslega og varðandi barnagæslu. Þannig mætti koma í veg fyrir eða allavega draga verulega úr fóstureyðingum (sjá töflu um fóstureyðingu hér á eftir). Sumar þeirra nefna að ef fjölskyldan sé sá hornsteinn grænlenkrar menningar sem margir vilja vera láta, þá ætti að gera þeim konum sem þess óska fjárhagslega kleift að eignast börn. Þær nefna að lífsgæði felist einnig í góðum skólum fyrir börnin, betri lækniþjónustu og sjúkratryggingum á vinnustað óháð stöðu.

Fóstureyðinga urðu löglegar 1975. Þegar samanburður er gerður á barnshafandi konum sem annars vegar völdu fóstureyðingu og hins vegar að

fæða barnið (sjá viðauka 1) kemur í ljós að í fyrri hópnum eru konur oftast einhleypar, atvinnulausar og lélegri í dönsku en seinni hópnum. Ástæður þess að barnshafandi konur velja að eyða fóstri eru t.d. óskin um að fá hlé á milli barneigna (child spacing), halda áfram námi eða ósætti við barnsföðurinn (Bjerregaard, Young og Munksgaard, 1998:90). Fjöldi löglegra fóstureyðingar hefur nánast haldist óbreyttur um áráraðir eða um 870–900 á ári hverju (Landlæknisembættið 2008:904). Fjöldi fóstureyðinga á hverjar þúsund konur á aldrinum 15–49 ára var 61,9 á árinu 2008. Fjöldi fóstureyðinga á undanförunum 15 árum hefur verið nokkuð stöðugur miðað við fjölda fæðinga, en á árunum 2006 og 2008 voru fleiri fóstureyðingar en fæðingar.

Ef litið er á heildarfjölda fóstureyðinga 2008 þá leita grænlenkar konur á aldrinum 15–49 ára sér fóstureyðingar 2,2 sinnum á ævinni. Þessi tala er mjög há í alþjóðlegum samanburði. Tíðni fóstureyðinga í Danmörku er 0,44 (2007), í Færeyjum 0,16 (2007) og í Svíþjóð 0,64. Þó ber að túlka alþjóðlegan samanburð með varúð þar sem taka ber m.a. tillit til ólíkrar löggjafar, hefða og gildismats í hverju samfélagi.

Rýnihóparnir voru spurðir: *Eiga stjórnámamenn að leggja meiri áherslu á opinber velferðarúrræði og stefnu í fjölskyldu- og jafnréttismálum, en tíðkast hefur fram að þessu?*

Giftar konur eða í sambúð með börn yngri en 12 ára telja „að stjórnámamenn eigi að leggja meiri áherslu á opinber velferðarúrræði í fjölskyldumálum því æ fleiri konur leiti út á vinnumarkað. Enn er þó mikill launamunur á milli hefðbundinna karlastarfa og kvennastarfa“.

Konur í öllum rýnihópnum eru sammála um eftirfarandi tillögur: „Færri vinnustundir á vinnumarkaði og fleiri umönnunardagar verði lögbundin réttindi tengd fæðingum á Grænlandi.“ Þá leggja þær til „sama verð á dagvistunarstofnunum og sveigjanleika á vinnustað svo fjölskyldur með börn geti unnið minna“. Einhleyp kona með börn segir: „Það skapast líka vandræði þegar börn eru lasin í meira en einn dag. Þá neyðast einhleypar mæður til að skrá sig sjálfar veikar. Því neyðumst við mæðurnar til að ljúga að vinnuveitandanum.“

Barnlausar konur telja „að það sé erfiðara fyrir drengi og karla að standa sig í námi og takast á við vandamál, t.d. sjálfsvíg²⁶. Jafnrétti ríki ekki milli karla og kvenna og því sé brýnt að hefja aðgerðir fyrir karla.“

Kona menntuð erlendis segir: „að stöðva beri ofbeldi gegn konum²⁷“. Konurnar óska einnig eftir meiri umræðu um neyslu áfengis og örvandi efna, þær segja ofbeldishneigða karla þurfa meðferð og að bæta þurfi aðstoð við fórnarlömb ofbeldis.

Einhleyp kona með börn segir „að stjórnámamenn verði að gera opinbera stjórnsýslu heildrænni svo fólk losni við að ráfa frá einum þjónustufulltrúa til annars og fylla út alls kyns pappíra, t.d. til að fá barna- og húsaleigubætur. Stór hluti félagsbóta á Grænlandi byggist á þarfamati og fylgir því mikil skriffínnska.

²⁶ Tíðni sjálfsvíga ungs fólks er enn há, einkum meðal ungra karla á aldrinum 15–24 ára.

<http://dk.nanoq.gl/Emner/Landsstyre/Departementer/Landslaegeembedet/Udgivelser/Aarsberetning/~media/B23E8A2FA4DF470D9CCAF0BAC8B69192.ashx>

²⁷ Ofbeldi gegn konum er útbreitt á Grænlandi (sjá „Køn og Vold“ Poppel 2005).

Greining Evu Sundström staðfestir gagnstætt því sem búast mætti við að grænlenka velferðarkerfið sé um margt frábrugðið dönsku velferðarkerfi, m.a. vegna þess að velferðarúrræði byggist á þarfamati (Sundström, 2006).

Í fötlunarmálum bitnar þetta t.d. á foreldrum barna með athyglisbrest. Þeir neyðast oft til að leita meðferðar fyrir börnin sín í Danmörku. Þá eru lífeyrisþegar háðir maka sínum/sambýlismanni því lífeyririnn er skertur ef makinn er enn í launavinnu“.

Í rannsókninni um lífskjör á norðurskautssvæðum (SliCA) voru þátttakendur spurðir hver þeir teldu vera vandamálin í nærsamfélaginu. Svör grænlenkra þátttakenda í SliCA skipt eftir kynjum koma fram á eftirfarandi töflu:

Tafla 6

| | Kyn | | Samtals af hundrði |
|---------------------|--------|-------|--------------------|
| | Karlar | Konur | |
| Atvinnuleysi | 82 | 87 | 84 |
| Misnotkun áfengis | 80 | 84 | 82 |
| Misnotkun fíkniefna | 70 | 72 | 71 |
| Sjálfsvíg | 65 | 76 | 70 |
| Fjölskylduofbeldi | 65 | 71 | 68 |
| Kynferðisofbeldi | 60 | 67 | 63 |

Athugasemdir: Heimildir: Poppel 2009

a. Hlutfallið miðast við þá þátttakendur sem svöruðu spurningunum. Gert er ráð fyrir í því sambandi að þátttakendur sem svöruðu ekki spurningunni hafi skipt á svipaðan hátt og þeir sem svöruðu spurningunni.

b. Jöfnun tugabrota gerir það að verkum að summan er ekki alltaf 100.

Svörin frá SliCA (dæmigerð, meginleg rannsókn) sýna sömu „forgangsröðun félagslegra vandamála í nærsamfélaginu. Hins vegar er það skoðun hlutfallslega fleiri kvenna en karla að umrædd félagslegu vandamál séu til staðar í nærsamfélaginu“.

2.4.2 Hvaða áhrif hafa úrræði hins opinbera á daglegt líf þitt?

Konur í öllum rýnihópum telja opinber úrræði skipta miklu máli, t.d. ókeypis menntun. Sama á við um dagvistunarstofnanir – einkum eftir sameiningu sveitarfélaga“.

Sveitarfélög voru sameinuð 1. janúar 2009, þar sem þeim var fækkað úr 18 í fjögur. Í Sermersooq-sveitarfélaginu (sem varð til eftir samruna eftirfarandi sveitarfélaga: Nuuk, Paamiut, Ivittuut, Ammassalik og Illoqqortoormiut) hafa barnafjölskyldur fundið mun eftir að dagvistunargjöld á vöggustofum lækkaði hjá einstæðum mæðrum og námsfólki²⁸.

Kona menntuð erlendis leggur áherslu á „að opinber úrræði geri það kleift að fá húsaleigustyrk“. Kona án starfsmenntunar telur „að opinber

²⁸ Sjá: <http://www.nuuk.gl/Borgerservice/Boernepasning/Takster.aspx>.

úrræði séu aðgengilegri í Nuuk en annars staðar á Grænlandi. T.d. geta ungar barnshafandi konur fengið húsnæði og nýta sumar ófaglærðar konur sér þetta tilboð til að fá þak yfir höfuðið“.

2.4.3 *Hvaða opinber réttindi/úrræði bæta samspil atvinnulífs og fjölskyldu?*

Konurnar telja almennt að opinberar dagvistunarstofnanir eins og vöggustofur, leikskólar, frístundaheimili og íþróttafélög séu mikilvæg í viðleitni barna og foreldra til að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Þá sé þörf á að bæta sjúkradagpeningakerfið. Einhleyp kona með börn sagði „barnabætur skiptu miklu máli“. Kona án starfsmenntunar telur hámenntaðar konur njóta mikilla fríðinda, til dæmis fái þær ókeypis fargjöld í fríum og húsnæði sem fylgi starfinu, „við verðum sjálfar að greiða fargjöld okkar ólíkt öðrum starfsstéttum“, ²⁹, og hún telur einnig, „að mikill munur sé á þeim sem fá laun á mánaðarfresti og hinna sem fá laun á hálfmánaðar fresti“. Barnlaus kona telur „að varðandi námsfólk þá stuðli hið opinbera best að samræmi milli atvinnulífs/náms og fjölskyldulífs, með því að gefa fólki kost á árlegri ferð til áttaha sinna“.

2.4.4 *Hvaða opinber réttindi/úrræða hafa mest áhrif á jafnrétti kvenna og karla?*

Konurnar telja „fæðingarorlof fyrir karla og konur“ skipta mestu máli fyrir jafnrétti kynjanna. Kona án starfsmenntunar telur einnig „gott að veita körlum fæðingarorlof en þó séu það yfirleitt konurnar sem nýti sér orlofið vegna brjóstgjafar“. Sjá upplýsingar um fæðingarorlof í viðauka.

2.4.5 *Samantekt*

Konurnar töldu að margar ungar konur væru upp á fjölskyldur sínar eða sambýlismenn komnar vegna lítilla efna og húsnæðiseklu. Því geti hið opinbera orðið að liði með því að setja leiguhúsnæði í forgang, veita námsfólki stuðning með húsnæði á stúdentagörðum á meðan á námi stendur og bæta aðgengi að upplýsingum um starfsþjálfunarstaði í tengslum við námið.

Þá er rauður þráður í viðtölunum við rýnihópana að konum finnst að hið opinbera eigi að styðja betur við barnshafandi konur, bæði fjárhagslega og varðandi barnagæslu. Þannig mætti koma í veg fyrir eða allavega draga verulega úr fóstureyðingum. Þá telja sumar konurnar að sé fjölskyldan sá hornsteinn grænlenkrar menningar sem margir vilja vera láta, þá þurfi að gera þeim konum sem þess óska fjárhagslega kleift að eignast börn. Þá nefna þær að góðir skólar fyrir börnin, betri lækniþjónusta og sjúkratryggingar á vinnustað óháð stöðu geti stuðlað að lífsgæðum.

²⁹ Ófaglærðir félagsmenn í SIK (grænlenka alþýðsambandinu) fá dagpeninga í veikindum, ef viss skilyrði eru uppfyllt, þar á meðal umfang launaðrar vinnu í aðdraganda veikindanna.

Konur í öllum rýnihópum telja opinber úrræði skipta miklu máli, t.d. ókeypis menntun. Það á einnig við um dagvistunarstofnanir, ekki síst eftir sameiningu sveitarfélaga.

Konur láta almennt í ljós að opinberar dagvistunarstofnanir eins og vöggustofur, leikskólar, frístundaheimili og íþróttafélög skipti miklu máli fyrir börn og foreldra í samspili milli atvinnu og fjölskyldulífs, og að þörf sé á betra sjúkradagpeningakerfi.

Konurnar telja „fæðingarorlof fyrir karla og konur“ skipta mestu máli fyrir jafnrétti kynjanna. Kona án starfsmenntunar telur einnig „að gott sé að veita körlum fæðingarorlof en það séu yfirleitt konurnar sem nýti sér orlofið vegna brjóstgjafar“.

2.5. Jafnrétti

Rýnihóparnir voru spurðir: Hvaða skilning leggur þú í jafnrétti?

Konurnar leggja mismunandi skilning í jafnrétti. Sumar telja: „jafnrétti ríkja á milli kynjanna en að kynin geti stutt hvort annað með mismunandi hæfni sinni“. Aðrar telja: „að jafnrétti eigi einnig að ríkja á heimilum og í uppeldi barnanna“. Að lokum telja sumar: „að jafnrétti felist í því að karlar og konur eigi að njóta sömu tækifæra“.

2.5.1 Efnahagslegt jafnrétti

Fyrsta könnun á efnahagslegu jafnrétti karla og kvenna miðað við tekjur fyrir skatt var framkvæmd af Hagstofu Grænlands og byggði á tekjuupplýsingum frá árinu 2008. Hægt var að framkvæma könnunina þar sem samsköttun maka gekk úr gildi 1. janúar 2008. Almennar niðurstöður má sjá í eftirfarandi töflu. Niðurstaðan er sú að karlar hafa að meðaltali 40% hærri tekjur en konur fyrir skatt. Kynjamunurinn fer eftir sveitarfélögum, bæjum, byggðum og fæðingarstað en myndin er sú sama: karlar hafa áberandi hærri tekjur fyrir skatt.

Tafla 7: Tekjur fyrir skatt deilt eftir kynjum 2008

| | Karlar | Konur |
|------------------------------|--------|-------|
| Allt landið | 222 | 161 |
| Sveitarfélög | | |
| Kujalleq | 185 | 142 |
| Semersooq | 277 | 187 |
| Qeqqata | 225 | 157 |
| Qaasiuitsup | 168 | 140 |
| Án skiptingar á sveitarfélög | 548 | 387 |
| Bæir og byggðir | | |
| Bæir | 234 | 168 |
| Byggðir | 148 | 117 |
| Fæðingarstaður | | |
| Grænland | 184 | 151 |
| Erlendis | 455 | 300 |

Könnun grænlenku hagstofunnar gerir ekki kleift að bera saman tekjur karla og kvenna í sömu störfum og með sömu eða sambærilega menntun. Hvorki er hægt að bera saman starfsfólk á opinberum og almennum vinnumarkaði né fólk í fullu starfi eða hlutastarfi. Þrátt fyrir þessar takmarkanir gefa tölurnar þó ýmsar vísbendingar, t.d. um að kvennastörf á Grænlandi eru oftar en ekki láglaunastörf.

Rýnihóparnir voru spurðir: Hvað telurðu þurfa til þess að við fáum jafnrétti (jöfn laun) kvenna og karla á Grænlandi?

Almenn skoðun kvennanna er að konur verði að temja sér betri samningatækni og að þörf sé á öflugri stéttarfélagum í kvennagreinum. Þá beri að breyta viðhorfum samfélagsins til launa í kvennagreinum. Þar er t.d. átt við leikskólakennara, grunnskólakennara og starfsfólk í heilbrigðisstétt.

Barnlaus kona segir að „ef fleiri konur sætu við völd myndu áherslurnar sjálfkrafa beinast að hagsmunum kvenna“. Kona menntuð erlendis telur „að hið opinbera geti stuðlað betur að jöfnum kjörum karla og kvenna“.

2.5.2 Jafnrétti kynjanna

Rýnihóparnir voru spurðir: Hvað ræður staða jafnréttis kynjanna miklu um hvort konur vilja búa á Grænlandi?

Kona menntuð erlendis telur „jafnrétti kynja og uppruna mjög mikilvægt. Og mjög mikilvægt að tala grænlenku“. Einhleyp kona með börn telur einnig brýnt að kanna viðhorf samfélagsins til umönnunarhlutverks einhleypra foreldra: „Konur eru oft álitnar vondar mæður ef þær vanrækja börnin sín en körlum er hlíft við slíkri fordæmingu af hálfu samfélagsins“. Gift kona með börn yngri en 12 ára telur ekki að konur flytji á brott vegna skorts á jafnrétti karla og kvenna. „Konur flytja af öðrum ástæðum, til náms eða til að prófa eitthvað nýtt.“

2.5.3 Samantekt

Úttekt Hagstofu Grænlands á launamuni kynjanna rennir stoðum undir þær kenningar að tengsl séu á milli kvennagreina og láglaunastarfa.

Almenn skoðun kvennanna er að konur verði að temja sér betri samningatækni og að þörf sé á öflugri stéttarfélagum í kvennagreinum. Þá beri að breyta viðhorfum samfélagsins til launa í kvennagreinum. Það á t.d. við um leikskólakennara, grunnskólakennara og starfsfólk í heilbrigðisstétt.

2.6. Meginviðhorf og samantekt

Þessi kafli er byggður á gögnum úr rýnihópaviðtölum sem tekin voru í Nuuk til að skoða „konur og velferð“ frá ýmsum hliðum, opinberum hagtölum, einkum varðandi menntun og vinnumarkað ásamt könnun sem gerð var um land allt, t.d.

grænlenka hlutann af SLiCA-rannsókninni um lífsskjör á norðurskautssvæðum, SLiCA (2004–2006)³⁰ og Rannsókn á hreyfanleika (2008).

2.6.1 Meginviðhorf í rýnihópaviðtölum

Þær konur í rýnihópnum sem búa í Nuuk en við mismunandi aðstæður telja aðalástæður fyrir brottflutningi kvenna úr byggðum til bæja, úr bæjum til stærri bæja og frá Grænlandi til Danmerkur vera óskín um aukin tækifæri til menntunar, starfsþjálfunar og atvinnumöguleika í sinni grein. Betra aðgengi að læknisrannsóknnum og lækningum og meira framboð af tómstundaiðju og menntun barnanna ber hæst í rýnihópaviðtölunum. Þá hafa breytt fjölskyldu- og kynjahlutverkamynstur veitt mörgum konum tækifæri til að velja sjálfar hvar þær búa.

Konunum finnst hið opinbera geta lagt sitt af mörkum með því að veita leiguhúsnæði forgang.

Hið opinbera geti einnig veitt námsfólki stuðning með stúdentagörðum á meðan á námi stendur og sýnilegri upplýsingar um starfsþjálfunarstaði í tengslum við námið.

Rauður þráður í viðtölunum við rýnihópana er að hið opinbera eigi að styðja betur við barnshafandi konur, bæði fjárhagslega og varðandi barnagæslu. Þannig mætti koma í veg fyrir eða allavega draga verulega úr fóstureyðingum. Þá telja sumar konurnar að ef fjölskyldan sé jafn mikilvægur hornsteinn grænlenkrar menningar og margir vilja vera láta, þá þurfi að gera þeim konum sem þess óska fjárhagslega kleift að eignast börn. Þá nefna þær að góðir skólar fyrir börnin, betri læknisþjónusta og sjúkratryggingar á vinnustað óháð stöðu geti bætt lífsgæðin.

Konurnar í rýnihópnum voru á einu máli um að lífsgæði fælust einnig í fleiri umönnunardögum fyrir foreldra óháð tengslum þeirra við vinnumarkaðinn. Þá segja þær þörf á meiri tíma fyrir fjölskylduna.

Konur í öllum rýnihópum telja opinber úrræði skipta miklu máli, t.d. ókeypis menntun. Það á einnig við um dagsvistunarstofnanir, einkum eftir sameiningu sveitarfélaga. Almenn skoðun þeirra er að opinberar dagvistunarstofnanir eins og vöggustofur, leikskólar, frístundaheimili og íþróttafélög skipti miklu máli fyrir börn og foreldra í samspili atvinnu og fjölskyldulífs, og að þörf sé á betra sjúkradagpeningakerfi.

Konurnar telja „að fæðingarorlof fyrir karla og konur“ sé mikilvægast fyrir jafnrétti kynjanna.

2.6.2 Framtíðarhorfur samkvæmt hagtölum og rannsóknaniðurstöðum

Opinberar hagtölur og margar rannsóknar sýna að konur leggja aukna áherslu á menntun og atvinnu en þær afhjúpa einnig mikinn tekjumun. Æ fleiri konur hefja og ljúka námi og atvinnuþátttaka þeirra hefur aukist.

³⁰ Niðurstöður rannsóknar á lífsskjörum á norðurskautssvæðum (SLiCA) er að finna á vefslóðinni www.arcticlivingconditions.org. Grænlenku viðtölin voru tekin á árunum 2004–2006.

Konur með menntun og atvinnu eru ekki lengur upp á eiginmenn eða sambýlismenn komnar fjárhagslega. Það felur í sér að konur eru fyrirvinnur, ásamt maka sínum eða einar, samtímis sem þær sinna hefðbundnum kvennaverkum á heimilinu.

Bæði fjöldi og hlutfall þingkvenna hefur aukist stöðugt frá fyrstu kosningum til Landsþings 1979, ef undanskildar eru kosningarnar 2009. Aukið menntunarstig og atvinnuþátttaka kvenna hefur þó ekki skilað sér nema í takmörkuðum mæli í þjóðkjörnum samkundum og enn er hlutfall kvenna lægra en karla.

Oft er litið á grænenska velferðarlíkanið sem viðbót eða eftirlíkingu af danska velferðarlíkaninu. Þó er þar töluverður munur á eins og Sundström komst að þegar hún greindi grænenska líkanið (Sundström 2006) og greint hefur verið frá hér að framan, sbr. töflu í viðauka um ýmsar velferðarbætur. Til dæmis eru velferðarbætur í Grænlandi byggðar á þarfamati.

2.7. Heimildaskrá

- Agerskov, Ulla (1989). Frán kvinnonomínering till partinominering. Grönländska kvinnor under självtstyret. I Drude Dahlerup, red. *Vi har ventat længe nok*. Kaupmannahöfn: NORD
- AHDR *Arctic Human Development Report* (2004). Akureyri: Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.
- Arbejds- og Socialdirektionen: *Beretninger*. Ýmsir árgangar. Nuuk.
- Bentzon, Agnete Weis (1968): *Familiens organisation i de grønlandske samfund*. Nyt fra Samfundsvidenskaberne vol. 10. Kaupmannahöfn: Midtsjællands Bogtrykkeri.
- Bjerregaard, Peter, Young, T. Kue and Munksgaard (1998): *The Circumpolar Inuit – health of a population in transition*. Munksgaard, Copenhagen.
- Carlsen, Aksel (2007): Grønland: et holdningsskift i den post-koloniale velfærds-politik? I: Rafnsdóttir, Guðbjörg Linda (ritstj.): *Arbejde, Helse og Velfærd i Vestnorden*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í vinnuvernd,
- Danmarks Statistik: *Folke- og boligtaellingen i Grønland 1965*. Kaupmannahöfn.
- Danmarks Statistik: *Folke- og boligtaellingen i Grønland 1970*. Kaupmannahöfn.
- Den arktiske Levevilkårsundersøgelse*, SLiCA (2007). www.arcticliving-conditions.org.
- Esping-Andersen, Gösta (1990): *The Three Worlds of Welfare Capitalism*. Cambridge: Polity Press.
- From, Anders, Jensen, Kirsten Just, Friis, Peter og Kjær, Anders (1975): *Sociale problemer i Grønland – Levevilkår og sociale problemer i Vestgrønland*. Socialforskningsinstituttet, publikation nr. 64. Kaupmannahöfn: Teknisk Forlag.
- Grønlands Hjemmestyre (1995a): *Uddannelsespolitisk Redegørelse*. Pilersuifik, Nuuk.
- Grønlands Hjemmestyre (1991). Valgnævnet. *Valgbog for valg til Grønlands Landsting den 5. marts 1991*.
- Grønlands Hjemmestyre (1995). Valgnævnet. *Valgbog for valg til Grønlands Landsting den 4. marts 1995*.
- Grønlands Hjemmestyre (1999), Valgnævnet. *Valgbog for valg til Grønlands Landsting den 16. februar 1999*.
- Grønlands Hjemmestyre (2002). Valgnævnet. *Valgbog for valg til Grønlands Landsting den 3. december 2002*.
- Grønlands Hjemmestyre (2005), Valgnævnet. *Valgbog for valg til Grønlands Landsting den 15. november 2005*.
- Grønlands Hjemmestyre (2009), Valgnævnet. *Valgbog for valg til Grønlands Landsting den 2. juni 2009*.
- Grønlands Selvstyre (2009, september): Vefslóð: www.nanoq.gl. Udtræk 2009 af departementers og styrelser personalefortegnelser.
- Grønlands Statistik (1995b): *Familiens Levevilkår i Grønland*. Nuuk. Atuagkat

- Grønlands Statistik (ýmsir árgangar):
Kalaallit Nunat – Grønland. Statistisk Árbog. Nuuk. Atuagkat.
- Grønlands Statistik (2007): *Grønlands befolkning 1. januar 2007*. Befolkningsstatistik 2007:1. <http://www.stat.gl/LinkClick.aspx?link=BefolkStat%2fBefolkning%2fBefolk+07+PubDK.pdf&tabid=86&mid=457&language=da-DK>
- Grønlands Statistik (2008): *Beskæftigelsen 2006*. Arbejdsmarked 2008:3. <http://www.stat.gl/Statistik/ArbejdsmarkedogLedighed/tabid/85/language/da-DK/Default.aspx>
- Grønlands Statistik (2009a): *Ledigheden i byerne 2008*. Arbejdsmarked 2009:1. <http://www.stat.gl/Statistik/ArbejdsmarkedogLedighed/tabid/85/language/da-DK/Default.aspx>
- Grønlands Statistik (2009b): *Kompetence-givende uddannelser 2009*. Uddannelse 2009:1. <http://www.stat.gl/Statistik/Uddannelse/tabid/100/language/da-DK/Default.aspx>
- Grønlands Statistik (2009c): *Indkomststatistik 2007*. Indkomster 2009:1. <http://www.stat.gl/Statistik/Indkomster/tabid/90/language/da-DK/Default.aspx>
- Grønlands Statistik (2009): *Statistisk Árbog*. Grønlands Selvstyre – Grønlands Statistik.
- Grønlands Statistik (2010): *Indkomststatistik 2008*. Indkomster 2010:1. <http://www.stat.gl/Statistik/Indkomster/tabid/90/language/da-DK/Default.aspx>
- Ilisimatusarfik, studentermatrikel: særkørsel, oktober 2009.
- Landslæknisembættið. *Landslægeembedets årsberetning 2008*. Grønlands Selvstyre. <http://dk.nanoq.gl/Emner/Landsstyre/Departementer/Landslaegeembedet/Udgivelser/Aarsberetning/~media/37E1B4327F964CE090412F5C808815E8.ashx> (Januar 2010).
- Landstingsforordning nr. 12 af 31. oktober 1996 om orlov mv. og dagpenge ved graviditet, barsel og adoption.
- Landstingslov nr. 5 af 20. maj 1998 om Grønlands Ligestillingsråd.
- Landstingslov nr. 7 af 11. april 2003 om ligestilling af kvinder og mænd.
- Larsen, Elm og Hornemann Møller (2004): „*Socialpolitik*“. Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag.
- Lov nr. 473 af 12. juni 2009 om Grønlands Selvstyre.
- MIPI – Videncenter for Børn og Unge (2007): <http://mipi.nanoq.gl/Emner/e%20Udgivelser/~media/29595D69CDB04848A5E4F2E3365FBD6F.ashx>
- Poppel, Birger. (2009a). *Levevilkår i Grønland (6) Det grønlandske sprog – en status ved Selvstyrets indførelse*. Í Sermitsiaq nr. 27, 3. júlí 2009.
- Poppel, Birger. (2009b). *Levevilkår i Grønland (1) Individuel velfærd og tilfredshed med livet eller: hvordan synes vi selv det går?* Í Sermitsiaq nr. 8, 20. febrúar 2009.?
- Poppel, Birger. (2009c). „*Levevilkår i Grønland (4) Befolkningens opfattelse af væsentlige sociale og miljømæssige problemer*“ Í Sermitsiaq nr. 22, 29. maí 2009.?
- Poppel, MarieKathrine. (ritstj.). (2005). *Køn og Vold i Grønland*. Nuuk: Atuagkat A/S.
- Poppel, MarieKathrine. (2006). „Mænds vold mod kvinder i Grønland i nordisk og arktisk perspektiv.“ I Petersen, Hanne (ritstj.), *Grønland i Verdenssamfundet* Nuuk: Forlaget Atuagkat/Ilisimatusarfik.
- Poppel, MarieKathrine. (2008): Domestic violence – violence against women by men. *Erindi á ICASS VI, International Congress on Arctic Social Sciences*. , 22. ágúst 2008, Nuuk. http://www.arctichost.net/ICASS_VI/images/03.06.02.pdf
- Poppel, MarieKathrine og Kleist, Janus C. (2009). ”Køn og magt i politik og erhvervsliv i Grønland”. Í Niskanen, Kirsti og Nyberg, Anita (red.), *Kön og makt i Norden. Del I Landsrapporter*. TemaNord 2009:569. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Rasmussen, Rasmus Ole. (2005). *Befolkningsudviklingen i Grønland*. Í „Geografisk Orientering 2005“, nr. 6, (35. árgangur). Óðinsvæar: Geografforlaget.
- Rasmussen, Rasmus Ole. (2010). *Mobilitet i Grønland. Sammenfatning af hovedsynspunkter fra analysen af mobilitet i Grønland*. Nuuk: Mobilitetsstyregruppen.
- Skydsbjerg, Henrik. (1999). *Ligestilling i Grønland - En undersøgelse af ligestillingen i hjemmet, på arbejdspladsen og i det offentlige liv*. HS Analyse Nuuk, Grønland.
- Sundström, Eva. (2006). „*Välfärdspolitiska förhållanden i Västnorden Färöarna, Grönland och Island*“. TemaNord 2006:520. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Supplerende NGO rapport til den danske regeringsrapport til FN's Komité for Barnets Rettigheder – 4. rapportering”.

(2009). http://www.mibb.gl/fileadmin/user_upload/artikler/Skyggerapport_dansk_1_.pdf

Titmuss, Richard. (1958). „*Essays on the Welfare State*“. Allen and Unwin. Lundúnir.

Marie Kathrine Poppel er lektor við félagsfræði- og félagsráðgjafadeild við

Háskóla Grænlands/ Ilisimatusarfik í Nuuk. Rannsóknir hennar hafa m.a. beinst að kyni og ofbeldi og kynjahlutverkum og aðstæðum á vinnumarkaði í grænlenku samfélagi. Hún ritstýrði bókinni *Køn og vold i Grønland* sem gefin var út 2005.

Marie Kathrine Poppel er lektor við félagsfræði- og félagsráðgjafadeild við Háskóla Grænlands/ Ilisimatusarfik í Nuuk. Rannsóknir hennar hafa m.a. beinst að kyni og ofbeldi og kynjahlutverkum og aðstæðum á vinnumarkaði í grænlenku samfélagi. Hún ritstýrði bókinni *Køn og vold i Grønland* sem gefin var út 2005.



3. Konur og velferð á Íslandi

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir



Mynd: Magnus Fröderberg/Norden.org

3.1. Inngangur

Eins og kemur fram í inngangi þessarar bókar skera vestnorrænu löndin, Færeyjar, Grænland og Ísland sig frá öðrum Norðurlöndum að því leyti að þar búa fleiri karlar en konur (Norden i tal, 2009). Sömu sögu má reyndar segja þegar skoðuð eru tiltekin jaðarsvæði á öllum Norðurlöndunum. Ákveðinn fólksflótti frá jaðarbyggðum hefur verið viðfangsefni nokkurra rannsókna undanfarin ár og bent hefur verið á að menntunarmöguleikar og framboð af fjölbreyttum störfum getur haft talsverð áhrif á aldurs- og kynjasamsetningu íbúa. Margar jaðarbyggðir skortir atvinnutækifæri fyrir fólk með ýmiss konar sérmenntun og atvinnutækifæri fyrir konur eru oft fá, með þeim afleiðingum að þær yfirgefa þessi svæði fremur en karlar. Bent hefur verið á að staða atvinnu- og velferðarmála hefur áhrif á jafnrétti kynjanna og möguleika fólks til að velja sér búsetu (Carlsen, 2007; Ívar Jónsson, 2007; Sundström, 2006; Berglund, Johansson og Kramvig, 2005; Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005).

Á Íslandi er algengt að ungt fólk fari til útlanda til framhaldsnáms og í atvinnuleit. Ýmsir ílendast. Stór hluti Íslendinga flyst þó aftur heim að fáum árum liðnum. Sömu sögu er ekki að segja þegar skoðaður er flutningur frá

fámennari byggðarlögum til stærri þéttbýliskjarna á Íslandi. Þær jaðarbyggðir sem helst hafa orðið fyrir fólksflotta eru þær sem byggja nánast allt sitt á hefðbundnum karlastörfum svo sem í sjávarútvegi, landbúnaði og skógrækt (Nordisk Atlantsamarbejde [NORA], 2009). Niðurstöður nýlegrar MA ritgerðar Önnu Kristínar Gunnarsdóttur (2009) sýna að helstu ástæður fyrir búferlaflutningum 20–39 ára gamalla kvenna af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eru nám, fábreyttur vinnumarkaður á landsbyggðinni og betri launakjör á höfuðborgarsvæðinu. Anna Kristín bendir jafnframt á að stefnumótun, umræða og ákvarðanatöku um byggðaþróun sé nær eingöngu í höndum karla. Það kveður við svipaðan tón í grein Hjördísar Sigurgeirsdóttur og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2009) sem fjallar um stöðu kvenna í landbúnaði.

Í þessum kafla verður varpað ljósi á tengsl búsetu, velferðar og jafnréttis á Íslandi, einkum útfrá sjónarhóli viðmælenda sem eru 24 íslenskar konur. Ekki verður horft sérstaklega til tengsla dreifbýlis og þéttbýlis, heldur fremur til velferðar- og jafnréttismála almennt. Markmiðið er að skoða ýmiss velferðarúrræði á Íslandi og hvaða áhrif þau hafa á líf íslenskra kvenna að mati viðmælenda. Konurnar varpa ljósi á þá þætti í íslensku velferðarkerfi sem standa vel að þeirra mati og hvað megi betur fara svo Ísland verði enn betra land að búa á.

Rannsóknin byggir á fimm rýnihópaviðtölum sem voru tekin á tímabilinu júní til september 2008. Í rýnihópunum voru 24 konur á aldrinum 28 til 47 ára, sem bjuggu á Stór-Reykjavíkursvæðinu þegar viðtölin fóru fram. Margar þeirra höfðu þó alist upp á landsbyggðinni. Hóparnir voru valdir eftir sömu viðmiðum og kynnt eru í inngangi bókarinnar. Íslensku konurnar áttu að meðaltali 2,3 börn á aldrinum 0–19 ára. Þær höfðu búið í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Bretlandi, Hollandi, Ítalíu og í Bandaríkjunum. Viðmælendur eiga ekki að vera persónugreinanlegir, en eru kynntir með vísan í þætti sem einkenna rýnihópana sem þær tilheyra (sjá inngang bókar).

3.2. Búseta

Ísland er fámennt þjóðfélag þegar miðað er við önnur Norðurlönd, ef frá eru talin vestnorrænu löndin Færeyjar og Grænland. Mannfjöldinn á Íslandi 1. janúar 2010 var 317.630. Vestnorrænulöndin þrjú teljast til svokallaðra örsamfélaga, þar sem íbúafjöldinn er minni en ein milljón (Ívar Jónsson, 2007). Þótt íslenska efnahagskerfið sé lítið í sniðum í samanburði við efnahagskerfi víðast hvar á Vesturlöndum, þá einkennist það af öllu því sama og þekkt er meðal annarra og stærri þjóða.

Brotflutningur íbúa hefur líklega almennt aðra merkingu hjá þjóðum sem telja um eða innan við þrjúhundruð þúsundir, en hjá þeim sem telja milljónir. Efnahagskerfi fámennra þjóða eru einnig almennt viðkvæmari en efnahagskerfi milljónaþjóða, m.a. vegna þess að útflutningsvörur eru fáar og verð á þeim getur sveiflast talsvert. Einn vandi vestnorrænu landanna hefur

birst í einhæfu atvinnulífi, sem hefur leitt af sér tíðar efnahagssveiflur (Ívar Jónsson, 2007). Þjóðirnar hafa orðið fyrir því að „missa“ fólk á vinnufærum aldri til útlanda þegar illa hefur árað í efnahagslífinu og þótt all margir skili sér heim á ný, þá gildir það ekki um alla. Íslendingar sem hafa sest að í Skandinavíu bera gjarnan saman velferðarkerfin í þessum löndum og sumir komast að þeirri niðurstöðu að velferðarkerfið sé of vanþróað á Íslandi til að þeir vilji flytja aftur heim.

Mörg evrópsk hagkerfi sem eru þróuð en jafnframt sveiflukennnd eiga það sameiginlegt að búa yfir þróuðu velferðarkerfi og öflugum almannatryggingakerfi. Þrátt fyrir að íslenska hagkerfið hafi verið eitt það sveiflukennndasta meðal þessara þjóða, þá hefur áherslan á Íslandi í gegnum tíðina verið á vinnumarkaðsaðgerðir sem miða að því að halda háu atvinnustigi, fremur en að byggja upp sterkt almannatryggingakerfi með margs konar velferðarúrræðum fyrir þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Afleiðingarnar eru þær, samkvæmt Guðmundi Jónssyni (2009), að velferðargeirinn á Íslandi er smærri í sniðum en í mörgum löndum Vestur-Evrópu, einkum þó í samanburði við Skandinavíu.

Samdráttur og hagræðing í sjávarútvegi hefur komið sérstaklega niður á störfum kvenna á landsbyggðinni þegar fiskvinnsluhúsin loka vegna aflasamdráttar og hagræðingar (Unnur Dís Skaptadóttir og R. Hulda Proppé, 2005). Vinnumarkaðsaðgerðir sem hið opinbera hefur ráðist í á landsbyggðinni til að auka atvinnustigið hafa hins vegar iðulega fyrst og fremst tengst fjölgun hefðbundinna karlastarfa.

Viðmælendur bjuggu allir á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu þegar viðtölin fóru fram, en nokkur hluti þeirra hafði búið á langsbyggðinni og erlendis í lengri eða skemmri tíma. Í rýnihópunum reyndist erfitt að ræða sérstaklega hvers vegna sumar íslenskar fjölskyldur kjósa fremur að búa erlendis en á Íslandi og má segja að spurningin um búsetu komi inn í öll þemu sem fjallað er um í greininni. Umræðan um búsetu kom sérstaklega upp þegar rætt var um velferðarkerfið. Samanburðurinn við kjör fólks og lífsgæði í öðrum löndum bar þannig oft á góma, einkum meðal þeirra sem höfðu búið erlendis.

Það sjónarmið var ríkjandi, að erfiðara sé að samhæfa atvinnu- og fjölskyldulíf á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, bæði vegna „hraðans í samfélaginu“ sem svo margar kvennanna töluðu um, sem og vegna lakari úrræða í ýmsum fjölskyldu- og velferðarmálum.

Gott framboð atvinnu við hæfi og samneyti við stórfjölskylduna virtist ráða talsverðu um að viðmælendur sem höfðu búið erlendis kusu að flytja aftur heim til Íslands. Samneyti við nánustu ættingja, einkum foreldra, skipti miklu fyrir sjálfsmynd þeirra og líðan, auk þess sem konurnar nefndu að þær vildu að börn þeirra yrðu íslensk. Umræðan um stórfjölskylduna reyndist þó tvíþend. Margar þeirra sem höfðu búið erlendis nefndu að meiri tími hefði gefist til að sinna kjarnafjölskyldunni þegar þær bjuggu erlendis. Ástæðan væri sú að nú þyrftu þær að dreifa kröftum sínum og tíma á milli barnanna, foreldra og tengdforeldra. Konunum fannst þær bera að miklu leyti ábyrgð

á velferð foreldra sem komnir voru á efri ár. Skyldurnar gátu þá orðið það umfangsmiklar að þær breyttust í kvöð og viðbótar álag sem reyndist sumum viðmælendum allt að því um megn. Þannig skapaði samneyti við stórfjölskylduna og fullorðna foreldra ekki einungis ánægju, heldur einnig álag sem þó var oftsinnis all mikið fyrir.

Hér lýsir kona, sem flutti til Íslands fyrir fáum árum, kröfunum sem foreldrar og tengdforeldrar gera til hennar um heimsóknir um helgar, sem hún upplifir að nokkru leyti sem viðbótar vinnu og kapphlaup við tímann, fremur en ánægjulegar samverustundir:

„... kröfurnar eru hrikalegar ... maður er farinn að skipta helginni: „Við vorum sko að spá í að fara í morgunkaffi til ykkar núna af því að við erum að fara í kvöldmat þangað á morgun“ ... við náum hugsanlega hálfum sunnudegi [í hvíld]. Eigum við þá að sofa út? Eða vera með börnunum og vera bara heima?“ (*Kona með þrjú börn á framfæri, hefur búið erlendis*)

Áratuginn áður en viðtölin voru tekin ríkti sannkallað góðæri á íslenskum vinnumarkaði, atvinnustigið var hátt og í sumum atvinnugreinum hafði orðið talsvert launaskrið. Margir viðmælendur sem höfðu búið erlendis upplifðu að auðveldara væri að fá vinnu á Íslandi en í því landi sem þær höfðu áður búið í eða sótt menntun til. Viðmælendur voru sammála um að ánægja í starfi og það að hafa starf við hæfi væri mikilvægur þáttur í lífi fólks og vaxandi þáttur í sjálfsmynd kvenna.

„...ég held að það sem mestu máli skipti sé að vera í vinnu sem er við hæfi, það eru svo mikil lífsgæði fólgin í því að það sé skemmtilegt í vinnunni þinni...“ (*Kona með fimm börn á framfæri, hefur búið erlendis*)

Þótt staðan á íslenskum vinnumarkaði hafi verið með besta móti undanfarin ár og allt fram til haustsins 2008, hafa þó ýmsir kosið að starfa erlendis. Ein ástæðan er sú að þar hafa dagvinnulaunin oft verið hærrí en á Íslandi og meðalvinnutíminn styttri. Margir viðmælendur benda á að það að hækka launin með því að bæta á sig yfirvinnu eins og tíðkast hefur á Íslandi í mun meira mæli en í nágrannalöndunum, skapi oft mikið álag á fjölskyldur. Það skipti sköpum, ekki síst fyrir barnafjölskyldur, að þurfa ekki endalaust að „ströggla“ til að ná endum saman. Miklu skipti að geta veitt börnum sínum gott heimili, átt frítíma með þeim og leyft þeim að stunda tómstundir. Fram kemur í viðtölunum að það sé skiljanlegt að fólk vilji fremur búa erlendis ef dagvinnulaunin þar duga til að greiða fyrir sómasamlegt líf og tómstundir barnanna, fremur en að búa hér á landi og þurfa að vinna aukavinnu til að gera slíkt mögulegt.

Eins og fram kemur síðar í þessari grein er orðræðan um tímaleysi, streitu, lítið umburðarlyndi og efnishyggju ofarlega í huga kvennanna þegar rætt er um Ísland í samanburði við önnur lönd. Mörgum viðmælendum finnst ofanefnd atriði of ráðandi í daglegu lífi á Íslandi og telja að minna beri á þessum þáttum erlendis. Gildir það viðhorf ekki síst meðal þeirra

kvenna sem hafa búið í öðrum löndum, ýmist einhleypar eða með fjölskyldur.

Ef viðmælendur, sem hafa búið erlendis, flyttu aftur af landi brott þá væri það helst til þess að sækja í betra starf, eða til að auka lífsgæðin sem eru fólgin í því að fá betra tækifæri til að stjórna eigin tíma og gjörðum. Stórfjölskyldan væri það sem þær myndu helst sakna.

3.3. Lífsgæði

Rýnihóparnir ræddu þemað lífsgæði. Hvað eru lífsgæði og hvað þarf að koma til svo að þau aukist á Íslandi? Hugtakið lífsgæði er vissulega vítt og erfitt getur reynst að skilgreina það. Í umfjöllun um hugtakið lífsgæði styðjast Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eypórssson (2004) við greiningu Brock (1993) og benda á að einkum séu uppi þrjú sjónarhorn þegar fjallað er um lífsgæði fólks. Í fyrsta lagi megi skilgreina lífsgæði á grundvelli hugmyndafræði sem geti til dæmis verið af trúarlegum eða heimspekilegum toga. Í öðru lagi megi líta svo á að lífsgæði verði skilgreind með hliðsjón af því að hve miklu leyti óskir og langanir einstaklinga séu uppfylltar. Því sé mikilvægt að skoða að hve miklu leyti fólki sé mögulegt að komast yfir þau gæði sem það óskar sér. Í þriðja lagi megi skilgreina lífsgæði með hliðsjón af því hvernig fólki skilgreinir aðstæður sínar. Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eypórssson (2004, 19) segja:

Val milli þessara þriggja leiða er ekki augljóst. Að líkindum má segja að hefð sé fyrir því meðal stjórnmalamanna að líta helst til þess hvort fólki geti uppfyllt óskir sínar og langanir og vilji þar með líta til þess að hve miklu leyti fólki er mögulegt að komast yfir þau gæði sem það óskar sér. Þetta sjónarmið leiðir til áherslu á efnahagslega þætti. Hins vegar er slík nálgun augljóslega takmörkuð.

Í fyrsta lagi getur hún leitt til ofuráherslu á efnahagslegan vöxt þó slík þróun geti auðveldlega dregið úr lífsgæðum til dæmis með því að draga úr frítíma eða valda umhverfisspjöllum. Í öðru lagi er ekkert víst að fólki verði ánægt þó það fái óskir sínar uppfylltar því fólki getur sóst eftir einhverju sem á grundvelli viðmiða samfélagsins má telja óæskilegt.

Þetta síðastnefnda dæmi var töluvert rætt í rýnihópunum, undir öfugri merkingu þó. Viðmælendur bentu á að fólki væri ekki endilega ánægt þótt það fengi óskir sínar uppfylltar á grundvelli viðmiða t.d. um veraldleg gæði sem væru æskileg að mati samfélagsins. Fórmarkostnaður einstaklinga og fjölskyldna væri oft of mikill. Í umræðunni um aukin lífsgæði kom hins vegar fram hjá viðmælendum skýr ósk um að hafa meiri tíma og svigrúm fyrir sjálfa sig, að losna undan sýndarveruleika efnishyggu, kröfum um fullkomið útlit, óraunhæfa frammistöðu og afköst.

3.3.1 *Tíminn*

Tíminn er sérstaklega áberandi í umræðunni um lífsgæði. Tíminn er konunum ofarlega í huga og hann er nefndur sem dæmi um lífsgæði sem viðmælendur skortir, og það skapar vandamál í daglegu lífi þeirra. Þær konur sem höfðu búið erlendis upplifðu tímaskortinn sem stærra vandamál hér á landi en þar sem þær höfðu búið erlendis. Af hverju skyldi það stafa? Er það vegna þess að Íslendingar meta frítímamann ekki nægilega vel eða að þeir meta vinnuna meira en almennt tíðkast í nágrennlöndunum? Er eitthvað innbyggt í íslenskt launakerfi, atvinnulíf eða menningu sem veldur? Erum við ambáttir vinnunnar? Er það viðbótarálagið sem fylgir því að umgangast stórfjölskylduna þegar fólk er flutt heim sem veldur, þótt stórfjölskyldan sé almennt álitin veita stuðning?

Til viðbótar við tímaskortinn var orðræðan um margþætta ábyrgð og álag sem einkum hvílir á konum með börn á framfæri mjög áberandi í viðtölunum. Æ ofan í æ var rætt um álag sem hvíldi á fjölskyldukonum sem vinna fullan vinnudag án þess að ábyrgðin á umönnun fjölskyldu og heimilisstörfum dreifðist nægilega yfir á aðra fjölskyldumeðlimi. Þessi tilfinning kvennanna kemur heim og saman við rannsóknir sem hafa verið gerðar hér á landi og sýna að konur bera ennþá meiri ábyrgð á heimilinu en karlar (Kolbeinn Stefánsson, 2008a og 2008 b).

Umræðan um álag og tímaleysi tengist náið umræðunni um streitu. Viðmælendum finnst andrúmsloftið í höfuðborginni oft vera þrungið streitu. Ástæðurnar telja þeir bæði kerfislægar og huglægar.

Sem kerfislægar ástæður bentu viðmælendur á hátt atvinnustig og langan vinnutíma bæði hjá körlum og konum ef miðað er við nágrennalönd. Meðalvinnutími á Íslandi árið 2007 var 46,9 tímar á viku hjá körlum og 35,6 tímar hjá konum (Hagstofa Íslands, [ed. a]). Til samanburðar má nefna að á hinum Norðurlöndum var vikulegur meðalvinnutími hjá körlum 38,3 stundir árið 2007 og 33 tímar hjá konum (EUROSTAT, 2009). Munurinn á vikulegum vinnutíma karla er því tæpir 9 tímar og tæpir þrjú tímar hjá konum. Á sama tíma og vinnutíminn er langur er fæðingartíðni há á Íslandi. Lífandi fædd börn á ævi hveirrar konu voru 2,1 á Íslandi árið 2007 í samanburði við 1,9 barn að meðaltali á Norðurlöndunum öllum og 1,5 barn í Evrópu. Fæðingartíðni íslenskra kvenna er sú hæsta í Evrópu að Tyrklandi undanskildu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, 2007 [ed. b], og Norden i tal, 2007). Í þessum gögnum kemur ekki fram að fæðingartíðnin á Grænlandi var árið 2007 2,2 og 2,5 í Færeyjum (Statistisk årbog 2007 og 2010).

En það má einnig vísa til huglægra og menningarlegra þátta þegar leitað er skýringa á álagi og streitu. Til dæmis þeirra sem leggja að jöfnu það að vera duglegur og það að vinna mikið eins og tíðkast fremur meðal Íslendinga en Skandinava (Stefán Ólafsson, 1998). Vinnudyggðin var viðmælendum allra rýnihópanna ofarlega í huga sumarið 2008:

„... að vera rosalega upptekin er ógeðslega flott.“

Sagði tveggja barna móðir með miklum þunga, en jafnframt með gagnrýnni röddu þegar hún lýsti því sem hún taldi algeng viðhorf Íslendinga. Hún hafði búið erlendis þar sem gildin voru önnur að hennar mati og frítíminn meira metinn. Kona með fimm börn á framfæri sagði þetta:

„Ég var í þremur störfum í allan vetur bara til að halda okkur á floti og allt það og það þykir bara svolítið smart“.

Við þessari miklu vinnu fékk hún gjarnan viðbrögðin: „Mikið ertu dugleg!“ Allir viðmælendur í rýnihópnum tóku undir þetta.

„... já ég var sko að vinna til kl. sjö, og að senda tölvupósta kl. 12 að kvöldi, þá ertu rosa kúl.“ (*Sérfræðingur í einkafyrirtæki með eitt barn*)

Í tengslum við þetta hugleiddu viðmælendur hvað liggi að baki því að vera góður starfsmaður. Hvort það sé sá sem er duglegastur í vinnu eða sá sem dvelur lengst í vinnunni. Viðmælendur drógu í efa að hægt væri að tengja yfirvinnuna dugnaði til vinnu og bentu jafnframt á innbyggt óréttlæti sem slíkt hefði í för með sér vegna mismunandi möguleika sem fólk hefði til að vinna yfirvinnu. Það gefur augaleið að sá sem ber megin ábyrgð á daglegri umönnun fjölskyldunnar og framkvæmd rútnubundinna heimilisverka, sem oftast eru konur, hefur ekki tók á að vinna jafn langan vinnudag og sá sem ber ekki sams konar ábyrgð.

„Til dæmis konur með þrjú börn eða fjögur börn, ef þú átt að upplifa þessa krítériu til að fá þessa launahækkun, þá þarftu að skila þessum 200 eða 300 eða 400 yfirvinnutímum, [...] ef þú ert með einhverja svona brenglaða viðmiðun þá ertu búin að hreinsa út af borðinu allar konur með börn sem líklega kandidata fyrir launahækkun, og þá eru eftir einhleypir karlmenn sem [...] hafa enga ábyrgð.“ (*Sérfræðingur hjá opinberri stofnun með eitt barn á framfæri*)

Konurnar voru sammála um að þessi viðmið væru ólíkleg til að skila fyrirtækjum og stofnunum besta starfsfólkinu. En þrátt fyrir að þjóðarsálin rómi mikla vinnu, þykja samverustundir með fjölskyldunni einnig vera mikilvægar, einkum þar sem börn eiga í hlut og krafan um virka þátttöku foreldra í tómstundum og áhugamálum barna hefur farið vaxandi. Þetta er ein af mörgum þversögnunum sem komu fram í viðtölunum. Að vinna langan vinnudag á sama tíma og gerðar eru vaxandi kröfur um samverustundir með fjölskyldunni veldur því að konunum finnst oft erfitt „að standa sig“.

3.3.2 Að geta verið maður sjálfur

Þegar rætt var um lífsgæði var mörgum konunum einnig ofarlega í huga þær miklu útlitskröfur sem þeim finnst vera gerðar til kvenna á Íslandi og þau skilaboð að allar konur þurfi að vera steypar í „sama fullkomna mótið“. Skortur á umburðarlyndi kom nokkuð oft upp í umræðunni og sú staðhæfing

að umburðarlyndið sé minna á Íslandi en víða erlendis og skilningur fyrir margbreytileika af skornum skammti. Bent var á að í fjölmennari þjóðfélögum sé auðveldara að „vera maður sjálfur“.

Gallinn við að búa á Íslandi fannst mörgum viðmælendum vera sá að hér á landi ríki sú trú að allir hafi jöfn tækifæri og að þeir sem „ekki standa sig“ séu einfaldlega verr úr garði gerðir en aðrir. Það sé einungis þeim sjálfum sem einstaklingum að kenna, en á engan hátt þjóðfélaginu sem þeir búa í. Því þurfi allir að sanna sig. Og það gerir maður meðal annars með því að sýna að maður hafi góð laun og geti keypt sér alls kyns efnisleg gæði. Þetta geti hins vegar skapað mikið álag og streitu.

„Mér finnst þetta vera einhvern veginn svona nýríkt æði ... fólk er að tapa sér.“
(*Einhleyp kona sem hefur verið við nám erlendis*)

Umræðan um að íslensk þjóðarsál einkennist af því að best sé að „bera harm sinn í hljóði“ og „þegja, þola og þrauka“ fremur en að viðurkenna erfiðleika eða álag er ekki ný af nálinni. Þessi einkenni þjóðarsálarinnar voru t.d. til umræðu í rannsóknum frá tíunda áratug síðustu aldar (sjá t.d. Sigrún Júlíusdóttir, 1993; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995).

En þrátt fyrir allt tal um mikla streitu og vinnuálag kom í ljós að margar kvennanna voru innst inni afar stoltar af því að vinna eins mikið og þær gerðu, samhliða því að afkasta öllu mögulegu auk vinnunnar. Einn viðmælenda segir þegar hún talar um atvinnurekanda sinn:

„Hann sér náttúrulega að ég er vinnufíkill...“

Þetta er sagt í hálfgerðu gríni, en undir niðri er hún stolt af sjálfri sér og hún er ekki ein um þessa skoðun. Það gefur okkur vísbendingu um hversu djúpt þessi viðmið um dyggð vinnunnar liggja í hugarfylgsnum íslenskra kvenna. Jafnframt virðast þær meðvitaðar um að það álag sem þær upplifa ýmist sjálfar eða hjá öðrum, sé konum ekki hollt. Margar héldu einnig fram að álagstímabilið á íslenskum konum væri óvenju langt þar sem íslenskar konur byrja að eignast börn fremur ungar samanborið við aðrar vestrænar konur og eru jafnvel að eignast yngstu börnin fram yfir fertugt. Viðmælendur benda á að þetta fæðingarmynstur valdi því að margar íslenskar konur lendi í þeirri stöðu að vera enn með unga krakka þegar þær þurfa að annast aldraða foreldra sína. Einnig nefndu þær að algengt sé að íslenskir háskólastúdentar eignist börn meðan á háskólanámi stendur og margir kaupa sína fyrstu íbúð á námstímanum. Þetta fyrirkomulag hefur oft verið álitnið jákvætt og merki um dugnað og áræðni, en viðmælendurnir nefndu þetta einnig sem dæmi um skipulagsleysi og jafnvel græðgi sem ylli fjölskyldum, ekki síst konum miklu álagi.

3.3.3 Efnishyggjan og afleiðingar hennar

Talsvert var rætt um efnishyggjuna á Íslandi, sem eins og Max Weber bendir á (Collins og Makowsky, 1998) þykir vera tákni um velgengni og að fólk hafi staðið sig vel í lífinu. Þetta tekur að mati viðmælenda bæði til eigna, útlits og lífsstíls og veldur aukinni pressu á að afla tekna til viðhalds lífsstílnum.

„Kröfurnar í dag eru orðnar svolítið miklar, maður á að vera í fullri vinnu, helst að eiga þrjú börn, maður á að eiga einbýlishús og jeppa, þú átt að eiga hund, þú átt að geta farið þrisvar sinnum á ári til útlanda, skíðaferð, ströndina og svo helgarferð. Þetta er kannski orðið bara svolítið óraunhæft. Mér finnst bara vera of miklar kröfur og mér finnst líka þetta vera orðin heimtufrekja í fólki.“ (*Sérfræðingur í einkafyrirtæki með eitt barn*)

Það var mjög ríkjandi þema í viðtölunum að samkeppnin um veraldlegan auð væri byrði á íslenskum fjölskyldum. Þriggja barna móðir bar saman árin sem hún bjó í Svíþjóð og árin á Íslandi og hafði þetta að segja:

„... maður hafði bara ekki áhyggjur af því að eiga ekki örbylgjuofn, eiga ekki bíl, ... já maður var einhvern veginn nægjusamari ... manni var líka kannski bara meira sama hvort maður væri í gallabuxum sem voru með þessu merki. Mér fannst þetta ótrúlega munur, ... mér leið einhvern veginn betur með sjálfa mig [erlendi] heldur en hérna, þar sem mér finnst ég stöðugt vera að keppast við það að vera svona og vera nýklijpt og fara þarna og vera með þessi gleraugu [...]. Mér fannst erfitt [eftir að hafa flutt til Íslands] að standast allt í einu þær kröfur sem þjóðfélagið er að setja á mann.“

Í viðtölunum kom fram að þær kröfur sem hér um ræðir séu til staðar, hvort sem um er að ræða ungt námsfólk, unga foreldra eða eldra fólk sem búið er að vera á vinnumarkaði lengi:

„Mér hefur lengi þótt vanta viðurkenningu á því [hér á landi] að það sé eðlilegt að vera til dæmis fátækur námsmaður.“ (*Barnlaus viðmælandi sem bæði hefur verið í háskóla á Íslandi og í Bretlandi*)

Aðrar tóku undir þetta sjónarhorn. Bent var á að þótt fólk sé í menntaskóla eða háskóla þá sé reiknað með því að það hafi reglulegar tekjur og geti uppfyllt margar þær kröfur um efnisleg gæði sem gerðar eru til þeirra sem hafa fastar tekjur á vinnumarkaði.

„Þú átt að vera í réttu fötunum og þú átt að stunda djammið grimmt“.

Þegar konurnar bjuggu erlendi fannst þeim andrúmsloftið vera afslappaðra og að fólki þætti eðlilegt að eiga ekki nóg að peningum. Einn viðmælandi sem hefur búið erlendis sagði þetta:

„Við erum svo mikið að keppast við það að meika það, en við vitum ekki alveg hvað það er, en þurfum bara að meika það“.

Annar viðmælandi spurði:

„Síðan hvenær fór gólfefni að skipta máli?“

Samanburðurinn við lífið erlendis náði ekki einungis til efnislegra hluta, heldur einnig til samskipta og fjölskylduviðburða eins og barnaafmæla:

„Fyrsta árið sem við fluttum heim, að þurfa að halda barnaafmæli, oh! Það var alveg hrikalegt, ég kveið fyrir því í margar vikur, það var ekki nóg að hafa eina súkkulaðiköku eins og úti þar sem ég fékk krakkaskarann og þurfti ekkert að dila við þessa foreldra. Hér þarf maður að setja eitthvað þvífkt hláðborð og dekkja fyrir stórfjölskylduna, það þarf að vera heitt og eitthvað fyrir þennan ... Þetta er einmitt eitthvað sem við erum búin að búa okkur til, svona hafa allir gert og ekki ætla ég að vera minni mamma.“ (*Þriggja barna móðir sem búuð hefur í Bandaríkjunum*)

Talsvert var rætt um hvað væri þessu valdandi. Ef viðmælendum líkaði betur það viðhorf til efnishyggu, útlits og almenns standards sem þær kynntust erlendis, hvers vegna tóku þær þá þátt í því sem viðgengst hér á landi er þær fluttu heim á ný?

„Ég man að ég fékk nýja sýn á ýmsa hluti [erlendis] og hugsaði sko, já ég ætla að halda þessu þegar ég fer til Íslands en innst inni vissi ég að ég myndi detta beint inn í íslenska girinn og það var nákvæmlega það sem gerðist, allt í einu datt ég beint inn í íslenska girinn og allt í einu fór að skipta öllu máli að eignast bíl og svona.“ (*Barnlaus kona sem hafði verði í námi í Bretlandi og tileinkað sér um tíma það sem henni fannst vera „nægjusemi“ þess fólks sem hún kynntist þar*)

Kannski snýst þetta um viðleitni fólks til að fá jákvæða umbun frá sínu nánasta umhverfi, samanber kenningar Goffmans (1969), sem líkir lífinu við leikhús, þar sem hver og einn leikur það hlutverk sem viðkomandi telur að ætlast sé til af honum. Samkvæmt viðmælendum virtist mælikvarðinn á að þeir væru að standa sig mest helgast af sýnilegum þáttum svo sem eignum, ferðalögum sem og meintum dugnaði í vinnu. Það kom fram nokkuð sterk sannfæring fyrir því að Íslendingar væru efnishygguþjólfólk og að sjálfsmynd þjóðarinnar sé háð efnislegri ímynd út á við. Ef við eigum allt sem ætlast er til af okkur og helst meira til, þá höldum við að við séum að standa okkur. Kvörtum kannski yfir kröfunum en viljum í raun ekki breyta þessu. Markmiðið er að „meika það.“ En til hvers og hvað svo?

3.3.4 Að hafa val

Í flestum viðtölunum kom fram að það séu mikil lífsgæði fólgin í því að hafa val; val um að mennta sig, val um að ferðast, val um að vinna og vera sjálfstæðar. Og einhverjar nefndu það sem styrkleika íslensk samfélags, að hér hafi fólk þetta val. En í umræðunni um frelsið til að velja komu jafnframt fram tilteknar þversagnir. Þótt konurnar fjölluðu um þetta val, þá ræddu þær samtímis á gagnrýninn hátt um kröfurnar sem gerðar eru í samfélaginu um fyrirfram ákveðin lífsgildi og lífsstíl, árangur í einkalífi og í

vinnu, sem svo leiðir aftur til þess að þolið gagnvart fjölbreytileikanum minnkar til muna og þegar til kastanna kemur séu allir steyptir í sama mót. Lítil virðing sé borin fyrir öndverðum skoðunum og ákvarðanatökum annarra sem ekki samræmast ríkjandi viðhorfum í samfélaginu. Valið er því kannski lítið sem ekkert þegar upp er staðið:

„Þó þú hafir þetta val að þá verðurðu að fylla út í ákveðinn ramma, það er erfitt að vera sjálfstæður í sínu vali,“ sagði einn viðmælenda.

Hvað veldur þessu? Smæð þjóðarinnar er oft nefnd sem skýring. Félagslegt taumhald er mikið í litlum samfélögum. Um það var talsvert rætt. Fámennið stuðlar að því að við höfum mikið taumhald hvert á öðru, með þeim kostum og göllum sem það hefur í för með sér. Þær sem höfðu búið erlendis töluðu um meira frelsi í hinu daglega lífi þar, frelsi sem ekki eingöngu var tengt efnishyggju heldur einnig lífsgildum almennt.

„Þegar þú flytur út þá færðu leyfi til að vera önnur en þú varst einhvern veginn, þú færð leyfi til að reyna svolítið á mörkin í þér“, segir móðir eins barns sem búið hefur erlendis. „Það er bara ekki verið að rannsaka þig,“ segir barnlaus kona.

Ef til vill á fámennið sinn þátt í því að viðmælendum þykir fólki á Íslandi nokkuð þröngt sniðinn stakkur hvað varðar það sem er samþykkt og ekki samþykkt af umhverfinu. Í ákveðnum hópum má enginn skara framúr að mati viðmælenda, af því að þá ertu litin hornauga.

En þrátt fyrir að fámennið á Íslandi þyki stundum skerða persónufrelsi einstaklinga, þá bentu konurnar á að það hefði einnig sínar jákvæðu hliðar. Einn kosturinn við fámennið að mati þeirra er frelsi barna á Íslandi. Þetta frelsi álitu þær vera afskaplega dýrmæt lífsgæði sem réðu miklu um að þær konur sem höfðu búið erlendis ákváðu að flytja aftur heim til Íslands. Sú lífsreynsla að geta verið einn úti að leika sér með vinum og kynnast þannig nánasta umhverfi sínu fannst viðmælendum vera sér íslensk og ómetanleg. Þetta frelsi endurspegladist einnig í þeirri íslensku hefð að börn væru látin sofa úti í vagni. Sú hefð helgast reyndar ekki einungis af því að Íslendingar treysta umhverfinu, heldur einnig af loftgæðum og trú á aukið hreysti barnsins sofi það úti í vagni á daginn.

Í umræðunni um lífsgæði bar sveigjanleiki í vinnu einnig oft á góma, sveigjanleiki svo hægt sé að taka mið af þörfum fjölskyldunnar. Meðal annars til að gera foreldrum betur kleift að skutla krökkum til og frá tómsundum og skóla, til að taka þátt í viðburðum sem eru á vegum skóla eða leikskóla á vinnutíma. Í því samhengi var þó mikið rætt um nauðsyn þess að færa tómsundastarfið inn í skólana til að draga úr skutlinu. Sveigjanleiki í vinnutíma og sveigjanleiki í því hvenær hægt er að taka sumarfrí skiptir máli við samspil fjölskyldu- og atvinnulífs og flestir viðmælendur töldu að þennan sveigjanleika væri almennt að finna á íslenskum vinnumarkaði, þar sem hægt væri að koma honum við.

Lífsgæði eru samkvæmt viðmælendum einnig fólgin í jöfnuði. Jöfnuði sem þykir sjálfsagður á Íslandi þótt hann sé ekki endilega til staðar. Bent hefur verið á (sjá t.d. Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2005) að á Íslandi sé það feimnismál að tala um mismunandi stöðu ólíkra þjóðfélagshópa og að á Íslandi hafi ekki allir jöfn tækifæri. Fram kom í máli viðmælenda að á Íslandi væri hálfgerð bann lagt við því að tala um ójöfnuð og voru deildar meiningar um áhrif þess.

„Við erum of feimin á Íslandi að segja: „fátækar einstæðar mæður“ eða „fátækir einstæðir fedur“, við erum hrædd við að skoða fátækt fólk á Íslandi“ segir viðmælendi sem hefur búið erlendis.

Í þessu samhengi kom nokkrum sinnum upp í umræðunni að það gæti verið gott að fá skólabúninga, til að draga úr pressu á foreldra og börn um að þau gangi í dýrum fatnaði í skólanum, eða „til að stoppa þessa geggjun“ eins og einn viðmælendi kallaði barnatískuna. Þó kom einnig fram sú skoðun að sumir foreldrar myndu ekki samþykkja skólabúninga. Þriggja barna móðir með börn á skólaaldri hafði ekki trú á að skólabúningar nýtu almennt fylgis á Íslandi:

„Það eru bara svo fáir sem vilja vera jafnir, fólk vill ekkert vera jafnt og eitthvert annað, það vill vera betra“.

3.4. Hið opinbera velferðarkerfi

Þegar viðmælendur ræddu um velferðarkerfið á Íslandi var oft gerður samanburður á velferðarkerfinu á Íslandi og í þeim löndum sem þær þekktu til³¹. Margt fannst konunum vera til fyrirmyndar í íslensku samfélagi, eins og mæðravernd, ungbarnaeftirlit, leikskólar og möguleikar á háskólamenntun. Um þetta voru flestar sammála. Oft var á það minnst hvað það sé mikilvægt að vera engum háður og geta staðið á eigin fótum „ef allir fara“. Það virðist þó ekki vera mikið traust borið til þess að stuðningur sé innan velferðarkerfisins ef eitthvað kemur upp á lífi kvenna (t.d. skilnaður, fráfall maka o.fl.) og því er eins og það liggi mjög fast í undirmeðvitund þeirra að þegar upp er staðið geti þær bara stólað á sig sjálfar. Hins vegar bentu þær konur sem hafa búið erlendis á að íslenska velferðarkerfið stendur sig betur á mörgum sviðum en raunin er í ýmsum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum. Ýmislegt mætti þó betur fara og bar þá heilbrigðiskerfið og velferðarþjónustan oftast á góma.

3.4.1 Réttindi sem er erfitt að nýta sér

Viðmælendur minntust oft á ósamræmi í því sem sagt er að velferðarkerfið bjóði uppá og möguleikanum á að nýta þá þjónustu. Tekjutengdar

³¹ Til upplýsingar um ýmiss velferðarræði í Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi er lesendum vísað á töflu aftast í þessu riti.

barnabætur fannst þeim vera gott dæmi um þetta. Hér á landi eru barnabæturnar tengdar tekjum foreldra og skerðingarmörkin þykja lág. Óskertar barnabætur hjóna með fyrsta barni eru kr. 144.166 á ári og með hverju barni umfram eitt kr. 171.545. Viðbót vegna barna yngri en 7 ára eru kr. 61.191. Óskertar barnabætur einstæðra foreldra eru hærri eða kr. 240.043 á ári með fyrsta barni, kr. 246.227 með hverju barni umfram eitt og viðbót vegna barna yngri en 7 ára er eins og áður kr. 61.191 á ári. (Ríkisskattstjóri [ed]). Upphæð barnabóta er svipuð á Íslandi og t.d. í Svíþjóð, en þar fá foreldrar SEK 12.600 á ári eða 223.000 ísl.kr, með fyrsta barni, óháð tekjum (Försäkringskassan [e.d. a]). Ef horft er til Danmerkur kemur í ljós að árið 2010 fá foreldrar barna á aldrinum 0–2ja ára 16.998 DKK (360.358 ísl.kr.) á ári, foreldrar 3–6 ára barna fá 13.448 DKK (285.098 ísl. kr.) og 7–17 ára barna 10.580 DKK (224.296 ísl. kr.) (Skatteministeriet [e.d. a]). Í Svíþjóð og Danmörku eru barnabætur ekki tekjutengdar eins og á Íslandi.

Hjá hjónum og sambúðarfólki á Íslandi reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram kr. 2.415.492 og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram kr. 1.207.746. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 2% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö skerðast bæturnar um 6% og ef börnin eru þrjú eða fleiri skerðast barnabæturnar um 8% af tekjum (Ríkisskattstjóri [ed]). Í viðtölunum var bent á að vegna þess hve lágur tekjur foreldrar þyrftu að hafa til þess að fá óskertar barnabætur, þá fái fæstir foreldrar barnabætur og í raun sé því einungis um að ræða „fátæktarframlag“ til mjög tekjulágra foreldra. Auk þess var bent á að ríkið hefði rétt á að draga þessar bætur til baka ef foreldrar eða jafnvel stjúforeldrar skulduðu ríkinu fé t.d. í formi skatta. Móðir með fjögur börn missti barnabæturnar þegar hún hóf sambúð með manni. Hún lýsir því svona:

„Þú ert ekki lengur einstaklingur og þá bara getur sem sagt ríkið ráðskast með rétt sem ætlaður er börnunum. Mér finnst það rosalega mótsagnarkennt. Það breyttist ekkert í mínu fjárhagslega lífi nema það að ég fór að búa með manningum. En ég náttúrulega þurfti samt að sjá fyrir mér og börnunum jafn mikið og áður.“

Fleiri úrræði í velferðarkerfinu voru nefnd sem konunum fannst ekki vera nógu aðgengileg eins og t.d. pláss fyrir grunnskólabörn á frístundaheimilum. Frístundaheimili voru margoft rædd og kom fram óánægja að hluta til með þá starfsemi sem þar fer fram og einnig með lítið framboð af plássum. Einhleyp móðir með eitt barn hefur þetta um málið að segja:

„...ég stend einmitt í þessu annað árið í röð, barnið mitt er ekki í forgangi, ég og barnið mitt falla ekki í réttan klassa ... mér finnst svo fátánlegt að í þrjú hundruð þúsund manna landi ... þurfi að leita í einhverja reglugerð til að ákveða hvort barnið fari í einhvern forgang eða ekki [fyrir frístundaheimili].“

3.4.2 Upplýsingaflæði

Það viðhorf kom fram í viðtölunum að félagsþjónustan, sem og heilbrigðiskerfið þyrfti að vera einfaldara, sýnilegra og aðgengilegra. Einnig upplifðu konurnar að enn þætti hálfgerð skömm af því að sækja um félagslega aðstoð. Það tengdu þær við vinnudyggðina sem einkenndi íslenska þjóðarsál og fjallað er um hér að framan. Konur sem höfðu búið erlendis bentu ítrekað á að upplýsingar vanti frá hinu opinbera fyrir fólk sem flyst hingað til lands og ekki bara fólk af erlendum uppruna heldur einnig Íslendinga sem flytjast heim eftir áralanga dvöl erlendis. Margir hafa ekki áður haft fjölskyldu á framfæri og eru að flytja í aðrar aðstæður en þeir hafa áður þekkt. Því sé mikilvægt að þessi hópur hafi góðan aðgang að upplýsingum.

„Mér fannst erfiðara að flytja heim heldur en út, það fannst mér skrytið, þrátt fyrir mikið af pappírnum sem þurfti að senda hingað og þangað úti...“, sagði gift móðir með þrjú börn.

Bent var á að það þyrfti að vera til eins konar „gátlisti“ fyrir fólk sem flytur til Íslands svo ljóst sé hvaða rétt fólk hefur og hvað þurfi að gera til að öðlast þann rétt. Einnig á þetta við ef fólk veikist eða þarf að sækja eitthvað til velferðarþjónustunnar. Sú ábending kom fram í einum rýnihópnum að það ætti að vera aðili á heilsugæslustöðvunum sem sæi um að veita slíkar upplýsingar því það myndi spara óhemju tíma og fyrirhöfn í oft viðkvæmum og erfiðum aðstæðum.

„Maður hefur rétt á fullt af atriðum sem maður hefur ekki hugmynd um, maður þarf að leita að upplýsingum á furðulegan hátt, maður mætir aldrei á einn stað þar sem manneskja getur sagt manni allt, hún segir bara alltaf hluta.“ (*Móðir með fjögur börn sem hefur búið erlendis.*)

„Þetta er partur af því sem mér finnst svona einkenna íslenskt samfélag yfir höfuð, það vantar allar reglur, það er allt svo óskýrt, það er hvergi neinn svona miðlægur gagnagrunnur ... og ekkert niðurskrifað eða niðurnjörvað. Fólk er rosalega illa upplýst um hvaða rétt það hefur.“ (*Tveggja barna móðir sem hefur búið erlendis.*)

Þegar umræðan snerist um skort á upplýsingum og lélegan aðgang var það oftast í tengslum við flutning til landsins, umönnun barna og aldraðra foreldra.

„Móðir mín er orðin fullorðin, ég er einmitt byrjuð að reka mig á þetta, hvað hlutirnir eru flóknir og illa aðgengilegir...“

3.4.3 Fæðingarorlof

Fæðingarorlofið á Íslandi bar oft á góma í rýnihópnum. Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem samþykkt voru árið 2000 er markmið þeirra að tryggja barni samvistir við báða foreldra. Það felur í sér að nú

mánaða fæðingarorlof skiptist þannig að mæður eiga rétt á þremur mánuðum, feður eiga rétt á þremur mánuðum og sameiginlega eiga foreldrar rétt á þremur mánuðum. Móðir og faðir geta ekki framselt sína þrjá mánuði til hvors annars. Foreldrum er einnig heimilt að taka 13 vikna launalaust foreldraorlof (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000). Markmið laganna er annars vegar að tryggja börnum samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði mæðrum og feðrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Samkvæmt niðurstöðum Gallupkönnunnar frá árinu 2006 var meirihluti svarenda þeirrar skoðunar að fæðingarorlof feðra hefði haft jákvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði (Forsætisráðuneytið, 2009 c). Konur taka þó enn lengra fæðingarorlof en karlar og lögin hafa ekki orðið til þess að jafna launamun kynjanna.

Á sama tíma og viðmælendur fagna því að fæðingarorlof á Íslandi sé orðið níu mánuðir og að sett séu skilyrði um að feður taki fæðingarorlof, kom fram að þeim finnst lögin ekki vera gallalaus. Nafnið eitt og sér, „orlof“ finnst þeim gefa villandi sýn á hvað það sé að vera heimavinnandi með lítið barn. Einnig sýnist sitt hverjum um að foreldrar geti ekki framselt þrjá mánuði til hvors annars. Var þá helst bent á óréttlæti gagnvart börnum sem ekki eiga feður sem vilja eða geta tekið fæðingarorlof. Taki feðurnir ekki mánuðina þrjá þá falla þeir niður. Því fá börn sem eiga slíka feður einungis sex mánaða fæðingarorlof. Hjá sumum viðmælendum kom fram mikil óánægja með þetta fyrirkomulag og konurnar upplifðu þetta sem mikil svik gagnvart viðkomandi börnum.

„...þá standa einhleypar mæður frammi fyrir því að þar sem faðirinn tekur ekki fæðingarorlof, þá eiga þau börn ekki rétt á sömu viðveru með foreldrum sínum ... mér finnst þetta snúast um rétt barnanna alveg eins og þetta snýst um rétt foreldra.“
(*Einhleyp móðir með eitt barn*)

Fram kom hjá konunum að þótt þær teldu að flestir foreldrar nýttu fæðingarorlofið eins og kveðið er á um í lögum, þá hefðu þær orðið varar við ákveðna brotalöm á framkvæmdinni. Nefnd voru dæmi um feður sem skrá sig í fæðingarorlof en halda áfram að vinna „svart“ á sama tíma og mæðurnar halda áfram að vera heima með börnin. Algengasta skýringin var sú að feðurnir væru tekjuhærri og fjölskyldurnar mættu ekki við því að þeir fengju einungis greitt úr Fæðingarorlofssjóði. Samkvæmt lögnum nema mánaðarlegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði 80% af meðaltali heildarlauna sl.12 mánuði. Mánaðarleg greiðsla nemur þó aldrei hærri fjárhæð en kr. 350.000 (Lög um fæðingar- og foreldraorlof). Einnig voru dæmi nefnd um að einhleypar mæður vissu til þess að barnsfeður þeirra tækju þessa þrjá mánuði án þess að sinna barninu á meðan á orlofinu stæði. Á sama tíma og viðmælendur töldu að lengja þyrfti fæðingarorlofið í 12 mánuði og að lengja þyrfti þann tíma sem foreldrar hafa rétt á að vera í leyfi frá vinnu vegna veikra barna, þá var það sjónarmið rætt hvort aukinn réttur launafólks til umönnunar barna gæti mögulega veikt stöðu yngra fólks

(mæðra og fedra) á vinnumarkaði vegna ótta atvinnurekenda við að hópurinn væri of mikið frá vinnu vegna umönnunar barna.

Það sjónarhorn kom einnig fram að það væri erfiðara fyrir atvinnurekendur að manna stöður þegar starfsfólk færi í þriggja mánaða fæðingarorlof heldur en ef það færi í orlof t.d. í sex mánuði. Einhverjir viðmælendur töldu þannig hagkvæmara að hafa fæðingarorlofið 12 mánuði og að fedur tækju fleiri mánuði en þrjá. Þá yrði auðveldara fyrir stjórnendur að ráða einhvern í staðinn til að leysa þá af. Þess konar breyting myndi svo væntanlega styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Jafnframt var bent á mikilvægi þess að auka sveigjanleika við fæðingarorlofstökurnar svo foreldrar gætu aðlagð þær þörfum fjölskyldunnar og vinnuveitandans.

Sameiginlegt forræði beggja foreldra er viðmælendum einnig mikið umhugsunarefni, hvað það þýði í raun og hvaða áhrif það hefur á börnin. Frá árinu 2006 hafa íslenskir foreldrar sjálfkrafa farið sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða slit skráðrar sambúðar nema annað sé ákveðið (Barnalög nr. 69/2006). Vissar efasemdir komu fram um að hægt sé að sinna uppeldinu undir merki sameiginlegrar forsjár, án þess að það valdi misvísandi skilaboðum og óöryggi hjá barninu. Það sjónarmið kom sterkt fram að höfuð ábyrgðin á barninu yrði að vera hjá öðru hvoru foreldrinu, því ef ábyrgðin væri hjá tveimur einstaklingum sem ættu í slæmum samskiptum, hljóti það að koma niður á barninu. Vegna þessa finnst viðmælendum vanta fleiri viðmið og reglur varðandi samskipti fráskilinna foreldra. Auk þess var bent á mikilvægi rannsókna á áhrifum sameiginlegs forræðis á líðan barna og þess að börn búi hjá báðum foreldrum, til dæmis aðra hverja viku eins og tíðkast.

3.4.4 Veik börn

Mikið var rætt um réttinn til að vera heima með veikum börnum og börnum með sérþarfir. Ítrekað kom fram að það sé talinn mikill kostur að vera í sveigjanlegu starfi. Sveigjanlegt starf byði foreldrum upp á að hliðra til í vinnu þegar veikindi koma upp hjá börnunum eða jafnvel að taka hluta vinnunnar með sér heim. Lágmarksréttindi foreldra til fjarvista vegna veikra barna á Íslandi eru bundin í kjarasamningum og því mismunandi og geta verið allt að 12 vinnudagar á ári fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna (Bandalag háskólamanna [ed]). Fram kom sú skoðun að víða í atvinnulífinu ríkti lipurð gagnvart því ef foreldrar þurfa að vera fjarverandi vegna veikinda barna sinna, jafnvel lengur en umsamin réttindi kveða á um. Viðmælendurnir töldu að það væri almennt samkomulagsatriði innan vinnustaðarins hvernig slíkar fjarvistir væru skráðar, hvort þær væru skráðar sem veikindi barna eða veikindi foreldra. Þrátt fyrir að almennt væri álitnið að atvinnurekendur væru umburðarlyndir gagnvart því að foreldrar væru heima ef barn þeirra veiktist, sagði einn viðmælandinn sem sjálf er atvinnurekandi með fjögur börn á framfærslu þetta:

„... sem vinnuveitandi veigrar maður sér við að ráða kannski ungar mæður“.

Í Svíþjóð hafa veik börn, fram að 12 ára aldri, rétt á að hafa foreldra sína heima í allt að 120 daga á ári. Foreldrar geta framselt réttinn til að vera heima með veiku barni yfir til annarra nákominna (Försäkringskassan [ed c]). Um þetta var mikið rætt og viðmælendur allir á því að þetta væri af hinu góða.

„... ég gat gefið tengdamóður minni daga með elstu dóttur okkar þegar ... hún var veik“ sagði þriggja barna móðir sem hafði búið í Svíþjóð og hafði einungis af þessu góða reynslu.

Í Svíþjóð er veikindarétturinn bundinn barninu, en á Íslandi er rétturinn bundinn hvoru foreldri fyrir sig, óháð fjölda barna. Það að aðrir en foreldrarnir fái að taka út veikindaréttinn getur dregið úr tortryggni gagnvart smábarnaforeldrum á vinnumarkaði, þar sem ábyrgðin dreifist á fleiri hjá þeim sem hafa einhvern nákominn að leita til ef upp koma veikindi. Hins vegar má segja að með þessu fyrirkomulagi sé sú hætta fyrir hendi að sérlega ömmurnar losni aldrei frá þeirri ábyrgð að þurfa af og til að fara heim úr vinnu til að sinna veikum börnum. Þannig gæti kerfið hugsanlega „gjaldfellt“ konur á vinnumarkaði, ekki einungis meðan þær eru með lítil börn, heldur alla sína starfsæfi.

3.4.5 Stórfjölskyldan

Í fámennum samfélögum eins og þeim vestnorrænu, er nálægðin við stórfjölskylduna oft meiri en í fjölmennari samfélögum. Enda hafa stjórnvöld þessara landa gengið út frá því allt fram á þennan dag að stórfjölskyldan, einkum konurnar, annist að miklu leyti unga jafnt sem aldna, og komi að vissu leyti í stað opinberrar velferðarþjónustu eins og hún tíðkast í Skandinavíu. Það sjónarhorn hefur ef til vill leitt til þess að velferðarkerfið hefur þróast hægar í vestnorrænu löndunum en á hinum Norðurlöndunum, sem og hugmyndin um jafnrétti kynjanna. Þótt viðmælendur séu almennt sammála um kosti þess að geta leitað til stórfjölskyldunnar, t.d. vegna barnagæslu, kemur það þó almennt fram hjá þeim konum sem hafa búið erlendis, fjarri stórfjölskyldunni, að þrátt fyrir stuðninginn þá sé í rauninni álagið því samfara að búa í nálægð við stórfjölskylduna meira en sá stuðningur sem þær fá. Foreldrar viðmælenda sem enn eru full frískir og starfandi á vinnumarkaði hafa í mörgu öðru að snúast en að gæta barnabarnanna. Þeir sem aftur á móti eru ekki lengur á vinnumarkaði eru margir orðnir þreyttir og lasnir og þurfa sjálfir á aðstoð og stuðningi að halda. Viðmælendurnir voru því nokkuð sammála um að stórfjölskyldan sé almennt ekki til staðar lengur sem mikill stuðningur við smábarnafjölskyldur, þótt þeirri hugmynd sé vel við haldið.

Sem svar við spurningunni um hvort stórfjölskyldan aðstoði mikið við umönnun barna svaraði einn viðmælandi:

„Ég sé það ekki hjá mér og ekki hjá mínum vinkonum, nema kannski góðar mömmur bjarga klukkutíma og tveimur tímum, en [þær eru] ekkert svona heima með sleifina og með barnabörnin heila helgi.“

Þegar konurnar ræddu hversu litla aðstoð þær fengju í raun frá foreldrum sínum við gæslu barnabarnanna minntust þær afar sjaldan á feður sína, en bentu ósjaldan á að þær gætu ekki stólað á mæður sínar. Þannig var áhugavert að sjá hversu djúpt í undirmeðvitundinni hugmyndir þeirra um kynbundin hlutverk liggja, þrátt fyrir þær viðhorfsbreytingar sem átt hafa sér stað undanfarin ár. Það virðist einnig sem sumir atvinnurekendur eða stjórnendur líti svo á að ömmur geti hlaupið undir bagga við að sinna veikum börnum svo mæður geti mætt til vinnu, en síður er gert ráð fyrir að karlkyns skyldmenni geti verið til aðstoðar. Þetta var reynsla einstæðrar móður með eitt barn þegar hún var í starfsviðtali:

„Þegar þau komust að því að ég var ekki með foreldra á lífi, að ég var ein með barnið, faðirinn kom ekkert nálægt því og foreldrar hans búa í útlöndum, ... þá sagði hún bara hreint út, þú fyrirgefur, við getum ekki ráðið þig í vinnu. Hvað ef barnið þitt verður veikt? Ég horfði bara á hana og sagði já...!“

Í viðtalinu kom fram að þessi einstæða móðir hafði bent á að hún ætti bræður, en það þótti þeim sem tók viðtalið ekki áhugaverðar upplýsingar.

Allir rýnihóparnir voru sammála um að staða eldra fólks á Íslandi væri ekki viðunandi. Upphæð ellilífeyris væri alltof lág, skilyrðin til að fá aðstoð frá hinu opinbera væru oft á tíðum einkennileg sem og umgjörð heimilishjálpar. Einnig ræddu konurnar aðstæður á öldrunarheimilum og töldu þær almennt ekki nægilega góðar. Þessi aldurshópur væri því mjög háður nákomnum ættingjum og væri aðstoð frá þeim afskaplega misjöfn. Bent var á að sveitarfélögin byðu upp á mismikla þjónustu við aldraða. Einnig kom fram gagnrýni á svokallaða sjúkdómsvæðingu félagskerfisins sem sumum fannst vera áberandi. Ein kvennanna sem sjálf er læknir segir þetta:

„Ég ætlaði að sækja um heimilishjálpar fyrir mömmu og þá þarf ég að skila inn læknisvottorði! En bíddu, hún er bara orðin fullorðin og gerir ekki hreint hjá sér. Þarf það að vera sjúkdómur? Af hverju er ekki bara hægt að sækja um heimilishjálpar? Þarf að vera eitthvað að?! Af hverju þarf maður að vera með einhverja greiningu á bakinu?“

Híð opinbera stöðnet töldu viðmælendur ekki vera nógu öflugt sem kæmi fyrst og fremst niður á konum.

„Amma á tvö börn sem eru sem sagt mamma mín og bróðir hennar. Bróðir hennar karlmaðurinn í fjölskyldunni, hefur ekki mikinn tíma til að sinna móður sinni“ sagði einn viðmælandi.

Það að synirnir þurfi ekki að bera ábyrgð á umönnun aldraðra foreldra telja viðmælendur almennt viðgangast í fjölskyldum og þeim finnst það ekki sanngjarn. Einn viðmælendi orðar það svona:

„Ef þið hugsið ykkur konuna, bara stöðuna sem við erum í, við eigum að vera súperkonur á vinnumarkaðnum, eigum að sjá um börnin okkar alveg og heimilið og foreldra okkar líka.“

Raddir af þessum toga hafa hljómað undanfarna áratugi á Íslandi og rýnahópaviðtölin sýna að kynbundið ójafnrétti innan veggja heimilisins er enn glettilega algengt.

3.4.6 Heilbrigðiskerfið

Í viðtölunum kom fram almenn ánægja með heilbrigðisþjónustuna á Íslandi. Þær konur sem höfðu búið í Bretlandi og sunnar í Evrópu og í Bandaríkjunum töldu að heilbrigðiskerfið hér á landi stæði almennt vel samanburð við þessi lönd. Þjónusta við aldraða var þó gagnrýnd í öllum rýnihópunum. Hár lyfjakostnaður fyrir þá sem þurfa að nota mikið magn lyfja var gagnrýndur sem og að of löng bið væri eftir vissum aðgerðum. Hár tannlæknakostnaður var einnig oft nefndur sem blettur á velferðarþjónustunni. Þá var bent á að gríðurlegur skortur heimilislækna á tilteknum svæðum kæmi í veg fyrir að fólk gæti nýtt sér góða og ódýra lækniþjónustu. Viðmælendur töldu örorkubætur á Íslandi alltof lágar og því var haldið fram að sumir hefðu ekki efni á að vera á örorkubótum, reyndu þess í stað að skrá sig á atvinnuleysisbætur sem eru heldur hærri. Tekið var sem dæmi að 35 ára gömul kona sem væri með full réttindi, ætti tvö börn og væri í sambúð myndi fá 136.285 kr. á mánuði í örorkubætur fyrir skattafrádrátt. Grunnatvinnuleysisbætur (100% bótaréttur) eru hins vegar 6.900 kr. á dag eða 149.523 á mánuði miðað við 21,67 vinnudaga í mánuði (Vinnumálastofnun, [ed]).

3.4.7 Menntakerfið

Viðmælendur töldu mikla brotalöm vera á dagvistunarmálum barna á tímabilinu frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til börnin komast inn á leikskóla, oft í kringum tveggja ára aldur.

Fram kom ítrekað að dagmökkkerfið væri ekki nógu gott og að öll umgjörð þess sé í molum. Ekki sé haldið utan um hvaða dagmökkur séu lausar í viðkomandi hverfi eða hvenær börnin komast að. Ekki séu heldur til staðar almennar upplýsingar um dagmæðurnar og þá aðstöðu sem þær bjóða upp á. Verðlagningin fyrir pláss hjá dagmæðrum er líka allt of há að mati viðmælenda. Almenn ánægja er hins vegar með leikskólamálin. Konurnar hrósuðu því starfi sem á sér stað með börnunum á leikskólum, þá næringu sem boðið er upp á og þær upplifðu almennt metnað í skipulagsmálum á leikskólastiginu. Annað viðhorf var til frístundaheimilanna, dvalastað yngri

grunnskólabarna eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Kom fram óánægja með starfseminna þar og þónokkur gagnrýni á almennt skipulag í kringum þá þjónustu. Gagnrýnin beindist einkum að sveitarfélögunum sem viðmælendur telja að sníði þessari starfsemi alltof þröngan stakk fjárhagslega og að það endurspegli vanmat á hefðbundnum störfum kvenna:

„...það eru launin sem eru að trufla þarna, að sjálfsögðu, það er verið að borga fólki skammarleg laun ... Þetta er heldur ekki nógu skipulagt,“

sagði einhleyp móðir með eitt barn og tengir þetta ástand við hæga þróun jafnréttismála á Íslandi.

„Ef væntingin í þessu samfélagi sé að konur mennti sig, bjargi sér og vinni þá verða svona grunnforsendur að vera í lagi og þær eru ekki í lagi...“

Þetta viðhorf kom fram hjá flestum rýnihópunum og greinilegt að eitthvað í skipulagi frístundaheimila olli töluverðu hugarangri.

Viðmælendur bentu einnig á það sem ókost að ekki væri almennt samræmi við töku frídaga, svo sem vetrarfrí, hjá grunn- og leikskólum í sama hverfi þó þróunin væri í þá átt. Jafnframt hefði ekki enn skapast hefð á vinnumarkaðnum fyrir því að foreldrar færu í vetrarfrí með börnum sínum þótt skólar og leikskólar tækju vetrarfrí. Það yki verulega það álag sem fyrir er í barnafjölskyldum hvað varðar samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

3.5. Jafnrétti kynjanna

Fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1976 og var þeim ætlað að stuðla að kynjajafnrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins, þótt þau hafi beint sjónum sínum að miklu leyti að vinnumarkaðnum. Samkvæmt The Gender Gap Index eða Kynjabilskvarðanum frá árinu 2009 trónir Ísland efst meðal þjóða í heiminum hvað varðar jafnrétti kynjanna. Kvarðinn er sagður byggja á mælingum um efnahag, stjórnmal, menntun og heilsufar (Hausmann, Tyson og Zahidi, 2009). Engu að síður er launamunur kynjanna viðvarandi á Íslandi, konum í óhag og efnahagsleg völd kvenna skammt á veg komin (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Auður Styrkárðóttir, 2009). Þegar fjallað er um þessa þætti nefna viðmælendur oft fámennið á Íslandi sem skýringu. Að ástæður lítills árangurs þegar kemur að efnahagslegum völdum kvenna sé að hluta til fámennið sem steypir alla í sama mót og viðheldur gamaldags staðalmyndum. Þótt mikið sé rætt um „þjóðarsálina“ í rýnihópunum, félagslegt taumhald og lítið svigrúm fyrir fjölbreytileika og sjálfstæðan vilja, þá er einnig talsvert rætt um að íslensk þjóð einkennist af sterkri einstaklingshyggju þar sem það viðhorf sé ríkjandi að hver og einn sé sinnar eigin gæfu smiður. Þversagnir endurspeglar því umræðuna.

3.5.1 Vinnumarkaður

Konurnar ræddu um nauðsyn þess að stuðla að meira jafnrétti innan veggja heimilisins. Bent var á að jafnréttisumræðan í dag væri mun tengdari vinnumarkaðnum en sjálfu heimilinu. Ein af frumforsendum jafnréttis á vinnumarkaði er hins vegar jöfn ábyrgð foreldra á uppvexti og umönnun barna sinna, umönnun annarra í stórfjölskyldunni og rekstri heimilisins. Eins og komið hefur fram upplifa hins vegar margir viðmælendur sterkt að meginábyrgðin á ólaunuðum störfum innan heimilisins sé enn á herðum kvenna. Þær benda einnig á að oft færast heimilisstörf, samanber heimilisþrif yfir á aðrar konur, svokallaða heimilishjálp, í stað þess að deilast jafnar á eiginmann og annað heimilisfólk. Bent var á að konur þyrftu almennt sjálfar að hafa fyrir því að koma ábyrgðinni af sér. Ein ástæða sem nefnt var að kæmi í veg fyrir breytingar á hlutverkaskiptingu kynjanna væri íhaldssemi og taumhald sem flyttist á milli kynslóða.

„Þetta snýst ekki um tíma sem fer í að skrúbba gólfid, þetta snýst um að ábyrgðin er á þínum herðum.“ (*Barnlaus kona sem er í sambúð*)

Það er almenn skoðun viðmælenda að ábyrgð þeirra á stórfjölskyldunni og rekstri heimilisins sé töluvert meiri en karlanna og af þessum sökum upplifðu þær mikið álag við samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Það þyrfti að skúra, skrúbba og bóna, fæða og klæða, sækja og skutla, kaupa inn og elda, háttta og svæfa. Auk þess þyrfti að sinna öldruðum foreldrum og halda heimilinu hreinu og fínu. Í einhverjum viðtölum kom fram að konur væru jafnvel beðnar um að aðstoða einhleypa bræður þeirra við þrif. Þetta varð til þess að sumar kvennanna nefndu að þeim fyndist krafan um að allir ættu að vera í 100% starfi stundum óbærileg. Kom það viðhorf einkum fram hjá ófaglærðum konum. Velferðarkerfið ætti að bjóða uppá að annað foreldrið ynni ekki endilega fulla vinnu.

„Þegar ég er í fullri vinnu og sé um heimilið þá er heimilið mitt bara í rúst.“ (*Ófaglærð móðir með tvö börn*)

Reynsla og upplifun þessara kvenna samræmist niðurstöðum rannsókna sem hafa verið gerðar á fjölskylduábyrgð og heimilisstörfum kvenna og karla. Þegar tímabilið 1998 til 2004 er skoðað kemur í ljós að hlutfallsleg þátttaka karla í heimilisstörfum er lægri hér á landi en í Skandinavíu. Á árunum 1998 til 2004 hefur vinnustundum karla í launuðum störfum fækkað á meðan vinnustundum kvenna í launastörfum hefur fjölgað (Haraldsson og Magnússon, 2009). Samspil þessara tveggja þátta, þ.e.a.s. fjölskyldu- og atvinnulífs, virðist hafa umtalsverð áhrif á framþróun jafnréttismála. Á það er bent að á meðan höfuðábyrgð fjölskyldulífs og heimilisstarfa liggur enn hjá konum, hvílir það vandasama hlutverk að samhæfa fjölskyldu og atvinnulíf að mestu á herðum kvenna.

Skilgreiningar á kynbundinni hegðun fólks stendur jafnréttisbaráttunni enn fyrir þrifum að mati margra viðmælenda.

„Maður þarf náttúrulega að vera svolítið ákveðin. Eins og maðurinn segir svo oft við mig: „Æi þú ert svo mikill kall!“ Þá er ég eitthvað að frekjast sko. Ég er mjög ánægð með það og ég á eftir að hvetja dætur mínar í því að vera ákveðnari.“ (*Tveggja barna móðir sem hefur búið erlendis*)

Þetta vekur upp þær spurningar hvort konur séu enn í dag karlkenndar ef þær eru ákveðnar og gera kröfur. Kynbundin túlkun á hegðun og atferli fólks virðist sitja djúpt í undirmeðvitundinni, því á sama tíma og viðmælendur gagnrýna þetta kynbundna hugarfar þá endurspeglast það stundum í orðum þeirra sjálfra.

3.5.2 *Kynbundin laun*

Baráttan fyrir launajafnrétti hefur staðið lengi yfir á Íslandi og þó að jafnréttislögunum frá 1976 hafi verið ætlað að stuðla að kynjajafnrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins eins og komið hefur fram, þá hafa þau beint sjónum sínum að miklu leyti að vinnumarkaðnum. Samt sem áður sýna nýlegar rannsóknir að á Íslandi sé meiri kynbundinn launamunur en í helstu samanburðarlöndunum (Lilja Mósesdóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir, 2006). Þrátt fyrir þessa löngu baráttu og jafnréttislögin frá árinu 1976 – og hvað sem mælingum í The Gender Gap Index eða kynjabilskvarðanum líður, þá hefur gengið fremur hægt á síðustu árum að ná fram kynjajafnrétti í efnahagslífinu.

Því var skerpt á þeim þætti við endurskoðun jafnréttislaganna árið 2008 og sett inn ákvæði um að við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og að hlutur hvors kyns sé ekki minni en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Auður Styrkárssdóttir, 2009).

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 skipaði ríkisstjórnin vinnuhóp „Jafnréttisvaktina“, til að meta áhrif efnahagshrunsins á stöðu kynjanna og fylgjast með því hvort og hvernig efnahagsþrengingarnar hafi ólík áhrif á konur og karla. Þá ákvað fjármálaráðherra í mars 2009 að skipa verkefnisstjórn um kynjaða hagstjórn (gender budgeting) sem er í samræmi við skuldbindingu OECD landanna um að innleiða kynjaða hagstjórn fyrir árið 2015 (Félagsmálaráðuneytið, 2009a).

En þrátt fyrir ýmiss konar verkefnavinnu og lagasetningar í rúma hálfra öld, sem miða að því að auka jafnrétti kynjanna, er kynbundinn launamunur enn mikill og viðvarandi á íslenskum vinnumarkaði. Kynbundinn launamunur hefur mælst rúmlega 16% þegar vinnumarkaðurinn hefur verið skoðaður í heild sinni og tekið hefur verið tillit til þátta eins og vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugreinar og ábyrgðar í starfi (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009b og 2009 c).

Þegar fjallað er um kynbundinn launamun, snýst málið annars vegar um að hefðbundin störf kvenna séu metin verr til launa en hefðbundin karlastörf. Hins vegar um að konur fái lægri laun en karlar, þótt þau gegni sömu störfum. Viðmælendum var tíðrætt um á hvern hátt kynbundin viðhorf atvinnurekenda viðhaldi launamun kynjanna, óháð vilja og getu starfsfólksins.

„Ég er menntuð í karlafagi og var búin að vinna jafn lengi á nemastaðnum mínum og strákarinn [...] þrír strákar [...] Þegar við vorum að útskrifast [...] þá vorum við með nákvæmlega sömu kunnáttuna. Ég labbaði út eftir að ég var búin að taka kast á manneskju sem var yfir þarna og stjórnaði þessu, því þeim [strákunum] var boðin helmingi hærri laun en ég.“ (*Iðmenntaður viðmælandi með tvö börn*)

Fleiri dæmi í þessum anda voru nefnd. Eftirfarandi er reynslusaga konu sem hefur rekið fyrirtæki í nokkur ár. Áður vann hún á almennum vinnumarkaði. Þegar hún bað um launahækkun mætti henni neikvætt viðhorf:

„Ég bað um einhverja upphæð [launahækkun] en fékk: „Nei, það er verið að spara“. Ég var farin að hugsa mér til hreyfings svo ég sagði upp. Það var ráðinn karl í staðinn og hann fékk nákvæmlega sömu upphæð og ég hafði beðið um, forsendurnar fyrir því voru þær að hann væri fyrirvinna, en ekki ég! Ég er samt með tíu ára starfsreynslu, á fjögur börn og með sko miklu meiri menntun heldur en karlmaðurinn sem var ráðinn í starfið. Mér finnst þetta með ólíkindum.“

Sumar kvennanna töldu sig sjá fram á þjóðfélag þar sem launamunur kynjanna yrði úr sögunni, aðrar voru ekki eins bjartsýnar.

„Ég held að þetta sé tapað stríð.“ (*Ófaglærð móðir með tvö börn*)

Hugmyndin um karlmann sem aðal fyrirvinnu virðist vera dragbítur á launaþróun kvenna, alveg óháð því hvaða stöðu viðkomandi einstaklingar, konur og karlar, hafa innan fjölskyldunnar eða á vinnumarkaði. Sú hugsun er þrálát að karlar séu ávallt aðal fyrirvinnur heimilisins og konur aldrei. Þrátt fyrir hátt atvinnustig bæði kvenna og karla og þá staðreynd að erfitt sé að reka íslenskar fjölskyldur á launum einnar fyrirvinnu, virðist orðræðan um karlmenn sem fyrirvinnur lifa sjálfstæðu lífi. Doeringer og Piore fjölluðu um kynbundin viðhorf atvinnurekenda á áttunda áratug síðustu aldar og hvernig þau viðhorf ýta undir kynbundinn vinnumarkað og laun (Doeringer og Piore, 1980/1971). Þrátt fyrir að um 40 ár séu liðin frá því að það var skrifað, sýna dæmisögur viðmælanda að viðhorf margra atvinnurekenda hafa ekki breyst í grundvallaratriðum á þessum tíma og að enn sé lítið svo á að ekki séu til staðar tvær jafnréttáar fyrirvinnur á heimili þótt bæði hjón séu útvinnandi í fullu starfi.

Viðmælendur bentu á að kynbundinn launamunur skapi almennt kynbundið ójafnrétti og stýri verkaskiptingunni inni á heimilinu. Það sem átt er við með því er að ef eiginmaðurinn er með hærri laun en eiginkonan, eins og oft er, þá eru hærri laun karlmannsins notuð sem rök fyrir því að konurnar eigi að bera megin ábyrgð á heimilinu.

„...eins og maðurinn minn segir, þú getur verið heima af því að ég er með hærri laun en þú. Þetta finnst mér ekki jafnrétti [...] ég er að vinna á leikskóla og ber ábyrgð þar, ef ég mæti ekki í vinnu og það vantar fólk þá þarf að senda börn heim og mér finnst þetta bara vera spurning um virðingarleysi, ... launin eiga bara að vera hærri hjá kvenfólki svo að maður geti svarað körlunum sínum.“ (*Ófaglærð gift tveggja barna móðir*)

Það kom berlega í ljós í viðtölunum að það gat valdið togstreitu meðal hjóna hvort þeirra ætti að vera heima frá vinnu þegar börnin veiktust og að mæðurnar, sem oftast hafa lægri laun, væru oftast heima en feðurnir. Það vekur upp spurningar um hvernig þessum málum sé háttað í fjölskyldum þar sem konan hefur hærri laun en karlinn, eða þar sem launin eru um það bil jöfn. Sérfræðingur með eitt barn á framfæri hafði þetta að segja:

„Ég hef líka heyrt að það geti verið barátta á milli hjóna, hvor vinnan [gengur fyrir], er það mín vinna ... eða er það vinnan hans sem gengur fyrir ... það getur verið togstreita þannig að maður þarf að segja: „Heyrðu ég er líka í vinnu og þótt ég sé á lægri launum en þú, þá er ég líka að reyna að vinna mig upp eða ég vil líka leggja mitt fram ha...“ vinkona mín lenti í rökræðum við manninn sinn einmitt, hún á tvö börn.“

Sérfræðingur, móðir tveggja barna hefur þetta um málið að segja:

„Ég sé á vinkonum mínum að það er þannig að þær bera meiri ábyrgð, þær stytta aðeins vinnudaginn, bera meiri ábyrgð á heimilinu og karlarnir fara meir í það að vinna meira til að halda öllu gangandi, og ef það er öfugt, ... það er svona ekki alveg jafn eðlilegt. Það skiptir svo ofsalega miklu máli að ná þessu jafnvægi inni á heimilum og það er eitthvað sem hvert og eitt þarf að vinna úr.“

Enn vantar mikla þekkingu á kynbundinni stöðu foreldra á vinnumarkaði. Bent var á mikilvægi þess að rannsaka nánar, ekki síst nú þegar þrengir að í atvinnulífinu, hvort ungar mæður séu síður ráðnar til starfa en feður. Einnig er þörf á að leggja mat á í hvaða mæli mæður annars vegar og feður hins vegar eru raunverulega fjarverandi frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

3.5.3 *Kyn og völd*

Staða kynjanna í stjórnnum fyrirtækja og öðrum valdastöðum er mjög ójöfn körlum í vil. Á það einkum við um stjórnir einkafyrirtækja og fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllina (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Auður Styrkárstöttir, 2009). Viðmælendur ræddu hvað viðhélldi þessum kynjamun og á hvernig færi það væri að koma á raunverulegum breytingum. Hvort leiðin væri að setja á kynjakvóta, eða að beita öðrum aðferðum.

„Mér finnst svo merkilegt að þegar talað er um að merkja eitthvað föður þá er nánast almenn sátt um það í landinu en þegar talað er um einhverja kvótaskiptingu í stjórnun fyrirtækja, þá er það algerlega af og frá, þá á tíminn bara að vinna með okkur.“ (*Þriggja barna móðir*)

Í rýnihópunum voru engu að síður skiptar skoðanir um ágæti kynjakvóta í stjórnnum og ráðum og við stjórn fyrirtækja. Einn viðmælandi, þriggja barna móðir með sérfræðimenntun, bendir á mikilvægi þess að hafa þó ekki væri nema 20% kynjakvóta, til að vinna gegn algjörrri samtryggingu og „einkavinavæðingu“ í okkar fámenna samfélagi:

„Það er einmitt búið að vera svo mikið í fréttum að þeir sem eru saman í stjórn, þeir eru persónulegir vinir og þar er sko tengslanetið okkar veikt, mjög veikt ... mér finnst varasamt að tala um hæfni og síst af öllu í dag, mér finnst það bara, þetta hefur ekkert með hæfni að gera ... Það er alla vega eitthvað ósýnilegt kerfi í gangi, það skal enginn segja mér annað, það er eitthvað annað en það sem virðist vera.“

Í mars 2010 samþykkti Alþingi lög sem gera ráð fyrir því að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og einkahlutafélaga með fleiri en þrjá stjórnarmenn skuli hlutfall hvors kyns í stjórninni vera að minnsta kosti 40% í lok árs 2013. Samkvæmt lögnum er fyrirtækjum einnig skylt að gæta að kynjahlutföllum í stjórnnum hlutafélaga og við ráðningu framkvæmdastjóra (Lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) nr. 13/2010).

En hvert viljum við ná í jafnréttisbaráttunni?

„Mitt lokamarkmið er bara jafningi“ segir barnlaus viðmælandi „og krafa um að vera ekki í þessu boxi“ bætir annar barnlaus viðmælandi við.

Með boxinu er átt við staðalmyndir kynjanna.

„Já einmitt það er þetta, losna við þessar kröfur um að vera svona og svona sem karlmaður eða svona og svona sem kona“, segir enn einn viðmælandinn.

3.6. Samantekt

Tilgangur rannsóknarinnar var að greina viðhorf íslenskra kvenna til velferðar og velferðarúrræða sem þær telja mikilvæg. Ástæða þess að eingöngu var leitað til kvenna er að rannsóknin er hluti af vestnorrænu verkefni sem beinir sjónum sérstaklega að því að í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi búa færri konur en karlar, ólíkt því sem almennt þekkist. Konur eru líklegri en karlar til að flytja frá svokölluðum jaðarsvæðum og síður líklegar til að skila sér „heim“ á ný, meðal annars vegna einhæfra atvinnutækifæra, lítilla menntunarmöguleika og íhaldsamra viðhorfa til stöðu kynjanna. Þessi þróun hefur raskað aldurs- og kynjajafnvægi á fámennari svæðum á Norðurlöndunum (Carlsen, 2007; Ívar Jónsson, 2007; Sundström, 2006; Berglund, Johansson og Kramvig, 2005; Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson, 2005).

Viðmælendur bjuggu allir á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu þegar viðtölin fóru fram. Nokkur hluti þeirra hafði þó búið erlendis og á landsbyggðinni í lengri eða skemmri tíma. Umræðan um búsetu tengdist

öllum þeim rannsóknarinnar, einkum þó umræðum um lífsgæði og velferð. Sú ramma taug sem tengdi konurnar við upprunaland sitt, einkum þó stórfjölskylduna, hafði áhrif á ákvörðun þeirra um að búa á Íslandi. Jafnvel þótt þær teldu að sum velferðarúrræði væru betri víða annars staðar, einkum í Skandinavíu. Gott framboð atvinnu við hæfi réð talsverðu um að viðmælendur sem höfðu búið erlendis kusu að flytja aftur til Íslands.

3.6.1 Lífsgæði

Þótt viðmælendur væru ánægðir með að búa á Íslandi og hefðu ekki áform um að flytja annað, var tímaleysi, streita, skortur á umburðarlyndi og efnishyggja konunum ofarlega í huga, þegar rætt var um Ísland í samanburði við önnur lönd. Þegar horft er til kenninga um lífsgæði sem fjallað er um hér að framan (Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eypórsson, 2004) er ljóst að konurnar voru gagnrýnar á hugmyndir sem skilgreina lífsgæði fyrst og fremst út frá efnishyggju. Óskir þeirra og langanir eins og þær birtust í viðtölunum tengdust því að geta „hægt á taktinum í tilverunni“, fengið meiri tíma fyrir sjálfar sig og sína nánustu. Margsinnis komu allir rýnihóparnir inná umræður um tímann sem auðlind sem þær hefðu ekki nægan aðgang að. Sú staðreynd skapaði þeim ýmiss vandamál og dró úr lífsgæðum að þeirra mati. Ástæðurnar töldu þær bæði vera kerfislægar og huglægar, þótt þetta tvennt tengdist mjög. Meðal kerfislægra ástæðna var langur vinnutími, mikil atvinnuþátttaka og há fæðingartíðni. Meðal huglægra ástæðna var efnishyggja, kynjaójafnrétti og sú lotning sem borin er fyrir mikilli launavinnu. Vissar mótsagnir komu fram í gögnunum eins og staðhæfingar um að fámennið á Íslandi skapi sterkt félagslegt taumhald sem „steypi alla í sama mót“, sem þeim fannst skerða persónufrelsið, en jafnframt að einstaklingshyggjan sé sterk og að Íslendingar eigi erfitt með að fara að settum reglum.

3.6.2 Velferðarkerfið

Ábendingar viðmælenda um hvað árangursríkt og öflugt velferðarkerfi ætti að fela í sér reyndust keimlíkar. Lögð var áhersla á að velferðarkerfið ætti að jafna möguleika kvenna og karla á vinnumarkaði og tækifæri fólks almennt. Bent var á mikilvægi þess að velferðarkerfið sé einfalt, skilvirkt, heildrænt og gagnsætt, sem viðmælendum fannst ekki alltaf vera raunin.

Viðmælendur færðu rök fyrir mikilvægi þess að fæðingarorlofið yrði minnst 12 mánuðir og lágu ýmsar ástæður þar að baki, bæði barninu, foreldrum og atvinnurekendum til gagns. Að loknu tólf mánaða fæðingarorlofi ætti börnum að standa til boða leikskólaláss. Bent var á að skipulag leikskólamála og faglegt starf í leikskólum einkenndist af miklum metnaði og stæðist samanburð við það sem best gerðist erlendis. Á grunnskólastiginu voru það helst skipulag frístundaheimila sem viðmælendur töldu að þyrfti að bæta. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að draga úr álagi hjá börnum með því að

skipuleggja daginn þannig að þau lykju skólanum, tómstundum og heimanámi um klukkan fimm. Mörgum viðmælendum fannst jafnframt þörf á að samræma betur sumarleyfi skóla og atvinnulífsins. Það væri tvíbent að foreldrar sæu sig knúna til að kaupa dýr sumarnámskeið fyrir yngri börn eins og tíðkast einkum á höfuðborgarsvæðinu, til að brúa bilið frá því að skólarnir lokuðu og þar til foreldrar kæmust í sumarfrí. Slíkt skapi ójafnræði meðal barna, þar sem sumar fjölskyldur hafi ekki ráð á slíkum námskeiðum.

Allir rýnihóparnir gagnrýndu lágur barnabætur og þá stefnu stjórnvalda að nánast allar tekjur skertu bæturnar, með þeim afleiðingum að fæstir foreldrar fá greiddar barnabætur. Þá var bent á mikilvægi þess að réttur foreldra til að vera heima frá vinnu vegna veikra barna tengdist hverju barni, en ekki foreldri eins og nú er. Einnig þótti til bóta ef nákomnir ættingjar gætu fengið frí frá vinnu til að annast veikt barn, eins og tíðkast í Svíþjóð. Með því móti gætu t.d. afar og ömmur verið heima með barninu ef það veiktist, á sama tíma og staða yngri foreldra, einkum kvenna, styrktist á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að almenn ánægja hafi komið fram með íslenskt heilbrigðiskerfi, þá gagnrýndu rýnihóparnir að tannlækningar væru ekki niðurgreiddar. Afleiðingarnar væru að tekjulægstu hóparnir hefðu ekki efni á eftirliti og viðhaldi tanna. Bent var á mikilvægi þess að þjónusta við aldraða yrði sveigjanlegri en nú er og sniðin meira að þörfum hvers og eins.

3.6.3 Jafnrétti kynjanna

Margir viðmælendur bentu á að meginábyrgðin á heimilisstörfum og líðan stórfjölskyldunnar væri almennt enn á herðum kvenna. Það er einnig í samræmi við nýlegar rannsóknarniðurstöður (Kolbeinn Stefánsson, 2008a). Það skýrir að hluta mikið álag sem konurnar upplifðu við samhæfingu fjölskyldu og atvinnulífs. Hugmyndir um karla sem fyrirvinnur og konur sem ábyrgðarmenn umönnunar virðast dragbítur á launaþróun kvenna og á jafna verkaskiptingu á heimilum. Launamunur kynjanna er enn all nokkur og var viðmælendum tíðrætt um að viðhorf atvinnurekenda viðhaldi launamun kynjanna, óháð vilja og getu starfsfólksins, nokkuð sem Doreinger og Piore (1980/1971) vöktu athygli á fyrir um 40 árum síðan og ýmsir fræðimenn hafa fjallað um síðan þá. Viðmælendur bentu á að kynbundinn launamunur skapi almennt kynbundið ójafnrétti, stýri verkaskiptingunni heimafyrir og viðhaldi hefðbundnum staðalmyndum kynjanna. Þennan vítahring þyrfti að rjúfa.

3.7. Lokaorð

Ísland var meðal fyrstu þjóða í heiminum til að veita konum kosningarétt til Alþingis og kjörgengi (1915) og jafnframt fyrst Norðurlandþjóða til að setja á Jafnréttislög (1976). Ísland var fyrst þjóða til að setja lög um fæðingarorlof þar sem feður hafa sjálfstæðan rétt til 3ja mánaða fæðing-

arorlofs og annað norrænna þjóða, á eftir Norðmönnum, til að setja á kynjakhvóta við stjórn fyrirtækja. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er með því sem mest gerist í heiminum og samkvæmt kynjabilskvarðanum (The Gender Gap Index) frá árinu 2009 er Ísland í fyrsta sæti meðal þjóða heims hvað varðar kynjajafnrétti. Kvarðinn byggir á mælingum um efnahag, stjórnsmál, menntun og heilsufar. Er Ísland þá draumaland kvenna?

Rannsóknin sem kynnt er hér sýnir, að þótt viðmælendur væru stoltir af landi og þjóð fannst þeim takturinn í íslensku þjóðfélagi sumarið 2008 allt of hraður og í raun kvenfjandsamlegur. Mikið álag væri á konum og barnafjölskyldum, enda mikil launavinna helsta dyggð þjóðarinnar, á sama tíma og samverustundir fjölskyldunnar eru rómaðar. Mikil togstreita væri því á milli launavinnu og fjölskyldulífs, sem bitnaði sérstaklega á konum. Þær upplifðu skort á stuðningi frá velferðarkerfinu, bæði gagnvart félagslegum úrræðum og þeim sem eiga að ýta undir jafnrétti á vinnumarkaði. Þeim fannst mótsagnakenndar kröfur gerðar til kvenna. Þær áttu að standa sig á vinnumarkaði, vera fullkomnar mæður, eiginkonur, dætur og húsmæður á sama tíma og þær áttu að uppfylla fegurðarstaðla tískuhúsanna. Þrátt fyrir upptalninguna hér að framan um kosningarétt, jafnréttislög, fæðingarorlof og kynjabilskvarða (The Gender Gap Index), þá upplifðu konurnar því ekki nægjanlegt kynjajafnrétti í íslensku samfélagi, hvort sem lítið var til efnahagslífsins eða inná heimilin.

Síðan viðtölin voru tekin hefur orðið mikið umrót í íslensku samfélagi. Fjármálakerfi landsins hefur hrunið og djúpstæð almenn kreppa fylgt í kjölfarið. Stjórnsmál dagsins snúast því að miklu leyti um enduruppbyggingu fjármála- og atvinnulífsins og um að standa vörð um velferðarkerfið sem byggt var upp síðustu áratuginum. Það er of snemmt að segja til um áhrif efnahagshrunsins á jafnrétti kynjanna. Þó má búast við að niðurskurður í opinbera kerfinu hafi í för með sér aukið atvinnuleysi og fátækt meðal kvenna. Í ljósi orðræðunnar hér að framan er þó mikilvægt að hafa í huga að við enduruppbyggingu íslensks þjóðfélags fari fram endurskoðun á ýmsum gildum þjóðarinnar, að „hægt verði á taktinum í tilverunni“, og meiri áhersla lögð á málefni velferðar og kynjajafnréttis.

3.8. Heimildaskrá

- Anna Kristín Gunnarsdóttir (2009). *Orsakir búferlaflutninga kvenna af landsbygðinni*. Óbirt lokaverkefni til M.A.-gráðu. Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Auður Styrkarsdóttir, Rósa G. Erlingsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2010). *Jámstállidhet og svágerpolitik på Island. Ett historiskt perspektiv på jämställdhetspoliticyn på Island*. Kirti Niskanen och Anita Nyberg (edt). *Kön och makt i Norden* (bls. 75–92). TemaNord:2010:525
- Bandalag háskólanna [ed]. *Kjarasamningur 20 aðildarfélaga BHM*. Sótt 22. febrúar 2010 á <http://www.bhm.is/rettindamal/kjarasamningar2008/>
- Barnalög nr. 69/2006
- Berglund, A. Johansson S. og Molina I. (2005). *Med periferien i sentrum - en studie av lokal velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Alta: Norut NOBR Finnmark rapport.

- Berglund, A. Johansson S. og Kramvig B. (2005). Inledning. I Berglund, Johansson og Molina (red.). *Med periferien i sentrum - en studie av lokal velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Alta: Norut NOBR Finnmark rapport.
- Brock, D. (1993). Quality of life in health care and medical ethics. Í
- Nussbaum, M. og Sen, A. (edt.) *The quality of life* (bls. 95–132). Oxford, Clarendon Press.
- Carlsen, Aksel V. (2007). Grønland: et holdningsskift i den post-koloniale velfærds politik? Í Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (red.). *Arbejde, helse og velferd i Vestnorden* (bls. 57–75). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í vinnuvernd.
- Challenged by demography, en NORA konferens om Nordatlantes demographiske udfordringer. Alta, Norge, 20.–21. Oktober 2009.
- Collins, Randall og Makowsky, Michael (1998). *The Discovery of Society*. Boston: Mass. McGraw-Hill International Editions.
- Doeringer, Peter och Piore, Michael J. (1980/1971). *Intern Labor Markets and Manpower Analysis*. Heath Lexington Books. Massachusetts. (7th ed).
- Eurostat [ed]. Average number of usual weekly hours of work in main job, by sex, professional status, full-time/part-time and economic activity. Sótt 19. febrúar 2010 á http://nui.epp.eurostat.ec.europa.eu/nui/show.do?dataset=lfsa_ewhuna&lang=en
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009a). „Ráðherra íhugar lagasetningu um kynjakvóta.“ Sótt 10. mars 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkyningar/nr/4171>
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009b) “Ný rannsókn á launamun kynjanna”. Sótt 10. mars 2010 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkyningar/nr/4115>
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009c) Jafnréttisþing. Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála jafnrétti kynjanna í tölum. Sótt 18 maí 2010 af http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Jafnrth2009_net.pdf
- Försäkringskassan [ed a]. Vem får barnbidrag? Sótt 20. febrúar 2010 af <http://www.forsakringskassan.se/nav/6e62450e2b94bba02142cd6cf9a1f08c>
- Försäkringskassan [ed b]. Föräldrapenning. Sótt 20. febrúar 2010 af http://www.forsakringskassan.se/privatpers/foralder/barnet_fott/foraldrapenning
- Försäkringskassan [ed c]. Tillfällig föräldrapenning. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.forsakringskassan.se/nav/cb6226deb4a707b3259760d307588194>
- Goffman, E. (1969). *The presentation of self in everyday life*. London: The Penguin Press.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Auður Styrkársdóttir (2009). Kön och makt i isländskt närlingsliv. Kirsti Niskanen och Anita Nyberg (edt), *Kön och makt i Norden*. Del 1. Landsrapporter (bls. 163–182). TemaNord:2009:569
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2007). Arbete, hälsa och välfärd i de västnordiska länderna, Färöarna, Grönland och Island. Í Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (red.). *Arbejde, helse og velferd i vestnorden* (bls. 221–237). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í vinnuvernd.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (1995). *Kvinnofack eller integrering som strategi mot underordning. Diskussion kring kvinnliga fackföreningar på Island*. Lund: Lund University Press.
- Guðmundur Jónsson, (2009). Economic Volatility and Social Protection in Iceland in the Post-War Period. Óútgefið handrit.
- Gunnar Haraldsson og Magnús Árni Magnússon (red). (2009) *Ísland 2009 – stöðuskýrsla*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands [ed. a] Sótt 20. janúar 2010 af <http://hagstofan.is/Hagtolor/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Vinumarkadur>].
- Hagstofa Íslands [ed. b]. Sótt 20. janúar 2010 af <http://hagstofan.is/Hagtolor/Mannfjoldi/Faeddar-og-danir>
- Hagstofa Íslands [ed.]. Fæðingar 2007. Sótt 19. febrúar 2010 af <http://hagstofan.is/Pages/95?NewsID=3212&templateid=8>
- Hausmann, R., Tyson, L., & Zahidi, S. (2009). *The Global Gender Gap Report*. Geneva: World Economic Forum.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2009). Staða kvenna í landbúnaði. Kynjafraeðilegur sjónarhóll. *Stjórnmal og stjórnsýsla*. Vef tímarit. 1. tbl. 5. árg. 2009 bls. 27–48.
- Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (2005). Ójöfnuður í heilsufari á Íslandi Tímarit

- hjúkrunarfræðinga; 2 tbl 81. árg. bls. 18–25
- Ingólfur V. Gíslason og Kjartan Ólafsson (2005). Könsmönster í flyttingar frá landsbygden på Island. I Berglund, Johansson og Molina (red.). *Med periferien i sentrum - en studie av lokal velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien* (bls.142-168). Alta: Norut NOBR Finnmark rapport.
- Ívar Jónsson (2007). Arbejdsmarkeder i vestnorden – om deres dynamik og særpræg. Í Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (red.). *Arbejde, helse og velferd i vestnorden* (bls. 167–181). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í vinnuvernd.
- Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eypórsson (2004). *Fjölskylduvogin – mæling á lífsgæðum. Forhönnun*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Kolbeinn Stefánsson (2008a). *Kynhlutverk. Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar*. Sótt 8. febrúar 2008 af <http://www.thjodmalastofnun.hi.is/Kynjaviðhorf%20-%20workingpaper.pdf>
- Kolbeinn Stefánsson (2008b). *Samspil vinnu og heimils. Álag og áreksstrar*. Sótt 20. janúar 2010 af <http://www.thjodmalastofnun.hi.is/Working%20Paper%20of%20Chapter%204.pdf>
- Kvennaslóðir.[ed]. Sótt 25. janúar 2010 af <http://www.kvennaslodir.is/fretatengt/nr/287/>
- Lilja Mósesdóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarisdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir (2006). Evaluating equal pay in the Nordic countries: final report of the project På sporet av likelön. Evaluating equal pay. - Mælistikur á launajafnrétti. Reykjavík: [s.n.].
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000
- Lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutaföll og starfandi stjórnarformenn) nr. 13/2010.
- Norden i tal (2007). Köbenhavn, Nordiska ministerrådet. Sótt 20. Janúar 2010 af http://www.norden.org/is/utgafa/utgefifid-efni/2007-731/at_download/publicationfile
- Nordisk Atlantsamarbejde. (2009). *Challenged by Demography – En NORA konference om Nord-Atlantens demografiske udfordringer*. Alta: Höfundur.
- Ríkisskattstjóri. [ed]. Upplýsingavefur RSK. Sótt 25. janúar 2010 af http://www.rikisskattstjori.is/birta_sidu.asp?vefslod=/skattar/barnabaetur.asp&val=2.0
- Sigrún Júlíusdóttir (1993). *Den kapabla familjen i det isländska samhället. En studie om lojalitet, äktenskapsdynamik och psykosocial anpassning*. Göteborg och Reykjavík: Göteborgs universitet.
- (Skatteministeriet [e.d.]) Børnefamilieydelse 1987–2011. Sótt 16. júní 2010 af http://www.skm.dk/tal_statistik/tidsserieoversigter/1294.html
- Statistisk årbog 2007 og 2010. Sótt 7. júlí 2010 af <http://www.dst.dk/pukora/epub/upload/10670/gron.pdf>
- Stefán Ólafsson (1998). *Hugarfar og hagvöxtur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sundström, Eva (2006). *Välfärdspolitiska förhållanden i Västnorden*” Ministerrådets TemaNord, 520, Köpenhamn: Nordisk Ministerråd
- Unnur Dís Skaptadóttir og R. Hulda Proppé (2005). Global processes, localities and gender identities. A feminist perspective on changes in Icelandic Fisheries. In Barbara Neis, Marian Binkley, Siri Gerrard and Maria Cristina Maneschy (eds.), *Changing Tides. Gender, Fisheries and Globalization*. Halifax: Fernwood Books.
- Vinnumálastofnun. [e.d.]. 1.11. Fjárhæð atvinnuleysisbóta. Sótt 27. Febrúar 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysistryggingasjodur/upplýsingarum-atvinnuleysistryggingar/1-almennar-upplýsingar-sem/111-fjarhaed-atvinnuleysisbota/>
- Þorgerður Einarisdóttir (2004). Hvar er jafnréttið? Ávarp á fundi Femínistafélags Íslands. Sótt 10. mars 2010 af http://www3.hi.is/~einarsd/kynjafraedi/greinar_erindi05.htm

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir er prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar fjalla meðal annars um velferð, atvinnulíf, kyn og heilsu. Hún hefur tekið þátt í mörgum norrænum verkefnum, ritstýrði bókinni *Arbejde helse og velfærd i Vestnorden* (2007) og skrifaði bókina *Barn og ungdomsarbete i Norden* (1999).



Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir stundar doktorsnám í félagsfræði við Háskóla Íslands ásamt því að starfa sem verkefnastjóri hjá Félagsvísindastofnun HÍ. Hún hefur aðallega stundað rannsóknir tengdar atvinnulífinu, velferð og málefnum kynjanna. Ingibjörg lauk grunnnámi í félags- og atvinnulífsfræðum frá Háskóla Íslands og MA í félags- og atvinnulífsfræðum frá Háskólanum í Gautaborg.



Viðauki – Tryggingakerfi

| | Færeyjar | Grænland | Ísland | Danmörk |
|-------------------------------------|--|---|--|--|
| Þjónusta | | | | |
| Fæðingarorlof | Móðir á rétt á 4 vikum fyrir fæðingu og 30 vikum eftir, faðir á rétt á 4 vikum, en samanilagt eiga foreldrarinn rétt á 34 vikum. Greiðslur nema 100% af meðallaunum undangenginna 12 mánaða, þó að hámarki DKK 25.000. | Móðir á rétt á 2 vikum fyrir fæðingu og 15 vikum eftir fæðingu, faðir 3 vikum. Foreldrar geta skipt 17 vikum á milli sín að vild. Samanilagt eiga móðir og faðir því rétt á 37 vikna fæðingarorlofi. Ákvæði eru í sumum kjarasamningum, sem veita mæðrum rétt á fullum launum eða hluta þeirra. Aðrar mæður eiga rétt á fæðingardagpeningum, sem bæta upp tekjumissi á fæðingarorlofsímanum, frá 1. apríl 2008 að upphæð 78,70 DKK á tímum, að hámarki fyrir 40 stundir á viku. | Móðir fær þrjú mánuði, faðir fær þrjú mánuði og þremur mánuðum geta foreldrar skipt á milli sín að vild. Samtals hafa því foreldrar rétt á 9 mánaða orlofi. Fæðingarorlof getur hafist allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag og tóku þess má dreifa á 18 mánuði. Greiðslur nema 80% af meðallaunum, en verða þó aldrei hærrí en 300.000 ISK. Foreldrar hafa hvor um sig rétt til þriggja mánaða ólaunnaðs foreldraorlofs, sem taka má þar til barnið hefur náð átta ára aldri. | Móðir á rétt á 4 vikum fyrir fæðingu og 14 vikum eftir fæðingu. Síðan geta foreldrar skipt 32 vikum á milli sín að vild. Faðir á rétt á 2 vikum innan fyrstu 14 vikna eftir fæðingu. Samanilagt eiga móðir og faðir því rétt á 52 vikna fæðingarorlofi. Ákvæði eru í sumum kjarasamningum, sem veita mæðrum rétt á fullum launum eða hluta þeirra. Aðrar mæður eiga rétt á fæðingardagpeningum. Danskir foreldrar eiga einnig rétt á barnagæsluorlofi. |
| Barnabætur | Veittar sem skattfrádráttur þar til barnið nær 18 ára aldri. | Barnabætur eru tekjutengdar. Þær falla niður, séu árstekjur hærrí en 280.000 DKK (1. mars 2010). Veittar þar til barnið nær 18 ára aldri. | Barnabætur eru tekjutengdar og ákvarðaðar samkvæmt skattframtali. Þær eru greiddar þar til barnið hefur náð 18 ára aldri. | Greiddar öllum án tillits til tekna og þjóðfélagsstöðu. Upphæðin tekur mið af aldri barnsins. Veittar þar til barnið nær 18 ára aldri. |
| Viðbótar barnabætur | DKK 6.000 á barn á ári til einstæðra foreldra. | Engar | Foreldrar barna yngri en sjö ára fá greiddar viðbótar barnabætur, sem eru ekki tekjutengdar. Upphæðin er 61.191 ISK á ári. | Greiddar þeim foreldrum sem í raun eru einstæðir og barnið býr hjá. Foreldrar í námi fá einnig viðbótar barnabætur. |
| Meðlagsgreiðslur | Greioðla til þess foreldris, sem barnið býr hjá, frá hinu foreldrinu þar til barnið nær 18 ára aldri. DKK 1.046 á mánuði. | Greioðla til þess foreldris, sem barnið býr hjá, frá hinu foreldrinu þar til barnið nær 18 ára aldri. Almennur framfærslueyrir 6.000 DKK hálfárslega. Framfærslueyrir til móður í 2 mánuði 605 DKK á mánuði. Eingreiðsla vegna útgjalda við: Fæðingu 573 DKK, skírn 763 DKK, fermingu 3.033 DKK (1. mars 2010). | Meðlag greiðist til þess aðila, sem barnið býr hjá og stendur straum af framfærslu barnsins. Meðlagskyldan nær til 18 ára aldurs barns. Fjárhæð með einu barni er 21.657 ISK á mánuði. | Greioðla til þess foreldris, sem barnið býr hjá, frá hinu foreldrinu þar til barnið nær 18 ára aldri. Grunnmeðlagið er 1.036 DKK á mánuði. Hækkar í samræmi við tekjur meðlagsgreiðanda. |
| Húsaleigubætur | Engar. | Tekur mið af skattskyldum tekjum heimilisins og fjölda heimilisfæstra barna, svo og stærð hýbýlanna. Hámark húsaleigubóta á ári er 60.000 DKK á hvert heimili. Sveitarfélag ber 40% útgjalda vegna húsaleigubóta, en ríkissjóður Grænlands 60%. | Óskertar húsaleigubætur eru 13.500 ISK, á mánuði, að auki eru greiddar 14.000 ISK, miðað við eitt barn, auk 8.500 ISK, miðað við annað barn og 5.500 ISK miðað við þrjú barn. Tekið er tillit til fleiri þatta en bætur verða þó aldrei hærrí en 46.000 ISK á mánuði og aldrei hærrí en 50% af upphæð leigu. Skerðing getur orðið vegna eigna og tekna. | Tekur mið af tekjum heimilisins, stærð hýbýlanna, svo og framfærsluskýldu. Húsaleigubætur verða aldrei hærrí en 15% af upphæð leigu fyrir einstaklinga en geta orðið 25% ef 4 börn eða fleiri eru í heimili. |
| Niðurgreiðsla leikskólajalda | Á ábyrgð sveitarfélaganna. Gjald um það bil þriðjungur raunútgjalda og afsíltur vegna lágra tekna. | Á ábyrgð sveitarfélaganna. Foreldrar greiða sjálfir í samræmi við tekjur, en upphæðin er mismunandi eftir sveitarfélögum. Í Nuuk og Sermeerisooq greiða foreldrar með innan við 100.000 DKK árstekjur ekkert. Hæsta hlutfall (45%) raunkostnaðar greiða heimili með tekjur yfir 800.000 DKK. | Á ábyrgð sveitarfélaganna. Hluti foreldra er mismunandi eftir sveitarfélögum. | Á ábyrgð sveitarfélaganna. Hluti foreldra er mismunandi eftir sveitarfélögum. |

| Þjónusta | Færeyjar | Grænland | Ísland | Danmörk |
|--|---|---|--|--|
| Þjónusturýgging/ Framlag til gæslu eigin barna | Að öðru jöfnu engin. Við sérstakar aðstæður vegna skorts á dagvistunarráðgjöf, getur fjárhagsaðstoð komið til. | Engin. | Ekki er boðið uppá þjónusturýggingu í öllum sveitarfélögum. Í Reykjavík geta foreldrar barna á aldrinum 9–24 mánaða valið á milli þjónusturýggingar eða leikskóla/ dagforeldris. Þjónusturýggingin í Reykjavík er 20.000 ISK á mánuði fyrir hvert barn. | Sum sveitarfélög veita foreldrum framlög til gæslu eigin barna. Fyrirkomulagið getur verið ýmiss konar. |
| Launað leyfi vegna veikinda barna | 10 dagar á barn á ári, þó að hámarki 2 dagar vegna sómu veikinda. Samningsbundin ákvæði um gjaldskrá. | Fer eftir kjarsamningum viðkomandi stéttarfélags. Allir eiga rétt á fridegi á fyrsta degi veikinda barnsins. | Foreldrar geta átt rétt á launuðu leyfi vegna veikinda barna sinna yngri en 13 ára. Reglur eru breytilegar eftir kjarsamningum en algengt er að miðað sé við 12 daga á ári fyrir foreldri, óháð barnafjölda. | Fer eftir kjarsamningum viðkomandi stéttarfélags. Allir eiga rétt á fridegi á fyrsta degi veikinda barnsins. |
| Fjárhagsaðstoð | Tekju- og þarfatengd. Fjárhagsleg og efnisleg aðstoð, sem veitt er í samræmi við þarfir hvers og eins, þó ekki hærrí en hámarksdagpeningar eða -atvinnuleysisbætur. | Tekju- og þarfatengd. Fjárhagsleg og efnisleg aðstoð. Fjárhagsaðstoð hins opinbera til framfærslu og fastra útgjalda nemur að hámarki 65% lágmarkslauna ófaglærðra launþega. | Að jafnaði veitt sem styrkur til einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farþöð á aðstoðar. Getur numið allt að 95.325 ISK á mánuði til einstaklinga 18 ára og eldri, en allt að 152.000 ISK á mánuði til hjóna og fólks í skráðri sambúð. Fjárhagsaðstoð er skattskyld. | Fjárhagsaðstoð er skattskyld og skal að öðru jöfnu standa straum af öllum útgjöldum bótaþega. Greiddar eru 9.857 DKK á mánuði til einstaklinga og 13.096 til fyrirvinna. |
| Atvinnuleysisbætur | Skýldufjármögnun vinnuveitenda og launþega. Tekjutengdar, 80% launatekna, þó að hámarki DKK 20.000 á mánuði. | Veittar vegna tekjumissis af völdum atvinnuleysis eða sjúkdóma og slysa. Skattskyldar. Launþegi ávinnur sér bótarétt eftir 13 vikna samfellda atvinnu að lágmarki 182 klist. Bætur greiðast eftir föstum tímataxta, sem frá 2005 samsvarar 90% lágmarkslauna ófaglærðra launþega. | Þeir sem hafa áunnið sér tryggingarétt. Teklutengdar fyrstu þrjú mánuðina. Miðað er við 70% af meðaltali heildalauna. Hámark bóta er 220.729 ISK á mánuði. Eftir það eru greiddar grunnavinnuleysisbætur að upphæð 136.023 ISK á mánuði miðað við 100% starfshlutfall. | Aðilda að atvinnuleysisbótasjóði er forsenda bótaréttar. Bætur sem miðast við fulla vinnuviku eru 3.760 DKK. |
| Sjúkradagpeningar | Bætur til þeirra, sem ekki eiga rétt á launum við veikindi. Hámark DKK 3.830 á viku. | Sjá ofangreint. | Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa er misjafn eftir kjarsamningum og ræðst að jafnaði af lengd starfs tíma. Sjúkradagpeningar eru greiddir af ríkinu til fólks, sem er óvinnufært vegna veikinda sinna. Óskertir sjúkradagpeningar eru 1.140 ISK á dag, auk 312 ISK fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára alders. | Greiddir þeim, sem skráðir eru óvinnufærir vegna veikinda. Annað hvort beint til launþegans, eða til vinnuveitanda, greiðir hann laun við veikindi. 3.760 DKK á viku. |